



„ÉG VISSI AÐ MYNDRNAR YRÐU AÐ VERA STERKAR“
Mary Ellen Mark um sýninguna Undra-
börn í Þjóðminjasafninu

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. september 2007 – 244. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Undirbýr söngleik

Fimmtán ára athafnamaður undirbýr söngleik sem byggður er á kvikmyndinni High School Musical.



Leiklistin á hilluna

Guðlaug Elísabet ætlar að láta draum sinn rætast.

FÓLK 30



Hugrökk, fyndin og nauðsynleg

Veðramót, kvikmynd Guðnýjar Halldórsdóttur, gagnrýnd.

MENNING 21


Bæði liðin áfram

Karla- og kvennalið Stjórnunar í handboltanum komust áfram í Evrópukeppninni í gær.

ÍPRÓTTIR 24




VEÐRIÐ Í DAG



DREGUR ÚR VÆTU - Í dag verða norðvestan 10-15 m/s austan til, annars mun hægari átt. Rigning norðan til og smá skúrir vestan til og austan. Léttir til suðaustanlands. Úrkomulítið síðdegis. Hiti 7-13 stig, hlýjast sunnan til.

Sunnudagar

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007

Heimild greiningardeildar sögð brjóta gegn stjórnarskrá

Söfnun persónuupplýsinga hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra á sér ekki lagastoð og brýtur gegn stjórnarskrá segir hæstaréttarlögmaður. Gagnagrunnur ríkislögreglustjóra byggir einnig á hæpnum lagagrunni.

LÖGREGLUMÁL Söfnun og meðferð upplýsinga hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra byggir á almennt orðuðu reglugerðar-ákvæði og á sér ekki lagastoð. Þetta er skýrt brot á stjórnarskrá landsins og mannréttindasáttmála Evrópu, segir Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður.

Hann telur auk þess heimild ríkislögreglustjóra til að halda gagnagrunn um einstaklinga, fyrirtæki og aðra sem tengist fíkniefnamál-

um, barnaklámi, hryðjuverkum, mansali og fleiru, byggja á mjög hæpnum lagagrunni og vel sé mögulegt að þar sé einnig brotið gegn stjórnarskrárvörðum rétti til friðhelgi einkalífs.

Bæði þessi atriði byggja á nýlegum reglugerðum frá dómsmálaráðuneytinu. Reglugerð um greiningardeild tók gildi í maí síðastliðnum, en heimild ríkislögreglustjóra til að halda sérstakan gagnagrunn kom ný inn í eldri reglugerð árið 2004.

„Ég fæ ekki séð að upplýsinga-söfnun greiningardeildar ríkislögreglustjóra sé í samræmi við lög. Hún brýtur þar að auki gegn mannréttindum þeirra sem í hlut eiga og þar með 71. grein stjórnarskrárinnar,“ segir Jóhannes Rúnar.

„Ég legg í sjálfu sér ekki mat á það hvort það sé þörf á þessari starfsemi. Sjálfum finnst mér að það geti vel verið lögmætt markmið að safna upplýsingum af þessu tagi, eins og reynslan hefur

sýnt í nágrannalöndunum. Mín gagnrýni lýtur eingöngu að því að það skorti lagaheimild fyrir þessari starfsemi,“ segir Jóhannes Rúnar.

Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins, vildi í gær ekki svara spurningum um málið án þess að kanna það nánar. Ekki náðist í ríkislögreglustjóra, aðstoðarríkislögreglustjóra eða dómsmálaráðherra vegna málsins í gær.

- bj / sjá síðu 4



JAFNTEFLI Leik Íslendinga og Spánverja í undankeppni EM í knattspyrnu lauk með jafntefli í gærkvöldi. Emil Hallfreðsson skoraði mark Íslendinga í leiknum en hann á hér í höggi við varnarmann spænska landsliðsins, Sergio Ramos. FRÉTTABLAÐIÐ / EYVÖR

Íslendingar gegn Spánverjum: Jafntefli á Laugardalsvelli

ÍPRÓTTIR Íslendingar og Spánverjar skildu jafnir eftir leik liðanna í undankeppni EM í fótbolta á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Staðan var eitt mark gegn einu í leiklok.

Íslendingar léku betur í fyrri hálfleik og á fertugustu mínútu leiksins skoraði Emil Hallfreðsson fyrsta mark leiksins með glæsilegum skalla. Í seinni hálfleik sóttu Spánverjar af krafti og á síðustu mínútum leiksins slapp Andrés Iniesta inn fyrir vörnina og jafnaði metin.

Íslendingar voru manni fleiri mestan leiktímann en Spánverjinn Xabi Alonso var rekinn af velli á níttjándu mínútu.

Spánverjar eru í þriðja sæti riðilsins eftir leikinn en aðeins tvö efstu liðin fá þátttökurétt í Evrópumeistaramótinu á næsta ári. Íslendingar eru í næst neðsta sæti riðilsins, einu stigi fyrir ofan Liechtenstein.

Á miðvikudag mæta Íslendingar Norður-Írum í Laugardalnum.

- þo / sjá síðu 26

Hert eftirlit lögreglu í miðborginni:

Skemmtistöðum sem brjóta lög verður lokað

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók á fjórða tug manna aðfararnótt laugardags. Tuttugu þeirra voru handteknir í miðborginni vegna brota gegn lögreglusamþykkt. Til dæmis fyrir að kasta af sér vatni á almanna færi, brjóta flöskur og sýna aðra ósæmilega hegðun. Það sem af er þessu ári hafa 200 manns verið handteknir vegna slíkra brota en í fyrra voru brotin aðeins 60.

„Þetta undirstrikar að það er verið að taka á þessum málum með skipulegri hætti en áður,“ segir Stefán Eiríksson lögreglu-

stjóri sem stóð vaktina í miðborginni í fyrrinótt - fyrstu nóttina þar sem sersveitarmenn ríkislögreglustjóra taka þátt í eftirliti.

Stefán segir að almenningur hafi tekið sýnileika lögreglunnar vel og boðar hertar aðgerðir í miðborginni. Hann segir of mikið um að skemmtistaðir leyfi gestum sínum að bera út áfengi í hvers kyns ílátum en það er brot á áfengislögum. Stefán segir að lögreglan hafi fulla lagaheimild til að loka skemmtistöðum sem brjóta þessar reglur ítrekað.

- jss / - þo / sjá síðu 6


Nýr þáttur í Fréttablaðinu:

Svandís og Illugi takast á

UMRÆÐA Nýr þáttur hefur göngu sína á leiðarsíðu Fréttablaðsins í dag sem verður á dagskrá alla sunnudaga. Í honum reifa Illugi Gunnarsson alþingismaður og Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi skoðanir sínar á málum sem þau telja rétt að taka til umræðu. Skiptast þau á að varpa fram spurningu um viðkomandi mál og svara bæði.

Illugi ríður á vaðið og spyr: Á Orkuveita Reykjavíkur að vera hlutafélag? Illugi er jákvæður gagnvart hlutafélagavæðingu en telur að um leið eigi að skipta félaginu milli almannaþjónustu og samkeppnisreksturs. Svandís telur betra að Orkuveitan verði áfram sameign.


- bs / sjá síðu 8.



Taktu þátt

Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð





Hefur þú auga fyrir góðri hönnun?

Fegurð, notagildi og gæði. Þessi þrjú orð lýsa því sem felst í velheppnaðri hönnun og þau eiga vel við Audi A3 þar sem saman kemur áratugagömul hefð fyrir hönnun, framúrskarandi handverki og tæknilegum yfirburðum. Audi A3 er lipur, þægilegur og á heimavelli jafnt innanbæjar sem utan.


Komdu til okkar í HEKLU og reynsluaktu Audi A3.

A3 Sportback kostar frá 27.525 kr. á mánuði

miðað við 30% útborgun og lán til 84 mánaða. Verð frá 2.750.000 kr.



ÖLL BÖRN ÞURFA STUÐNING TIL AÐ GETA BLÓMSTRAF



ÖLL BÖRN ÞURFA



GLITNIR STYRKIR VERKEFNIÐ *UNDRABÖRN*

Menningarsjóður Glitnis styrkir verkefni Þjóðminjasafns Íslands, *Undrabörn, líf og starf fatlaðra barna á Íslandi*. Ljósmyndarinn Mary Ellen Mark og kvikmyndagerðarmaðurinn Martin Bell fylgdust með fötluðum börnum á Íslandi við leik og störf haustið 2006. Afraksturinn er heimildarkvikmynd og ljósmyndasýning sem opnuð verður í Þjóðminjasafninu í dag, 9. september. Sýningin er sett upp í samstarfi við skólana, foreldrana og börnin sjálf.

Nánari upplýsingar um sýninguna er að finna á www.thjodminjasafn.is.

GLITNIR

SÉRVEITIN Í MIÐBÆNUM



ÖFLUG GÆSLA Lögreglan er ánægð með árangur herts eftirlits í miðborginni. Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir of algengt að skemmtistaðir virði ekki áfengis- lög og hleypi gestum sínum út með glöfs sín. Hann segir að harðar verði tekið á þeim málum nú. Á myndinni efst til vinstri má sjá Jón H.B. Snorrason og Hörð Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóra og baksvipinn á Stefáni Eiríkssyni, en þeir voru í hópi þeirra sem stóðu vaktina í miðborginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aukinni löggæslu vel tekið

Tuttugu einstaklingar voru sektaðir fyrir brot á lögreglusamþykkt í miðborginni í fyrrinótt. Slíkar sektir voru 60 talsins allt árið í fyrra. Lögreglustjóri segir of marga skemmtistaði brjóta áfengis- lög.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun loka þeim skemmtistöðum sem leyfa ítrekað gestum sínum að bera út áfengi í hvers kyns ílátum, þar sem það er brot á áfengislögum. Þetta segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir heimildir til laga um þessi efni skýrar og góðar og lögreglan hafi fullan stuðning dómsmálaráðuneytis til slíkra aðgerða.

Lögreglustjóri gekk vakt með lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu og úr sérsvæit ríkislögreglustjóra fram á fimmta tímann í fyrrinótt. Hann segir almenning í miðborginni hafa tekið verulega aukinni og sýnilegri löggæslu mjög vel. Hins vegar hafi talsvert borið á ölvuðu fólki og rusli á götum um nóttina. Betri bragur í miðborginni snúi ekki einungis að hertri löggæslu, heldur þrifum þar, veitingastöðum og fleiri atriðum.

„En við tökum á þessum brotum,“ segir lögreglustjóri og minnir á tilraunaverkefni sem verið hefur í gangi í sumar, þar sem lögfræðingur er til staðar að næturlagi um

helgar og gengur frá lögreglustjórarátt við þá sem brotið hafa minni háttar gegn lögreglusamþykkt. Viðkomandi þarf þá að greiða sekt að lágmarki tíu þúsund krónur.

„Ég var að fá tölur um fjölda brota gegn lögreglusamþykkt þad sem af er þessu ári. Nú eru þau orðin 200 talsins en voru 60 í fyrra,“ segir Stefán. „Bara í fyrrinótt tók lögreglan 20 manns sem voru sektaðir, sem er þriðjungur fjöldans á öllu síðasta ári. Þetta undirstrikar að það er verið að taka á þessum málum með skipulegri hætti heldur en áður.“

Lögreglustjóri nefnir sem dæmi um slíkt brot að ung stúlka sást henda frá sér kókdós í götuna í fyrrinótt.

„Þetta gerði stúlkan á röngum stað, á röngum tíma og fyrir framan ranga menn,“ bætir hann við. „Hún tók afskiptum lögreglu mjög vel, en þetta kostaði hana tíu þúsund krónur.“

„Lögreglan var mjög öflug og við byrjuðum fljótlega eftir miðnætti að taka þá sem voru til óþurftar,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn sem einnig gekk vaktina í fyrrinótt. „Fólk sá að það komst ekki upp með neitt. Dyraverðir á veitingastöðum sögðu okkur að það væri allt annar bragur í miðborginni nú heldur en oft áður um helg-

ar. Og svona verður þetta þar til búið verður að koma skikki á hlutina í borginni.“

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri var einnig á vaktinni aðfararnótt laugardagsins. „Ástandið var svipað og verið hefur í sumar. Meginþorri fólks hagar sér vel en það er viss hópur sem er með dólglæti og hann virðist fara stækkandi,“ segir Hörður. Hann segir virðingarleysi fólks gangvart sjálfu sér og umhverfinu áberandi og undrast að sjá ungar stúlkur girða niður um sig á fjölförnum götum í miðborginni til þess að pissa á gangstéttarnar.

Flestir þeirra tuttugu einstaklinga sem handteknir voru fyrir brot á lögreglusamþykkt gerðust einmitt sekir um að kasta af sér vatni á almannafæri og einn þeirra var svo ósvífinn að miga á miðju Lækjartorgi. Þá var piltur handtekinn fyrir að reyna að stela lögregluhúfu Harðar. „Hann var mikið ölvuður og fann sér skemmtun í því að hlaupa aftan að mér og kippa af mér pottlokinu,“ segir Hörður og bætir því við að það sé ekki óalgengt að lögreglumenn verði fyrir slíku aðkasti í miðborginni.

jss@frettabladid.is
thorgunnur@frettabladid.is

Á fjórða tug handteknir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók á fjórða tug einstaklinga á föstudagskvöld og aðfararnótt laugardags. Fjórtán gistu fanga- geymslur lögreglunnar.

- Fjórir vegna fikniefnamáls í Vesturbænum.
- Tveir vegna líkamsárásar við skemmtistaðinn Broadway.
- Einn vegna innbrots.
- Þrjú vegna ölvunaraksturs.
- Tveir vegna ölvunar og annarra veikinda.
- Tveir vegna brota á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar.

Alls voru um 20 einstaklingar handteknir í miðborginni vegna minniháttar brota á lögreglusamþykkt. Þeir voru færðir á lögreglustöð þar sem þeir undirgengust sektarvið- urkenningu og þurfa flestir að greiða um 10 þúsund krónur í sekt. Flestir voru handteknir fyrir að brjóta flöskur eða kasta frá sér hlutum en einnig fyrir að kasta af sér vatni á almannafæri.

Í umferðinni voru sex öikumenn handteknir vegna ölvunaraksturs og þurftu tveir þeirra að gista fangaeymslur.

Þá leitaði lögreglan manna vegna þriggja líkamsárása. Ráðist var á tvo menn fyrir utan skemmtistaðinn Amsterdam og hlutu þeir nokkra áverka en ársarmennirnir komust undan. Tveir voru handteknir vegna líkamsár- ásar við Broadway en þriðji ársarmaðurinn hljóp af vettvangi. Þar var golfkyllum og piparúða beitt. Þá fannst maður liggjandi í roti fyrir utan skemmtistaðinn Dubliners en sá sem hafði veitt honum áverkana var á bak og burt.

VIÐ OPNUM LEIÐ TIL STARFSFRAMA Í UPPLÝSINGATÆKNI



Kerfisstjórnun eða MCSA er vottun fyrir kerfisstjóra netkerfa. Í náminu verður farið í uppsetningu netkerfa, netþjóna og öryggisatriði þeirra.

Nemendur í kerfisstjórnun eru allt frá byrjendum til starfandi kerfis- stjóra sem vilja ná sér í aukna þekkingu og öðlast þessa eftirsóttu gráðu. Námið er hægt að stunda í fjarkennslu.

Skráning er hafin. Nánari upplýsingar í síma 511 3080 og á www.isoft.is. Námið hefst 10. september.

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

iSoft



pp Pianissimo* }

Einkenni góðrar hljómsveitar er geta leikið jafnt á hæsta styrk sem ofurhljótt. Það er FL Group mikill heiður að vera aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem býður magnaða og margbrotna tónlistarupplifun í allan vetur.

* Styrkleikatákn í tónlist: Mjög lágt.

Bahamas eða Viðey?


Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%***.

Enginn annar íslenskur peningamarkaðssjóður náði yfir 15% á sama tímabili*.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á spronverdbref.is



75 ára

 **spron**

VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

**LEIKARINN HUGH GRANT FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1960**

„Mér er ekki tiltakanlega gefið um smábörn. Ég hef svosem ekkert á móti þeim í fjórar mínútur, en það er mitt hámarks þol. Eftir það fæ ég ekki skilið um hvað fjaðrafok-
ið snýst.“

Breski leikarinn Hugh Grant er kunnur fyrir klaufalega, hjartahljá og stamandi karaktera. Hann öðlaðist heimsfrægð eftir leik sinn í Four Weddings and a Funeral (1994). Í einkalífínu hefur hann lent í ýmsum vandræðagangi sjálfur, en er ástríðufullur listaverkasafnari og golfáhugamaður. Hugh er 47 ára í dag.



tímamót

tímamót@frettabladid.is

AFMÆLI



Eyþór Gunnarsson tónlistarmaður er 46 ára í dag.



Örnólfur Thoriácius, fyrrverandi rektor, er 76 ára í dag.



Margrét Kaaber leikkona er 31 árs í dag.



Þorri Hringsson vinunnandi er 41 árs í dag.

Nýr dansskóli

Ragnar Sverrisson og Kristín Inga Arnarsdóttir hafa opnað nýjan dansskóla, Dansskóla Ragnars, að Bildshöfða 18 í Reykjavík, við hliðina á Húsgagnahöllinni.

Boðið er upp á almenna samkvæmisdansa, barnadansa, línudansa, salsa, brúðarvals, freestyle-dansa og fleira í skólanum, þannig að þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Sérstaka athygli vekur að þar er boðið upp á námskeið sem kallast Foreldrar og börn, þar sem foreldrar læra að dansa við börnin sín á aldrinum 2-3 ára. Foreldrar læra þá dansa sem barnið lærir og geta dansað við þau heima í stofu. Hægt er að afla sér frekari upplýsingar um skólann, þar sem saga hans er meðal annars rakin og þau námskeið sem þar eru í boði inni á heimasíðunni

www.dansskoliragnars.is.

Þar er einnig að finna verðskrá, stundatöflu, dansvörur svo fátt sé nefnt.

Hægt er að hafa samband annað hvort með því að hringja í síma 586-2600 eða með því að senda tölvupóst á dansskoli@dansskoliragnars.is



Blessi ykkur allt það góða á lífsins vegi, sem gáfuð okkur styrk, einlæga samúð og heiðruðuð minningu eiginmanns míns,

Jóns Þóris Einarssonar sjómanns, Vesturbergi 28.

Hjúkrunarfélagi á deild 11-E Landspítala og L-5 Landakoti þökkum við af hjarta ykkar kærleiksríku hjálp.

Guðbjörg Jóna Sigurðardóttir systkini og aðrir ástvinir.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbjörg Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

PETTA GERÐIST: 9. SEPTEMBER 1543

Mary Stuart krýnd drottning

Það var á þessum degi árið 1543 sem hin ný mánaða María Stuart var opinberlega krýnd drottning af Skotlandi í kapelli Stirling-kastala. Hún fæddist 7. desember 1542, en í stjórntíð Róberts annars af Skotlandi hafði verið staðfest að krúnuna gætu aðeins karlmenn í ættinni erfð, nema þeir væru útdauðir. Því taldi James fimmti víst að fæðing dóttur sinnar markaði endalok Stuart-ættarinnar á konungstóli, en það var vegna Maríu sem ættin fékk yfirráð og ríkti bæði yfir Skotlandi og Englandi.

María var ekki nema sex daga gömul þegar faðir hennar lést úr kóleru og hún varð drottning. Krýningin var umtöluð í Evrópu enda einstök í sinni ríði vegna þess að drottningin var enn kornabarn. Hún var íklædd fagurrauðum flauel-



smöttli með loðermum og steinum skreyttum satínkjól. Livings-tone lávarður hélt við Maríu í hásetinu svo hún ylti ekki um koll og út á gólf. Sökum dragsúgs í kapellunni brast litla barnið í grát meðan það var smurt vígðri oliu um leið og krýningareiðurinn var lesinn. Jarlinn af Lennox kom aðvífandi með veldissprota og kom honum fyrir í hönd ungbarnsins

um leið og kardinálinn framkvæmdi athöfn með þriggja feti sverði við órsmáan kroppinn. Að því loknu tyllti kardinálinn kórónu á höfuð Maríu þar sem hún rétt tollði á flauelshring. Í lok athafnar var líkama barnsins haldið uppréttum meðan jarlar af Lennox og Arran kysstu kinnar Maríu af drottins hollustu, og prelátar og aðalsmenn hneigðu sig fyrir hinni nýkrýndu drottningu.

GUÐMUNDUR P. DAVÍÐSSON: ER NÝR FORSTJÓRI EIMSKIPS Á ÍSLANDI

Til þjónustu reiðubúinn

Á föstudag var fyrsti vinnudagur Guðmundar P. Davíðssonar í forstjórastóli Eimskips á Íslandi og leggst nýja starfið vel í Guðmund.

„Ég hlakka til að takast á við þetta verkefni og fjölskyldan er sátt. Hún veit að ég hef gaman að störfum við flutninga og að Eimskip er öflugt og gott félag með góðu starfsfólki,“ segir Guðmundur, með fjórtán ára bakgrunn í flutningastarfsemi hjá Samskipum.

„Ég vann lengst af sem stjórnandi hjá einum keppinauta Eimskips og byggði upp erlendu starfsemi Samskipa í Rotterdam. Þaðan fór ég til SÍF þar sem ég var fyrst yfir rekstrarsviði þeirra á Íslandi en síðar framkvæmdastjóri í Frakklandi og hafði samskipti við bæði íslensku skipafélöggin, en síðustu fjögur ár hef ég starfað hjá Landsbankanum,“ segir Guðmundur sem í apríl hóf verkefnavinnu fyrir fjárfestingarfélögin Gretti og Hansa, í eigu Björgólfsfeoga, en Grettir á 34 prósent hlut í Eimskipi.

„Ég komst að því hve gaman mér þótti af þessu starfi sem ég þekki svo vel þegar ég fór að velta fyrir mér þeim möguleika að fara aftur í flutninga. Ég tel mig hafa góðan grunn til að veita Eimskipi og íslenskum viðskiptavinum þess þann styrk sem þarf til að takast á við úrvals þjónustu,“ segir Guðmundur, sem ól ekki með sér draum um skip og skipstjórn í bernsku.

„Ég er enginn sérfræðingur í skipum og sá þetta nú ekki fyrir mér. Eimskip er orðið 93 ára og skilgreinir sig ekki lengur sem skipafélag heldur flutningafyrirtæki sem flytur vörur yfir haf, sinnir vörudreifingu, innanlandsflutningum, geymslum og vöruhótelum, ásamt flutningum og vörudreifingu á meginlandinu. Uppistaða starfseminnar er því samskipti við viðskiptavini og að láta allt ganga eftir áætlun,“ segir Guðmundur, sem nýtur þess að leysa dagleg verkefni og vandamál sem tengjast flutningum og þjónustu.

„Það sem breytist með minni aðkomu að félaginu er að Eimskip vill setja Ísland í meiri brennidepil. Eimskip hefur vaxið gríðarlega og veltan tífaldast á síðustu þremur árum. Starfsmenn voru þá um 1.200 en eru nú 14.500 í yfir þrjátíu löndum. Íslenski markaðurinn er mjög mikilvægur. Hér er grunnurinn okkar; hér byrjuðum við og viljum að viðskiptamenn heima hafi þá sýn að stjórnendur einbeiti sér að því sem hér gerist,“ segir Guðmundur og bætir við að hann hafi ekki fyrirfram ákveðnar áherslur á sínum fyrsta degi.

„Í flutningum þarf að takast á við sýbrætilegan heim. Það sem er í dag er ekki endilega á morgun. Við þurfum að fylgja þróun og Íslendingar eru hraðhugsandi, óþolinmóðir og vilja fá allt í gær. Það er auðvitað góft að taka aftur upp strandflutninga, en það tekur viku að sigla hringinn í kringum landið á meðan það tekur fimm tíma að koma vöru beint úr skipi í Reykjavík til Akureyrar. Víst eru vegir landsins ekki að valda þessum þungaflutningum, en í því samhengi mætti laga vegakerfið til samræmis við breytta heimsmynd. Við erum í viðskiptum til að þéna peninga og þurfum alltaf að veita og meta hvað er best fyrir þau viðskipti,“ segir Guðmundur sem nú er orðinn forstjóri þúsund manna starfsliðs.

„Það verður kannski erfitt að vera í persónulegum samskiptum við alla, en okkar starfsfólki þarf að finnast það



GUÐMUNDUR P. DAVÍÐSSON Forstjóri Eimskips á Íslandi á golfvellinum, en fyrsta vinnudag sinn mætti Guðmundur ýmsum viðskiptamönnum í golfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vera hluti af sömu heild þar sem allir eru á leið í sömu átt til að uppfylla sömu markmið. Allir eru jafn mikilvægir í þeirri keðju en forstjóri er sá sem reynir að hafa sýnina skýra svo ferðalagið sé ljóst,“ segir Guðmundur, og finnst erfitt að dæma sjálfan sig sem yfirmann.

„Fólk hefur oft skoðun á sjálfu sér, og svo eru aðrir sem sjá mann. Ég verð að láta verkin tala og heiminn dæma. Forstjóri þarf að vera alþýðlegur, sýnilegur og taka þátt í því sem lið hans er að fást við,“ segir Guðmundur, sem gleðst yfir því að taka þátt í störfum hérlendis eftir átutuga starf í útlöndum.

„Í tíu ár er ég búinn að lifa og starfa í Hollandi, Þýskalandi og Frakklandi, en hvað mig varðar er Ísland besta landið til að búa á. Hér er stutt í allar áttir; hér er mín þjóð og mín tunga. Ég er búinn að fara í víking og er kominn heim. Hér líður mér best.“

thordis@frettabladid.is

Fegurstu mannvirki Vestmannaeyja fá umhverfisviðurkenningar

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyja og Rótaryklúbbur Vestmannaeyja veittu þrjár umhverfisviðurkenningar á Kaffi Kró á fimmtudag.

Snyrtilegasta húsið í bænum var valið Hólagata 35, sem er í eigu og umsjón Ingibjargar Ólafsdóttur og Sigurðar P. Ögundssonar.


Meðal fyrirtækja og stofnana á Heimaey var Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum verðlaunaður. Þá var snyrtilegasta gata bæjarins valin og varð Sóleyjargata hlutskörpust.

Þetta árið var ákveðið að veita ekki verðlaun fyrir bestu endurbætur á húsi eða stofnun þrátt fyrir að mikið hafi verið gert í því að endurbæta mannvirki í Vestmannaeyjum í ár.

Það var Gunnlaugur Grettisson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyjabæjar sem afhenti vinningshöfum verðlaunin.



VIÐ HÖFNINA Vinningshafar stilla sér stoltir upp fyrir utan kaffi kró eftir verðlaunaafhendinguna á föstudag.



TAX FREE

DAGAR

Dagana 8.-9. september
afnenum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa tvo daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 9. september 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ég vil snerta við fólk

Í dag verður sýningin Undrabörn/Extraordinary Child með myndum hins heimsþekhta bandaríska ljósmyndara Mary Ellen Mark opnuð í Þjóðminjasafninu. Ljósmyndirnar sýna veruleika fatlaðra barna á Íslandi í dag. *Anna Margrét Björnsson* skoðaði sýninguna ásamt **Mary Ellen Mark** og ræddi við hana um verkefnið.

A Kaffitári í Þjóðminjasafninu situr ljósmyndarinn heimsfrægi, Mary Ellen Mark að spjalli við eiginmann sinn Martin Bell og Einar Fal, ljósmyndara og myndstjóra Morgunblaðsins. Mary Ellen er auðþekktanleg strax í fjarska. Hún er lágvaxin og lítur út eins og indíánakona. Hár hennar er bundið í tvær svartar fléttur og hún er klædd þjóðlegum fötum. Á úlniðunum ber hún hrúgur af allskyns dularfullum armböndum. Þegar ég kynni mig sprettur hún upp frá salatdisknum sínum og heilsar innilega með handabandi. Hún leiðir mig inn í sýningarsalinn. Mary Ellen Mark, sem er nærri sjötug að aldri, hefur nokkrum sinnum heimsótt Ísland og hefur tvisvar sýnt verk sín á Kjarvalstöðum. Ég spyr hana hvers vegna hún hafi haft áhuga á að mynda fötluð börn á Íslandi. „Það er dásamlegt að hafa getað verið hluti af þessu verkefni. Algerlega frábært,“ segir hún og ljómar. „Þetta byrjaði allt með því að Einar Falur hjálpaði mér til þess að fá að eyða einum degi í Öskjuhlíðarskóla til að mynda börnin. Fyrirgefðu, hvernig berðu þetta aftur fram? Öskjuhlíðarskóli? Var þetta rétt hjá mér?“

Að sýna það sem oft er hulið

Mary Ellen útskýrir að í kjölfarið hafi hún fylgst með fötluðum krökkum í Safamýrarskóla, á Lyngási og í Öskjuhlíðarskóla í heilan mánuð og myndað þau fyrir þessa stóru sýningu sem nú er að opna í safninu. „Fyrsta daginn sem ég myndaði í Öskjuhlíðarskóla heillaðist ég af þessum fallega og sérstaka dreng sem heitir Alexander og tók margar myndir af honum. Síðar á ferð minni til Íslands hitti ég móður hans Steinunni (Sigurðardóttir, fatahönnuð) undir allt öðrum kringumstæðum og var að lýsa þessum dreng fyrir henni. „Þetta er strákurinn minn,“ sagði hún stolt. Hugsaðu þér hvað það var mikil tilviljun? Og svo fannst Margrét (Hallgrímsdóttir, þjóðminjaverði) það frábær hugmynd að halda sýningu um þessi börn.“ Ferill Mary Ellen Mark er afar fjölbreyttur en meðal þekktustu myndefna hennar eru sirkusar á Indlandi, heimilislausir unglingar í Seattle, geðdeild kvenna í Oregon, líknarstofnun móður Teresu í Kolkata og vændiskonur í

Bombay. „Það má segja að ég hafi unnið mikið með fötlun. Bæði með myndum mínum í Kolkata og svo hef ég líka myndað blind börn fyrir tímarit. Að þessu leyti er verkefnið tengt því sem ég hef verið að fást við, að sýna það sem oft er hulið almenningi. En kerfið hér á Íslandi er svo miklu betra en í Bandaríkjunum. Þar þarftu að borga hundrað þúsund dollara til þess að koma fötluðu barni í sérskóla. Ef þú ert fátækur og fatlaður í Bandaríkjunum áttu ekki séns í lífinu.“ Hún verður þögul um stund. „Sjáðu þessa stúlku,“ segir hún svo og bendir brosandí á mynd af ungru stúlku. „Ég elska þessa stelpu. Hún er svo sæt.“

Fullt af ást og hlýju

Í Öskjuhlíðarskóla eru þroskaheft og fjölfötluð börn á grunnskólaaldri en í Safamýrarskóla eru krakkar sem eiga við sérlega alvarlega fötlun að stríða. „Það er svo mikilvægt að til séu svona sérstakir skólar fyrir sérstök börn í stað þess að setja þau í almenna skóla. Og þrátt fyrir að aðstæður séu ekki kjörnar í skólunum þá er starfsfólkið alveg dásamlegt. Það er bæði afskaplega fagmannlegt en líka svo tengt inn á tilfinningasvið barnanna. Börnin eru virt fyrir það sem þau eru og allir eru fullir af ást og hlýju. Börn með mismunandi fötlun eru saman í skólanum. Alexander til dæmis er mjög fatlaður en hann getur þó komið sér áfram í hjólastól. Hann er í Öskjuhlíðarskóla og það er gott fyrir hann að vera þar og vera líka með minna fötluðum börnum. Hann lærir af þeim. Ég varð mjög hænd að þessum börnum, mér þykir vænt um þau. Sérstaklega Alexander en það er vegna þess að ég þekki hann best þeirra allra. Hann er svo sterkur karakter. Hann er gömul sál. Við erum í miklu sambandi og við mamma hans erum vin-konur.“ Hún tekur í handlegginn á mér. „Ertu búin að sjá myndina um hann? Þú verður að sjá myndina! Hún er frábær.“ Eiginmaður Mary Ellen Mark er hinn þekkti kvikmyndaleikstjóri Martin Bell en hann gerði heimildarmynd um líf Alexanders í fyrra sem einnig er sýnd í Þjóðminjasafninu. Þar að auki eru sýndar myndir Ívars Brynjólfssonar en hann fangar umhverfi barnanna í innanhússljósmyndum af skólunum. Mary Ellen segist vona að sýningin vekji fólk til umhugsunar um börnin, líf þeirra og aðstöðu, en næst fara ljós-



ÁHRIFAMESTI KVENLJÓSMYNDARI SAMTÍMANS „Ég var að reyna að sýna allar hlíðar litrófsins. Gleði og sorg,“ segir Mary Ellen Mark.

myndirnar á sýningu í New York og svo til Skandinavíu. Mary Ellen Mark þykir áhrifamesti kvenljósmyndari samtímans og ég spyr hana hvers vegna hún haldi að myndir hennar hreyfi svona við fólk. Hún verður er frábær. „Eiginmaður Mary Ellen Mark er hinn þekkti kvikmyndaleikstjóri Martin Bell en hann gerði heimildarmynd um líf Alexanders í fyrra sem einnig er sýnd í Þjóðminjasafninu. Þar að auki eru sýndar myndir Ívars Brynjólfssonar en hann fangar umhverfi barnanna í innanhússljósmyndum af skólunum. Mary Ellen segist vona að sýningin vekji fólk til umhugsunar um börnin, líf þeirra og aðstöðu, en næst fara ljós-

Vissi að myndirnar yrðu að vera sterkar

„Fötlun snertir svo marga. Það hefði verið ómögulegt í flestum tilfellum þessara barna að vita að nokkuð

hefði verið að þeim í móðurkviði,“ segir Mary Ellen. „En ég fann sterkt fyrir því að það er einhver dýpri tilgangur með lífi þessara barna. Þau eru svo einstök og falleg.“ Ég stöðvast við mynd af tveimur börnum. Annað er í pollagalla og virðist vera um sex ára gamalt og er að keyra mun eldra barn um skólalóðina í hjólastól. Vínáttan og samhugurinn skína svo sterkt úr myndinni að ég get ekki orða bundist. „Já, ég veit, þetta er það sem er svo sterkt í þessum skólum. Krakkarirnir eiga svo góða vini. Þau eru öll svo ólík en mynda svo sterk bønd. En sjáðu þessa stúlku.“ Hún bendir á mynd af lítilli stelpu sem öskrar af hræðilegri angist, ein úti á skólalóð.



ég fann sterkt fyrir því að það er einhver dýpri tilgangur með lífi þessara barna. Þau eru svo einstök og falleg.

→ ALEXANDER

Steinunn Sigurðardóttir er móðir Alexanders Pálssonar, tólf ára nemandi í Öskjuhlíðarskóla. Alexander er er á mörgum



mynda Mary Ellen Mark á sýningunni og var viðfangsefni Martins Bell í heimildarmyndinni „Alexander“.

„Þessi sýning er ákaflega mikilvæg fyrir foreldra fatlaðra barna, og í raun alveg einstök. Myndir Mary Ellen Mark og kvikmyndin hans Martin Bells sýna okkur hvað þessi börn eru falleg og gleðin og kímnin sem skín í gegn á þessum myndum, nær að sýna umheiminum hvernig við sem þekkjum þau, upplifum þau. Þessi börn gefa mikið af sér og þó sum séu mikið fötluð hafa þau sterkan karakter þó þau tjái sig ekki með orðum.“

„Hún er einhverf. En sjáðu svo þessa mynd af henni.“ Nú bendir hún á sömu stúlku sem liggur kyrrlát eins og engill og starir út í loftið. „Hér er hún, föst í sínum innri heimi.“ Margar myndanna eru teknar í sundlauginni í Safamýrarskóla en þar njóta þau sín einna best segir Mary Ellen. „Þar eru þau frjálsari. Sjáðu þetta er Karolis. Hann er skellihlægjandi. Hann elskar vatnið. Og sjáðu þessa stúlku. Hún er svo fögur, svo rómantísk. Hún getur hvorki talað né gengið. Og sjáðu, hér er lítill drengur með heilalömun. Hann er hlægjandi í vatninu. Og þetta er Eyjólfur. Hann er einhverfur og er að fela sig inni í teppi.“ Við þegjum stutta stund. Svo segir hún alvarleg í bragði. „Veistu, ég vissi að myndirnar yrðu að vera sterkar. Þetta var mjög erfitt en þetta var það sem þurfti að gera. Ég var að reyna að sýna allar hlíðar litrófsins. Gleði og sorg. Ég er svo hamingjusöm að mér var falið þetta verkefni og að njóta þeirrar gæfu að kynna þessum yndislegu mannverum.“

Sýningin Undrabörn stendur til 27. janúar og vegleg ljósmyndabók með sama heiti er komin út.



LÁRA LILJA FLJÓTANDI Safamýrarskóli. Reykjavík 2006



JÖKULL ÚTI Á LEIKVELLI Á KÖLDUM DEGI Öskjuhlíðarskóli, Reykjavík 2006.



KRISTÍN VEIFAR TIL MÍN Á KÖLDUM DEGI Öskjuhlíðarskóli, Reykjavík 2006.

MAX

RAFTÆKI

1.889 kr.

Stella í orlofi
Loksins á DVD
AÐEINS Í MAX



Gítarpakki

28.989 kr.

- Alvöru rafmagnsgítar
- Marshalli nemar (pick-up)
- 15w Marshall magnari
- Snúrur og gítaról
- Gítartaska
- Gítarstillir (tuner)



Raðgreiðslur

3.325 kr.

að meðaltali á mánuði
í 36 mánuði



84.989 kr.

staðgreitt

Philips Senseo

- Philips HD7810BL
- 1450w Senseo kaffivél
 - Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
 - Hver bolli er ferskur með froðulagi
 - Tekur 30 sek. að laga kaffi
 - Auðvelt að hreinsa
 - Fæst í mörgum litum



8.989 kr.

DVD ferðaspilari

United DVD7046

12 og 220 volt

- 7" TFT skjár
- Upplausn: 480 x 234
- Format: 4:3 / 16:9
- Built-In Dolby Digital Decoder
- Innbyggðir 2x 1W hátalalarar
- Multi OSD
- Anti Shock



Spilar DVD, DVD-R, DVD+R, DVD-RW, DVD+RW, VCD, S-VCD, CD, CD-R, CD-RW, JPEG, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), WMA

Má festa aftan
á sætispuða
í bílnum!

9.989 kr.



Melissa 653089

- 800w Digital Örbylgjuofn
- Elektrónískar stillingar
- 1000w grill
- 20 lítra
- Stáláferð

9.989 kr.



Exido 244002

- Öflug 700w safapressa
- Tekur hart grænmeti
- Tekur heila ávexti
- Óþarfi að fjarlægja fræin
- Óþarfi að fjarlægja börkinn
- Tveggja hraða
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að hreinsa

7.989 kr.

Bókin fylgir á meðan birgðir endast!



Lenco SCD24

- Ferðataeki
- Útvarp
- Geislaspilari

3.989 kr.

Melissa 646045

- Multi Mixer blandari
- Hakkar
- Blandar
- Hrærir
- Sker
- Mylur off.



4.989 kr.

Sjálfvirk ryksuga

iRobo Roomba

- Fer yfir þröskulda
- Ryksugar meira er 99% af gólfletinum
- Ryksugar undir borð og stóla
- Þrífur teppi, parket, flísar og dúka
- Snýr sjálfvirk til hleðslustöðvar



48.989 kr.



789 kr.

Aurora 322700

- Vandaður reykskynjari
- Raflöður

7.989 kr.



Melissa 631040

- Vandað fótanuddtæki
- Þrjár stillingar
- Loftbólur frá 58 stútum
- Næst með eða án vatns

3.989 kr.

Melissa 641031

- 1600w gufustraujárn
- Einfalt og gott
- Með ryðfríum stál botni



1.989 kr.



Philips CR7D5NB25

- 25 stk CDR diskar
- 700 MB - 52x

1.289 kr.



Exido 240001

- 1800w ryksuga
- 350w sogkraftur
- 5 filtera kerfi

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Frábær
tækjakaup


MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Við erum beint á móti IKEA

MAX



NÝ ÍSLENSK DAGSKRÁRGERÐ Í SJÓNVARPINU ...



... Á HVERJUM DEGI Í VETUR

MÁNUDAGAR	SPORTIÐ
ÞRIÐJUDAGAR	SÖNGVASKÁLD
MIDVIKUDAGAR	KILJAN
FIMMTUDAGAR	07/08 BÍÓ LEIKHÚS
FÖSTUDAGAR	ÚTSVAR
LAUGARDAGAR	LAUGARDAGSLÖGIN
SUNNUDAGAR	SILFUR EGILS, SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ EVU MARÍU



KVIKMYNDAVEISLA Í HAUST Hrönn Marinós dóttir er stjórnandi RIFF, alþjóðlegru kvikmynda hátíðarinnar, sem verður haldin hér í lok mánaðarinnar.

Ung, fersk og framsækinn

Síðustu ár hefur kvikmyndaveislan RIFF, eða Reykjavík International Film Festival, verið helsta tilhökkunarefni íslenskra kvikmyndaunnenda þegar daginn fer að stytta og fólk leggur grillunum og langar til að vera inni í hlýj- unni og horfa á góðar kvikmyndir. **Jarþrúður Karlsdóttir** settist niður með **Hrönn Marinós dóttur**, stjórnanda hátíðarinnar, og fékk hana til að segja sér aðeins frá hátíðinni.

Það er stundum sagt að ef þig langi annað hvort að setjast niður með aðalpersónunni í bíómynd og drekka með henni kaffi eða fara með henni upp í rúm og gera eitthvað allt annað en að drekka kaffi þá sé myndin að virka. Ég held að það sé nokkuð til í því,“ segir Hrönn Marinós dóttir, konan á bak við alþjóðlegru kvikmynda- hátíðina RIFF sem verður haldin hér í Reykjavík í lok mánaðarinnar í fjórða sinn. Hátíðin í ár er stærri en nokkru sinni fyrr og sýndar verða yfir 100 kvikmyndir frá öllum heimshornum, leiknar myndir og heimildarmyndir, íslenskar og erlendar, splunkunýjar og klassískar.

Hollywood-væðing

„Þegar við byrjuðum með hátíðina fannst mér vera gat í menningarlíf- inu. Það vantaði allan fjölbreyt- leika í þær kvikmyndir sem voru í boði hér og það var svo margt sem Íslendingar fóru á mis við. Megnið af þeim myndum sem eru sýndar

hér eru frá Hollywood. Markaður- inn hefur þróast í þessa átt því í Hollywood eru mestu peningarnir og mesta peningamaskínin. Því er búið að ala fólk upp við að í bíó séu bara svona myndir og svolítið verið að telja fólk trú um að þetta sé það eina sem það vilji og það sé ekkert vit í að horfa á neitt annað.“ Hrönn segir að ástandið sé ekki bara svona hér á landi heldur í flestum löndum í kringum okkur. Hins vegar séu stórar og metnaðarfullar hátíðir í þessum löndum sem vega upp á móti Hollywood-væðingunni.

Mikil aðsókn

Það hefur sýnt sig hin síðustu ár að hátíð af þessu tagi á fullt erindi hingað. Hátíðin hefur verið mjög vel sótt frá upphafi, í fyrra komu 15 þúsund manns og er búið við að minnsta kosti jafn mikilli aðsókn í ár.

„Það er mest ungt fólk sem sækir hátíðina því það hefur mestan tíma en það kemur líka mikið af eldra fólk. Fólk sem fer ekki oft í bíó notar svona hátíðir sem tilefni til að fara í bíó. Svona eins og maður pant-

ar sér miða í leikhús og planar þetta með fyrirvara, fær jafnvel sauma- klúbbinn með sér.“

Að fara á bíó á svona hátíð er að mörgu leyti svipuð upplifun og að fara í leikhús. Þessar myndir fara ekkert í dreifingu hérna nema í und- antekningartilfellum. Það eru kannski svona sex eða sjö myndir sem eru sýndar áfram eða fara á leigurnar. Annars eru þetta yfirleitt myndir sem koma bara á hátíðina og verða svo ekkert sýndar hér á landi aftur.

Hátíðin er nú þegar farin að draga töluvert af erlendu kvikmynda- áhugafólki hingað sem kemur ein- göngu til að fara á hátíðina. „Ég veit nú þegar um tvö hundruð manns sem ætla að koma hingað í ár til að fara á hátíðina. Það má segja að það sé að skapast ný tegund túrísma í kringum þetta.“

Meðal þeirra sem koma er fim- tíu manna hópur frá Bandaríkjun- um úr samtökum sem kallast Talk Cinema. Þetta er hópur fólks sem ferðast saman á kvikmynda hátíðir um allan heim, og heimsóttu líka hátíðina í fyrra. Ferðin spurðist svo vel út að þeir eru helmingi fleiri sem koma nú í ár.

Saga RIFF

Um aðdraganda þess að hún ákvað að setja þessa hátíð á stöfn segir Hrönn „Ég starfaði lengi sem blaðamaður og fór til útlanda á stórar kvikmynda hátíðir og kynntist þessum hátíðum þannig. Ég var á endanum orðin þreytt á blaðamenskunni og fór í MBA- nám þar sem ég gerði stefnumót- unarverkefni um hvernig væri hægt að standa fyrir svona hátíð í Reykjavík. Það hafði verið svona hátíð hérna áður sem smám saman lagðist af en þegar við byrjuðum árið 2004 hafði ekkert verið að gerast í nokkur ár.“

Í tengslum við verkefnið fór ég á stúfana og kynntist fólk sem hefur hjálpað mér mjög mikið. Meðal annars Helgu Step- hensen sem er vestur-íslensk og rak hátíðina í Toronto. Hún benti

mér svo aftur á mann sem hún hafði verið að vinna með og hefur mjög gott orð á sér sem heitir Dimitri Epides. Helga benti mér á hann í Cannes árið 2005 og ég réði hann á staðnum. Hann er núna dagskrárstjóri okkar. Hann ferðast um og velur myndir á hátíðina og stýrir núna keppnis- flokki hátíðarinnar, sem kallast Vitranir.“

Hrönn segir að sökum smæðar borgarinnar henti Reykjavík sér- staklega vel fyrir svona viðburði. „Það er svo mikil nánd og það er auðvelt að skipuleggja svona stóra viðburði hér, samanber Airwaves-tónlistarhátíðina. Við viljum ekki að þessi hátíð sé neitt leyndarmál, við höfum frá upphafi ætlað okkur að koma Reykja- vík á kortið sem kvikmynda- hátíðarborg.“

Ör vöxtur

Hátíðin hefur vaxið mjög hratt að umfangi frá því hún var fyrst sett fyrir fjórum árum. Fyrsta árið voru sýndar sextán myndir eftir Íslendinga sem búa erlendis en í ár eru sýndar hátt í hundruð myndir hvaðanæva að úr heim- inum. Hátíðin hefur fengið lofsam- lega umfjöllun í öllum helstu fag- blöðunum eins og Variety, Hollywood Reporter og Empire, auk þess sem stórblið á borð við Guardian og Figaro hafa fjallað ítarlega um hana.

Við hátíðina í ár starfa átta manns í fullri vinnu og þau bjóða stórum hópi fólks að vera við- stödd hátíðina.

„Það var alltaf markmiðið að gera þetta að svona almennileg- um viðburði eins og við höfum kynnt í löndunum í kringum okkur. Aðsókin hefur bara verið svo mikil að þetta hefur gerst miklu hraðar en við bjuggumst við. Ég held að þetta sé „trend“ hjá ungu fólki núna, það vill fara í bíó og láta koma sér eitthvað pínulítið á óvart, sem er nú ekki alltaf að gerast þegar maður fer á Hollywood-myndirnar.“

Gullni lundinn

Myndunum á hátíðinni er skipt í níu flokka. Flaggskip þeirra er keppnisflokkurinn Vitranir, þar sem fyrstu myndir leikstjóra keppa um verðlaunagripinn Gullna lundann sem verður veittur í fyrsta skipti í ár. „Einhverra hluta vegna hefur það gerst að hátíðir úti í heimi kenna sig oft við ákveðna dýrategund eins og björninn í Berlín, tigrisdýrið í Rotterdam og ljónið í Fenejúm. Okkur fannst því tilvalið að gera það sama og lundinn varð fyrir valinu. Þetta er vinalegur íslenskur fugl og hans helstu varpstöð- ar eru hér.“ Jón Sæmundur Auðar- son er búinn að hanna gripinn sem er upptappaður lundi, þak- inn gylltir máningu. „Þeir sem keppa í þessum flokki eru ungir, framsækinn leikstjórur sem hafa gott orð á sér og eru kannski bara búnir að gera auglýsingar og stuttmyndir áður. Þetta eru þeirra fyrstu leiknu myndir sem eru margar hverjar frumsýndar hér. Myndirnar sem við höfum sýnt hér hafa svo sópað að sér verðlaunum annars staðar sem sýnir að við höfum fingurinn á þúlsinum.“

Heimildarmyndir vinsælar

Myndunum á hátíðinni er skipt í flokka svo fólk eigi auðveldara með að átta sig á framboðinu og hvað það vill helst sjá. „Fólk er auðvitað ekki vant því að það sé verið að sýna hundruð myndir á ellefu dögum. Margir fara bara í baklás og treysta sér ekki í þetta. Flokkarnir gera hátíðina aðgengi- legra fyrir fólk.“

Fyrir utan keppnisflokkinn heita flokkarnir Fyrir opnu hafi, sem er rjóminn af þeim myndum sem hafa gengið vel á kvikmynda- hátíðum undanfarna mánuði, Íslenskar myndir og Miðnætur prógram. Á hverju ári er einnig eitt land tekið fyrir og í ár er það Spánn. „Svo erum við með heim- ildarmyndir. Það er svolítið merkilegt en heimildarmyndir hafa eiginlega verið best sóttu myndirnar á hátíðunum undan- farin ár.“

Á hverju ári hafa líka verið sýndar nokkrar eldri myndir. Í ár

er það myndir eftir hinn finnska Aki Kaurismäki, tékkneska gam- anmynda höfundinn David Ondricek og hinn þýska Rein- er Werner Fassbinder, en músa hans og aðalleikkona margra mynda hans, Hanna Schygulla, er heiðurs- gestur hátíðarinnar í ár.

„Það er mikilvægt að sýna líka eldri myndir, til að viðhalda teng- ingu við söguna. Fassbinder á 25 ára dánarafmæli í ár, Hann var afar afkastamikill, og svona „maverick“ sem er svona dálítið í anda þess sem við erum að gera.“

Margt að gerast

Mörgum finnst erfitt hvað hátíðin stendur stutt og því lítil tími til að sjá þær myndir sem mann langar til að sjá. Hrönn segir að ástæðan fyrir því sé tvíþætt. Bæði koma svo margir hingað erlendis frá sem ekki geta stopp- að lengi. Eins vilja þau að hátíðin setji brag á bæinn og að það sé margt að gerast allan tímann sem hátíðin stendur.

„Við viljum líka hafa tengingu við aðrar listgreinar. Okkur finnst gaman að sýna aðrar hliðar á þessu listafólki sem kemur hing- að. Hanna Schygulla leikkona, heiðursgesturinn okkar, er söng- kona líka þannig að hún slær upp tónleikum. Við sýnum heimildar- mynd um Danielson-hljómsveit- ina og þá vildum við fá þá líka til að koma hingað og spila. Svo erum við með Fassbinder ljós- myndasýningu í Norræna hús- inu.“ Einnig verður slegið upp bílabíói á gamla varnarliðssvæð- inu þar sem American Graffiti verður sýnd. Það verður fullt af masterklössum og leikstjórur sitja fyrir svörum. „Við viljum bara skapa skemmtilega stemm- ingu í borginni.“

Í ár verða útibú frá hátíðinni á að minnsta kosti tveimur stöðum utan höfuðborgarinnar. Þetta var gert í fyrst skipti í fyrra þegar nokkrar myndir voru sýndar í bíóinu á Ísafirði. „Þetta gekk svo vel í fyrra að leikurinn verður endurtekinn í ár. Þau á Akureyri kröfðust þess að fá líka fá nasa- þefinn af því sem við erum að gera. Það verða því að minnsta kosti þessir tveir staðir og hugs- anlega verða fleiri staðir með líka.“

Hæfileikabúðir

Einn þeirra atburða sem eru skipulagðir í tengslum við hátíð- ina er svokallaður „Talent Campus“ þar sem nemendur á lokaári í kvikmyndagerð eða nýútskrifaðir koma á hátíðina, sækja fyrirlestra, horfa á myndir og hitta leikstjóra og framleið- endur, bæði íslenska og erlenda. „Við byrjuðum á þessu í fyrra. Tilgangurinn með þessu er að hjálpa ungu kvikmyndagerðar- fólki til að mynda tengslanet. Að þáu kynnist fólk sem er að þæla í svipuðum hlutum og það sjálfst. Þá gerast oft skemmtilegir hlut- ir.“

Meðal þeirra sem koma er próf- essor frá Colombia-háskóla sem er með myndina Savage Grace með Julianne Moore í aðalhlut- verki á hátíðinni. Nú þegar eru á milli 40 og 50 manns búnir að skrá sig, Íslendingar og fólk frá Bandar- íkjunum og Norður-Evrópu.

Gott bíó allt árið

Síðan kvikmynda hátíðin var sett á laggirnar hefur hún fært út kviarnar og sér nú um kvik- myndaklúbbinn Fjalaköttinn í samstarfi við fagfélag kvik- myndagerðarmanna. „Það er mikið talað um að styðja við íslenskt kvikmyndgerðarfólk. Ég held að það mikilvægasta fyrir upprennandi kvikmyndaleik- stjóra sé að hafa aðgang að góðum myndum í bíó. Góðir kvikmynda- leikstjórur spretta ekki upp úr engu. Einhvers staðar verður þetta fólk að fá innblástur frá. Það er ekki spennandi fyrir það að fara í bíó og sjá alltaf sömu gerðina af myndum. Þetta hangir allt saman. Það er mikilvægt að sýna allt sem er í gangi. Mynd- ræni miðlar eru orðnir svo sterkir, við viljum alls ekki segja að við séum uppeldisstofnun en samt er mikilvægt að það sé allt- af eitthvað svona í gangi.“

→ Leikstjórar í brennidepli

Rainer Werner Fassbinder

Er einn virtasti leikstjóri Þýskalands. Á hátíðinni verður meðal annars sýnd trílógían *The Bitter Tears of Petra Von Kant*, *The Marriage of Maria Braun* og *Veronica Voss* og heimildarmynd um líf hans.

Aki Kaurismäki

Finnlands-Þríleikur finnska sérvitringsins Kaurismäki verður sýndur á hátíðinni. Miðmynd þríleiksins, *Maður án fortíðar*, var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2003.

David Ondricek

Tékkneski leikstjórinn Ondricek sérhæfir sig í frumlegum gamanmyndum. Myndirnar *Einfarar* (2000), *Ein hönd getur ekki klappað* (2003) og *Grandhotel* (2006) verða sýndar á hátíðinni.





KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!

**Kynnið ykkur nýjar samþykktir
Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í
kjarasamningum Félags leikskólakennara
og Launanefndar sveitarfélaga**

Arnarsmári: 564 5380

• Leikskólakennarar

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600

• Leikskólakennarar

Dalur: 554 5740

• Leikskólakennari

• Leikskólasérkennari/þroskþjálfari

Efstihjalli: 554 6150

• Leikskólakennarar

• Leiksk.sérk/leikskólak/þroskþj.

Fífusalir: 570 4200

• Starfsmaður í sérkennslu

• Deildarstjóri á eldri deild

Grænatún: 554 6580

• Sérkennslustjóri

Kópahvoll: 554 0120

• Leikskólakennari 100%

Kópasteinn: 564 1565

• Leikskólak/leiðb. 100% og hlutast. e. hád.

Marbakk: 564 1112

• Leikskólakennari

• Leiksk.kenn/leiðbeinandi hlutast. e. hád.

Núpur: 554 7020

• Leikskólakennarar

• Starfsmaður í sérkennslu

• Matráður

Rjúpnahæð: 570 4240

• Leikskólakennarar

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

• Leikskólakennarar

• Starfsmaður í sérkennslu/þroskþjálfari

**Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is**



Ritstjóri

Húsasmiðju vefsíðna

❖ **Húsasmiðjan leitar eftir aðila til að
ritstýra öllum vefsíðum fyrirtækisins
en þær eru fjórar talsins í dag
(Húsasmiðjan, Blómaval, Ískraft og Egg).**

Leitað er eftir hugmyndaríkum einstaklingi með mikinn áhuga á vefmálum auk sölu- og markaðssetningu sem hefur jafnframt gott vald á notkun texta og góðri íslensku.

Starfið felur ekki í sér forritun né annað er snýr að tæknilegum lausnum í vefsíðugerð heldur einungis vinnslu og þróun á efni og upplýsingum fyrir heimasíðurnar.

Viðkomandi verður þátttakandi í þróun og stefnumótun vefsíðna Húsasmiðjunnar, ber ábyrgð á upplýsingum, upplýsingaöflun, texta og myndefni auk nýtingu vefsíðna sem markaðstæki í tengslum við markaðsstefnu félagsins, upplýsingamiðlunar til neytenda og margt fleira.

Um er að ræða mjög spennandi starf við þróun og viðhald á efni fjögurra heimasíðna hjá einu öflugasta fyrirtæki landsins.

Ritstjóri vefsíðna starfar í markaðsdeild Húsasmiðjunnar en þar starfa í dag 6 manns auk markaðsstjóra.

Menntunar – og hæfniskröfur

- ❖ Háskólamenntun er kostur
- ❖ Reynsla af sölu- og/eða markaðsmálum er kostur
- ❖ Hugmyndaauðgi, útsjónarsemi og skipulögð vinnubrögð
- ❖ Brennandi áhugi internetinu og möguleikum þess er nauðsynleg.
- ❖ Hæfni í íslenski tungu
- ❖ Almenn kurteisi og frumkvæði í vinnubrögðum.

Ef þú telur þig hafa þá kosti sem taldir eru upp hér að ofan og ert tilbúin(n) að slást í hópinn og starfa hjá öflugasta fyrirtæki þá hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttir, gudrunk@husa.is, fyrir 16. september. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar www.husa.is



www.husa.is

um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvæðis á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsa-smiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



HÚSASMIÐJAN
...ekkert má

Reikningshald 365 miðla ehf leitar að starfsmanni. starfið felst í bókunum á inn- og útborgunum félagsins, ásamt afstemmingum og öðrum almennum bókhaldsstörfum.

Við leitum að tölvuglöggu og samviskusömum einstaklingi til að starfa með okkur í skemmtilegum hóp.

Um afleysingu í fæðingarorlof er að ræða með mikla möguleika á áframhaldandi starfi,

Áhugasamir sendi póst á Sædisi Öldu Búadóttur alda@365.is

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

**Reikningshald
365 miðla ehf
leitar að starfsmanni!**

Capacent Gallup hefur mikla reynslu í gerð kannana og hefur verið leiðandi á Íslandi um árabíl á því sviði.

Capacent Gallup hefur unnið að upptöku ISO 9001 gæðastaðalsins undanfarin ár og fékk fyrirtækið opinbera ISO vottun í júní 2004. Gæðastaðallinn tekur til allrar starfsemi Capacent Gallup og snýr m.a. að þjálfun og störfum starfsfólks.

Capacent Gallup óskar eftir að ráða metnaðarfullan og skipulagðan einstakling til starfa í Reykjavík eða á Akureyri. Um er að ræða starf sérfræðings í úrvinnslu og greiningu á tölulegum gögnum.

Starfssvið

- Almenn tölfræðiúrvinnsla og forritun
- Greining gagna
- Skýrslugerð
- Yfirllestur skýrslna
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (t.d. B.A. próf í sálfræði, félagsfræði eða stjórn málafræði)
- Greiningarhæfni - getan til að greina kjarnann frá hisminu
- Gott auga fyrir smáatriðum
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af notkun SPSS og Excel skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og samvirkusemi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Median hf. er hugbúnaðar-fyrirtæki, færslumiðlari og vinnsluaðili á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.

Ríflega helmingur umsvifa félagsins er vegna alþjóðlegrar færslumiðlunar. Meðal viðskiptavina félagsins eru innlend, sem erlend fyrirtæki með umsvifamikla starfsemi.

Vegna breytinga óskar Median eftir að ráða starfsmann til að sinna tæknilegri þjónustu.

Helstu verkefni

- Greining og lausn verkefna
- Aðstoða viðskiptavini við ýmis tæknileg mál
- Samskipti við viðskiptavini
- Utanumhald verkefna og aðstoð vegna innleiðingar

Hæfniskröfur

- Tæknileg þekking / bakgrunnur
- Þjónustulund, áhugi og ánægja af samskiptum við viðskiptavini
- Hæfni til að leysa vandamál (villugreining)
- Sjálfstæði og öguð vinnubrögð

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Yr. Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Sigurður Jónas Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Við erum að leita að einstaklingi til að ganga til liðs við sterkan hóp tæknifólks í lifandi starfsumhverfi. Leggjum áherslu á góðan liðsanda og leitum að einstaklingi til framtíðarstarfa hjá okkur. Góðir möguleikar á vexti í starfi.

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttækur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

Sölumaður

565134

Verslunar- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín sölumann í hreinlætistækja- og gólfefnadeild.

Í starfinu felst sala og ráðgjöf til viðskiptavina, bera ábyrgð á sölu og eftirfylgni auk annarra tilfallandi verkefna.

Leitað er að traustum og öflugum sölumanni og er kostur að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu úr sambærilegu starfi. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, heiðarlegur og með góða framkomu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og annan hvern laugardag. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarstofa er menningar-, markaðs- og ferðamála-skrifstofa Akureyrarbæjar og heldur jafnframt utan um atvinnumál að hálfu bæjaryfirvalda.

Megináhersla er lögð á að örva kraft og frumkvæði einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, finna þeim farveg og koma á samstarfi aðila sem geta gert góðar hugmyndir að veruleika.

VERKEFNASTJÓRI FERÐA- OG ATVINNUMÁLA

Akureyrarstofa óskar eftir að ráða verkefnastjóra ferða- og atvinnumála. Á Akureyrarstofu starfa verkefnisstjórar hver á sínu sviði og mynda jafnframt öflugt teymi sem vinnur sameiginlega að því að ná markmiðum og stefnumálum hennar.

Starfssvið:

- Ýmis ferðabjónustutengd verkefni.
- Útgáfa á upplýsingum fyrir ferðamenn
- Þátttaka í skipulagningu stærri viðburða.
- Þátttaka í mótun stefnu um hlutverk Akureyrarstofu á sviði atvinnumála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af ferða- og/eða markaðsmálum
- Gott vald á íslensku og ensku. Góð kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur
- Góð alhliða tölvuþekking
- Frumkvæði og lipurð í samskiptum

Framangreindum hæfniskröfum er ekki raðað eftir mikilvægi. Akureyrarbær stefnir að því að hlutur kynjanna meðal starfsmanna verði sem jafnastur og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsjón með störfunum hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120



Hagstofa Íslands

Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð.

Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Starfsfólk Hagstofunnar vinnur að gerð hagskýrslna og miðlar þeim til almennings, atvinnulífs og stjórnvalda.

Nánari upplýsingar er að finna á www.hagstofa.is

SÉRFRÆÐINGAR

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða eftirtalda sérfræðinga:

Sérfræðingar við Framleiðslu- og fyrirtækjagæðing

Störfin fela í sér krefjandi og áhugaverð verkefni við gagnasöfnun, úrvinnslu gagna, greiningu og miðlun upplýsinga um fyrirtæki og atvinnuvegi, þar á meðal um ferðabjónustu.

Sérfræðingur við Vísitöludeild

Starfið felst í söfnun og úrvinnslu gagna og útreikningi á verðvísitölum. Helsta verkefni deildarinnar er útreikningur á vísitölu neysluverðs en auk hennar hefur deildin umsjón með vísitölu framleiðsluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, alþjóðlegum verðsamunburði og úrvinnslu á gögnum útgjaldarannsóknar Hagstofunnar.

Sérfræðingur við Þjóðhagsreikningadeild

Starfið felst einkum í vinnu við þjóðhagsreikninga. Þjóðhagsreikningadeild vinnur að árlegum þjóðhagsreikningum, skv. framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri, gerð ársfjórðungslegra þjóðhagsreikningareikninga skv. ráðstöfunaruppgjöri, tekjuathugunum og frágangi hagvísu og skyldum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, tölfræði eða sambærileg menntun og er framhaldsnám kostur. Áskilið er að umsækjandi hafi góða tölvukunnáttu. Reynsla af greiningu og framsetningu tölulegra upplýsinga er kostur. Krafist er góðrar almennrar tölfræðikunnáttu. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika, sýna frumkvæði, vera nákvæmur og skipulagður.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Fyrirtækið Landlínur sérhæfir sig í landslagshönnun, skipulagi, landmælingum og kortagerð. Fyrirtækið er staðsett í Borgarnesi. Upplýsingar um fyrirtækið er hægt að finna á www.landlinur.is.

Í Borgarfirði er kjörið að búa og starfa. Umhverfið er barnvænt og hér eru frábærir möguleikar til að iðka ýmskonar útivist. Í boði er fjölskylduvænt, metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi. Verkefni eru fjölbreytt og skemmtileg.

FJÖLBREYTT OG ÁHUGAVERÐ SÉRFRÆÐINGASTÖRF Á LANDSBYGGÐINNI

Landlínur óska eftir að ráða eftirtalda sérfræðinga:

Landslagsarkitekt

Starfið felst í hönnun útsvæða, gerð verklýsinga útboðsgagna og framkvæmdaefirlits. Starfið felst einnig í skipulagsvinnu á grundvelli skipulags- og byggingarlaga.

Arkitekt eða skipulagsfræðingur

Starfið felst í skipulagsvinnu á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, umhverfisgreiningu og kortagerð.

Landfræðingur

Starfið felst í að aðstoða við skipulagsvinnu á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, kortagerð og landmælingum.

B.S. í umhverfisskipulagi

Starfið felst í að aðstoða við hönnun útsvæða, útbúa verklagslýsingar og útboðsgögn. Starfið felst einnig í að aðstoða við skipulagsvinnu á grundvelli skipulags- og byggingarlaga.

Tækniteiknara

Starfið felst í tölvuteiknun, kortagerð og skrifstofustörfum.

Hæfniskröfur

Leitað er að einstaklingum með fyrrgreinda sérfræðipækkingu eða sambærilega menntun. Óskað er eftir einstaklingum sem eru skipulagðir, geta unnið sjálfstætt og í teymi. Mikilvægt er að viðkomandi aðilar búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum og séu þjónustulundaðir. Æskilegt er að umsækjendur hafi kunnáttu á CAD hugbúnað.

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Ert þú umhverfisstjóri, verkefnisstjóri, veitumaður eða flokksstjóri?

VEGNA AUKINNA VERKEFNA Í TENGLUM VIÐ MIKLA UPPBYGGINGU Í MOSFELLSBÆ ÓSKAR TÆKNI- OG UMHVERFISVIÐ MOSFELLSBÆJAR EFTIR STARFSMÖNNUM Í EFTIRTALIN STÖRF:

UMHVERFISSTJÓRI

Starf umhverfisstjóra er ný staða á tækni- og umhverfissviði og verður hann deildarstjóri nýrrar umhverfiseildar. Undir verksvið deildarinnar heyrir meðal annars: Staðardagskrá 21, stefnumörkun og kynningarstarf í tengslum við umhverfismál, mótun opinna svæða og stefnumörkun hvað varðar nýtingu og hirðingu þeirra.

Menntun og hæfniskröfur:

- ▶ Háskólamenntun á sviði náttúrufræði, líffræði, umhverfisfræði eða annarra raungreina
- ▶ Reynsla og þekking á stjórnun
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- ▶ Tungumálakunnátta og hæfileiki til að setja fram mál í ræðu og riti
- ▶ Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við fjölbreytileg verkefni og taka þátt í metnaðarfullri uppbyggingu bæjarins.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, jbh@mos.is eða í síma 525 6700.

VERKEFNISSTJÓRI

Leitað er að verkefnisstjóra í fjölbreytt verkefni á tækni- og umhverfissviði Mosfellsbæjar. Um er að ræða umsjón og eftirlit með framkvæmdum, úttektir, yfirferð teikninga, umsjón útboða, verksamningagerð og samskipti við hönnuði og verktaka.

Menntun og hæfniskröfur:

- ▶ Menntun á sviði byggingarfræði, byggingartæknifræði eða verkfræði
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- ▶ Góð tölvukunnátta
- ▶ Tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- ▶ Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við fjölbreytileg verkefni og taka þátt í metnaðarfullri uppbyggingu bæjarins.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, jbh@mos.is eða í síma 525 6700.

VEITUMAÐUR

Hita- og vatnsveita Mosfellsbæjar leitar að starfsmanni vegna vinnu við dreifikerfi hita- og vatnsveitu. Æskilegt er að viðkomandi uppfylli eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum:

- ▶ Réttindi til lagningu hita- og vatnsveitulagna
- ▶ Námskeið í jarðlagnatækni
- ▶ Málmiðnaðarmenntun

Leitað er að öflugum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við fjölbreytileg verkefni og taka þátt í metnaðarfullri uppbyggingu bæjarins.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Sigvaldason, ths@mos.is eða í síma 566 8450.

FLOKKSSTJÓRI Í ÞJÓNUSTUSTÖÐ (ÁHALDAHÚS)

Þjónustustöð (áhaldahús) Mosfellsbæjar óskar eftir því að ráða mann með vinnuvélaréttindi til starfa. Um er að ræða starf flokksstjóra við þjónustustöð sem sinnir fjölbreyttum útistöfum fyrir Mosfellsbæ. Umsækjandi þarf að hafa meirapróf.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Sigvaldason, ths@mos.is eða í síma 566 8450.

KONUR JAFNT SEM KARLAR ERU HVÖTT TIL AÐ SÆKJA UM OFANGREIND STÖRF. UMSÓKNUM SKAL SKILAÐ FYRIR 1. OKTÓBER 2007 TIL ÞJÓNUSTUVERS MOSFELLSBÆJAR Á 1. HÆÐ Í KJARNA, ÞVERHOLTI 2.



MOSFELLSBÆR

MOSFELLSBÆR ER ÖRT STÆKKANDI BÆJARFÉLAG OG ÞAR BÚA TÆPLEGA 8000 MANNS. ALLS STAÐAR Í BÆNUM ER STUTT Í ÓSNORTNA NÁTTÚRU OG FALLEGT UMHVERFI. ÞÁ ER ÍPRÓTTA-, ÆSKULÝÐS- OG TÓNLISTARLÍF SÉRLEGA ÖFLUGT. Á NÆSTU ÁRUM ER FYRIRHUGUÐ MIKIL UPPBYGGING Í TENGLUM VIÐ NÝ ÍBÚÐAHVERFI Í MOSFELLSBÆ.

WWW.MOS.IS



Vinnueftirlit ríkisins starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að fækkun slysa, atvinnutengdra sjúkdóma og góðri líðan starfsmanna á vinnustað.

Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmann til starfa á Vesturlandi

Helstu verkefni eru:

- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit
- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í landbúnaði
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustaðum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu, s.s. vinna við stjórn eða viðgerð vinnuvéla
- Geti unnið sjálfstætt og sýni frumkvæði í starfi
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í tölvunotkun æskileg
- Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi er kostur

Um er að ræða 100 % starf með staðsetningu á Akranesi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Stillholti 18, 300 Akranesi fyrir 1. október nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Guðjóni Sólmundssyni umdæmisstjóra, skrifstofu Vinnueftirlitsins á Akranesi, s. 431-2670 og 892-7593, (gsol@ver.is) og Magnúsi Guðmundssyni deildarstjóra vinnuvéladeildar s. 550-4685 og 891-7622.

Smiðir og byggingaverkamenn

Vantar smiði og vana byggingaverkamenn. Upplýsingar í s. 891 9981 Helgi

HLUTASTARF

FRÁ KL. 15-18 ALLA VIRKA DAGA. AFGREIÐSLA Í SÉRVERSLUN OG LÉTTAR RÆSTINGAR Í MJÖG HREINLEGU HÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK. UMSÓKNIR SENDIST Á box@frett.is MERKTAR:“upplagt aukastarf fyrir námsmenn”.....

Starf í TÆKNIDEILD

Smith & Norland vill ráða fagmann á rafmagns- sviði til starfa í tæknideild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér samskipti við nokkra stóra erlenda birgja fyrirtækisins, tilboðagerð, dagleg tengsl við rafverktaka og aðra viðskiptavini, markaðsmál af ýmsu tagi og fleiri tengd störf.

Við leitum að rafmagnsverkfræðingi, rafmagnstæknifræðingi eða rafiðnifræðingi/rafvirkja með góða tækniþekkingu. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á sölu- og markaðsstörfum. Hann þarf að hafa góða samskiptahæfileika og eiga auðvelt með að vinna í hópi. Umsækjandi verður að hafa gott vald á ensku. Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði, þar sem samhentur hópur úrvalsstarfsmanna sér um að halda því í fararbroddi.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru vinsamlega beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir þriðjudaginn 11. september.

Umsóknareyðublað fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Verk- eða tölvunarfræðingur óskast til starfa við Áhættustýringu Kaupþings

Áhættustýring greinir, mælir, stýrir og fylgist með allri þeirri áhættu sem er samfara starfsemi bankans. Áhættustýring vinnur náið með öllum sviðum fyrirtækisins til að lágmarka áhættu bankans. Leitað er að starfsmanni í deild Útlánaáhættu á sviði Áhættustýringar.

Helstu verkefni eru:

- Mótun og umsjón með útreikningum á útlánaáhættu.
- Skýrslugjöf, upplýsingagjöf og ráðgjöf til stjórnenda.
- Eftirlit með útlánaáhættu.
- Ýmis verkefni tengd útlánaáhættu.

Menntun, hæfni og eiginleikar:

- BS eða MS próf í verkfræði eða tölvunarfræði.
- Góð reynsla af gagnagrunnsnotkun og forritun.
- Framúrskarandi mannleg samskipti og hæfni til að vinna í hópi.
- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Við bjóðum:

- Krefjandi og skemmtileg verkefni sem unnin eru í metnaðarfullum hópi.
- Alþjóðlegt starfsumhverfi þar sem framtak einstaklingsins fær að njóta sín.

Umsækjendur sækja um á vefsíðum bankans: www.kaupthing.is
Umsóknarfrestur er til og með 16. september 2007.

Nánari upplýsingar veita Sigurbjörg Ólafsdóttir, forstöðumaður Útlánaáhættu, sími 444 7155 netfang sigurbjorg.olafsdottir@kaupthing.com og Jónas Hvannberg á Starfsmannasviði, sími 444 6376 netfang jonas.hvannberg@kaupthing.com



KAUPÞING

Hugsum lengra

Viltu sveigjanleika?

565133

Verslun í Faxafeni óskar eftir að ráða til sín starfsmann í afgreiðslu og þjónustu.

- Í starfinu felst að afgreiða, veita ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina, varðandi vörur verslunarinnar.
- Leitað er að starfsmanni með þægilega framkomu, sem hefur gaman af mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund.
- Starfið hentar öllum aldurshópum og er fólk eldra en 50 ára sérstaklega hvatt til þess að sækja um. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÖLUN

GJALDKERI VANUR AFGREIÐSLU

Traust þjónustufyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða duglegan afgreiðslugjaldkera til starfa. Vinnutími er frá kl. 14 - 18.

Áhugasamir sendi Fréttablaðinu eða á box@frett.is merkt : Gjaldkeri.

Gler og lásar neyðarþjónustan

Starfsfólk óskast strax, þarf að vera laghent, með bílpróf og hreint sakavottorð. Skila þarf sakavottorði í viðtali. Unnið er að hluta milli kl. 9-18 og að hluta á vöktum milli kl. 8-20 eða 20-8. Starfsþættirnir eru, verslun, verkstæði, útköll, glerjun.

Umsóknum skal skilað á umsoknir@yahoo.com

Borgun Þjónustufulltrúi í þjónustuver

Um Borgun hf.

Borgun hf. starfar á sviði greiðslumiðlunar og er leiðandi í þróun viðskiptalausna og þjónustu við korthafa og banka og sparisjóði sem gefa út MasterCard og Maestro greiðslukort.

Fyrirtækið er einnig í fararbroddi í þjónustu við seljendur sem veita MasterCard, Maestro, American Express, JCB og DinersClub greiðslukortum viðtöku.

Fyrirtækið hefur sterk alþjóðatengsl og hefur sett sér að vera efiðstásti samstarfsaðili Íslands á sviði greiðslumiðlunar og tengdrar starfsemi.

Borgun hf. er reyklusinnastaður.

Borgun hf. óskar eftir að ráða þjónustulundaðan aðila í dagvinnu í starfþjónustufulltrúa í þjónustuveri.

Helstu verksvið og ábyrgð

- Þjónusta við korthafa, bankastarfmenn og seljendur
- Móttaka viðskiptavina
- Símsvörun við viðskiptavini
- Neyðarþjónusta við viðskiptavini

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
 - Vinna vel undir álagi
 - Gott vald á enskri tungu
 - Metnaður til að ná miklum árangri í starfi
 - Lipurð í mannlegum samskiptum
 - Hafa frumkvæði og eiga auðvelt með að vinna í hópi
- Vinnutími er frá kl. 9 - 17.

Umsóknir

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Friðriksson, forstöðumaður Viðskiptaþróunar, netfang pf@borgun.is, sími 560 1600.

Umsóknarfrestur er til **14. sept.** nk. Við umsóknum tekur Margrét Kjartansdóttir, starfsmanna-stjóri, mk@borgun.is.



Borgun hf. • Ármúla 30 • IS-108 Reykjavík • s. 560 1600 • f. 560 1601 • kt. 440686-1259 • borgun@borgun.is • www.borgun.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Sálfræðingur

Staða yfirsálfræðings við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er laus til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf og mun sálfræðingurinn sinna bæði leik- og grunnskólum.

Æskilegt að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Löggiltur sálfræðingur
- Frumkvæði og samstarfshæfni
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hafi áhuga á skólastarfi og reynslu af sálfræðistörfum í leik- og grunnskóla
- Tilbúinn til að þróa sálfræðiþjónustu/sérfræðiþjónustu
- Geta unnið sjálfstætt og í hópi

Allar upplýsingar um starfið veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri s. 585 5800

netfang magnusb@hafnarfjordur.is Næstu yfirmaður sálfræðingsins er fræðslustjóri.

Umsóknarfrestur er til 20. september og laun og kjör fara eftir samningum viðkomandi stéttarfélags við launanefnd sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!

Hafðu samband og fæðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegar sími 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Það er brjáláð að gera og við þurfum gott fólk!

Leitum að
arkitektum
innanhússarkitektum
byggingafræðingum
verkfræðingum
tæknifræðingum

til að sinna fjölbreyttum verkefnum

Þú mátt gjarnan vera reynslubolti í verkefnastjórnun, eða að feta þín fyrstu spor í faginu!

Umsóknir sendist á pall@ask.is. Fullum trúnaði heitið.

ASK Arkitektar er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði arkitekta og innanhússarkitekta, ss. hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, hönnun húsgagna, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl.

Verkefni stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga.

Teiknistofan er í nýju húsnæði í miðborginni og eru starfsmenn nú 25 talsins.



Geirsgötu 9 • 101 Reykjavík • Sími 515 0300
www.ask.is



Læknir og hjúkrunarfræðingur í Malaví



Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Próunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftirfarandi störf í Malaví laus til umsóknar.

Störfin tilheyra verkefni í heilbrigðismálum sem PSSÍ vinnur að í Malaví. Verkefnið er unnið í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti landsins og heilbrigðisvirkni í héraðinu. Í Monkey Bay heilbrigðisumdæmi er starfrækt svæðissjúkrahús og fjórar heilsugæslustöðvar ásamt útstöðvum. Unnið er að stuðningi við skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu öllu.

Læknir

Starfið felst einkum í að veita ráðgjöf við uppbyggingu svæðissjúkrahúsins og að bæta skipulag og gæði heilbrigðisþjónustunnar í heild sinni.

Kröfur um menntun og reynslu:

- Próf í læknisfræði er skilyrði
- Sérmenntun í lýðheilsufræðum er æskileg
- Þekking á þróunarmálum er mikilvæg.

Við leitum að einstaklingum sem búa yfir mjög góðri kunnáttu í ensku og íslensku. Þekking á aðstæðum og starfsreynsla í Afríku er kostur. Í störfunum felast mikil samskipti við ólíka hópa fólks við framandi aðstæður og því mikilvægt að umsækjendur búi yfir mikilli hæfni í samskiptum ásamt aðlögunarhæfni og getu til að starfa undir álagi.

Ráðið verður til tveggja ára með möguleika á framlengingu ráðningar. Búseta ráðgjafanna verður á starfssvæðinu. Þar sem enginn viðunandi kostur er á skólagöngu og langt í þjónustu hentar starfið alls ekki einstaklingum með börn á skólaskylduáldri.

Nánari lýsingu á störfunum er að finna á www.hagvangur.is

Hjúkrunarfræðingur

Starfið felst í þátttöku í að styðja við og efla heilbrigðisþjónustu á öllu svæðinu með sérstakri áherslu á verkefni sem snerta mæðra- og ungbarnavernd og heilsugæslu.

Kröfur um menntun og reynslu:

- Leitað er að hjúkrunarfræðingi sem einnig hefur menntun í ljósmóðurfræðum
- Menntun og/eða starfsreynsla í lýðheilsu er æskileg
- Þekking á þróunarmálum er mikilvæg.



Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 8. október.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi. Netfang: albert@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



Prófunarstjóri Netbanka Kaupþings

Upplýsinga- og tæknisvið Kaupþings leitar að öflugum starfsmanni í prófanahóp á Gæðadeild sviðsins. Við leggjum áherslu á að ráða starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi og á auðvelt með að vinna í hópi.

Starfssvið

- Ráðgjöf í greiningar- og hönnunarvinnu
- Undirbúningur, skipulagning, stjórnun og framkvæmd prófana
- Þróun á sjálfvirkum prófunum og prófunartilvikum
- Uppbygging og endurbætur prófunarumhverfis og ferla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af prófunum og hugbúnaðargerð
- Áhugi á aðferðafræði hugbúnaðarprófana og gæðastarfi í hugbúnaðargerð
- Reynsla af Microsoft Team Foundation server og SQL er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Við bjóðum

- Alþjóðlegt starfsumhverfi
- Lífligan, kraftmikinn og framsækinn vinnustað
- Áhugaverð og krefjandi verkefni
- Símenntun og starfsþróun
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Góð laun í samræmi við menntun og reynslu
- Þátttöku í uppbyggingu metnaðarfulls fyrirtækis

Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans, www.kaupthing.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. september.

Nánari upplýsingar veitir Íris Guðrún Ragnarsdóttir á starfsmannasviði, síma 444 6377, netfang iris.ragnarsdottir@kaupthing.com

KAUPÞING
Hugsum lengra



Lýðræði í leik og starfi

Leikskólinn Laufskálar

Laufrima 9 í Grafarvogi óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun.

Í Laufskálum er lögð áhersla á að börnin hafi áhrif á námsval og að allir starfsmenn taki þátt í að móta leikskólustarfið. Lausar eru stöður leikskólakennara sem vilja taka þátt í því að byggja upp lýðræðislegan leikskóla með börnum og fullorðnum.

Verið velkomin í heimsókn í Laufskála eða hafið samband við Halldóru Pétursdóttur leikskólastjóra í síma 587-1140 eða 693-9818.

➤ Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Lærum saman í leik



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Lærdómsrík störf !!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á heimili fatlaðra að Sæbraut á Seltjarnarnesi.

Helstu verkefni:

- Veita þjónustunotendum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum
- Samstarf við aðstandendur

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samvirkusemi

Í boði er:

- Spennandi og lærdómsríkt framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi, þjálfun og námskeið
- Fjölbreytt verkefni

Leitum að þroskaþjálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða ÞÍ. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma. Sjá einnig auglýst störf á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Umsóknarfrestur er til 23. september nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtíamvistunum.

smfr

● Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15,
Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Rautt, traust og kraftmikið!

Burðarinet

Ábyrgðarfullur og metnaðargjarn starfsmaður óskast til starfa við gagnaflutningsnet Vodafone. Starfið felur í sér uppsetningu og rekstur IP/Ethernet flutningsneta, eldveggja og annara flutningskerfa Vodafone. Vodafone rekur Cisco MPLS, IP og Ethernet flutningsnet, NG-SDH flutningsnet og ATM flutningsnet. Í boði er spennandi starf með eitt flottasta fjarskiptakerfi landsins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkfræði eða tæknifræði kostur
- Sérstök þekking á rekstri búnaðar frá Cisco kostur
- Tveggja ára reynsla af rekstri fjarskiptabúnaðar skilyrði

Stjórnborð

Vodafone óskar eftir að ráða tæknimann á stjórnborð. Starfið felur m.a. í sér eftirlit með fjarskiptakerfum Vodafone, viðbrögð við rekstrartruflunum og samskipti við viðkomandi ábyrgðaraðila. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Ábyrgðarsvið:

- Svörun í neyðarnúmer lykilviðskiptavina vegna tæknilegra mála
- Eftirfylgni og miðlun upplýsinga til starfsmanna og viðskiptavina
- Mælingar, uppsetningar og lokafrágangur á DSL tengingum

Hæfniskröfur:

- Mikil þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður í starfi
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á IP
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg

Nánari upplýsingar um störfín veitir Sonja M. Scott, verkefnastjóri starfsmannþjónustu í síma 599-9198. Umsóknir óskast sendar á sonjas@vodafone.is fyrir 20. september.

Vodafone er þjónustufyrirtæki og góð þjónusta eru okkar einkunnarorð. Við höfum sterka þjónustulund og erum ávallt jákvæð, jafnt inn á við sem út á við.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone



WE ARE HIRING

GRAPHIC DESIGNER

Talented, team-oriented graphic designer to assist in various design tasks for CCP and EVE Online. Responsibilities will include graphic layouts and design implementations for marketing initiatives ranging from printed materials to online advertising campaigns.

GAME LOGIC PROTOTYPE PROGRAMMER

To build a bridge between game designers and core programming group, rapidly prototyping and iterating game systems for upcoming expansions. Must be well organized and with good object oriented programming and SQL skills.

NETWORK ENGINEER

To develop, implement and operate CCP's network infrastructure. Also required to work with the development, marketing, customer support and others teams in analysis and design. To provide technical and architectural direction on our international office network infrastructure and the operation of MMOGs.

PROJECT MANAGER

The projects to be tackled are diverse and involve working with people from all over the company as well as some external partners. Forming teams of people to accomplish the projects which range from a few weeks to a few months.

DATABASE ADMINISTRATOR

To be part of a team that manages and operates all IT infrastructure. IT infrastructure includes the operation of EVE-Online clusters with large MS SQL installation, in which performance and reliability remain critical to the company. Main responsibility stays to manage and tune performance of the company SQL servers but also to take part in the planning, managing of other centralized IT systems like Exchange, Virtualization clusters, AD and so forth.

DATABASE PROGRAMMER

With emphasis on database programming for our software group to help make and maintain MMO platform systems. Platform systems include global game systems (like chat or event logging), metrics, and other game systems global to the game service. The successful candidate will have expert knowledge of and experience in the design, implementation and continuing support of client/server database applications using Python in Microsoft SQL. Experience and knowledge of database procedural programming is required.

USER INTERFACE & AUDIO DEVELOPER

The ideal candidate needs good experience in programming UI, skills in graphic design and prototyping necessary to represent these ideas in a visually convincing way. The ability to create interactive prototypes in Flash is a big plus. The developer would also be responsible for integrating third audio engines into the client application as well as working with hardware and driver manufactures on sound support. Experience in client-based application UI development is required.

TECHNICAL ARTIST

To integrate art into the EVE game engine using both in-house and existing art tools. To assist in building new shaders, animations, effects and graphics functionalities in our rendering engine.

CONCEPT ARTISTS

That can design characters and environments for state-of-the-art games. Responsibilities include; drawing and/or painting designs for characters and environments that are then translated into 3D.

ASSOCIATE ART PRODUCER

To assist Art and Technical Producers to coordinate activities and act as liaison between CCP technical, art departments and outsourcing partners.

All positions demands high organizational capabilities, excellent people skills, flawless written and reading English skills and the ability to thrive in a dynamic environment, where things changes rapidly. More information on requirements and what education/skills are preferable for each position are on our webpage: www.ccpgames.com/jobs



Sérfræðingur á innkaupasviði

Vegna aukinna umsvifa óskar Promens eftir að ráða, á aðalskrifstofu félagsins í Kópavogi, sérfræðing á innkaupasvið samstæðunnar. Framleiðslueiningar Promens og birgjar eru dreifðir víða um heim og því geta talsverð ferðalög fylgt starfinu. Í boði er spennandi tækifæri í ört stækkandi alþjóðlegu fyrirtæki.

Starfssvið

- Þróun og ábyrgð á upplýsingakerfi innkaupasviðs
- Greining á hræfnismörkuðum
- Utanumhald um rammameninga
- Söfnun upplýsinga og skýrslugerð
- Aðkoma að samningaviðræðum

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða sambærilegt
- 1-3ja ára starfsreynsla á vinnumarkaði
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á ensku
- Nákvæmni og samvirkusemi
- Hæfni í mannlegum samskiptum



Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir **16. september** nk. Nánari upplýsingar veita Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is og Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is hjá Hagvangi.

Promens er leiðandi fyrirtækjasamsteypa í plastiðnaði með 63 verksmiðjur í 22 löndum og u.þ.b. 6.000 starfsmenn.

Vörur samsteypunnar skiptast í þrjú meginflokkka: Pakkningar fyrir t.d. matvæli, lyf, hreinlætis- og snyrtivörur. Íhlutir fyrir t.d. bíla-, þungavinnuvéla- og rafeindaiðnað. Ker og tankar fyrir t.d. matvæla-, líftækni-, efna-, og byggingaiðnað. Nánari upplýsingar um Promens má finna á www.promens.com.

PROMENS HF. • HLÍÐASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI: 580 5550 • FAX: 580 5551 • info@promens.com • www.promens.com



Bráðvantar hressan og skemmtilegan nema á hárgreiðslustofuna **Solid Hár.**

Sími 551 0808

Endilega hafið samband í síma: 869-6921, Selma.



SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

Hjúkrunarfræðingar

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann óska eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa.

Þarf að geta unnið næturvaktrir

Á Sjúkrahúsinu Vogu er starfrækt afeitrun og meðferð áfengis og vímuefnasjúklinga..

Við hvetjum þá hjúkrunarfræðinga sem eru að hugsa um að breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Frekar upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, síma 824 7615 netfang thora@saa.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKI HF. LEITAR AÐ SÉRFRÆÐINGI Í TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla í tölvu- og upplýsingatækni í fjármálaumhverfi
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

STARFSSVIÐ

- Eftirlit með rekstri tölvukerfa
- Umsjón með upplýsingaöryggi
- Samskipti við þjónustuaðila

Umsókn sem greinir frá menntun, reynslu, fyrri störfum og öðru sem gagnlegt getur talist, sendist á netfangið: starf@sagacapital.is fyrir 17. sept. nk.

Saga Capital er alþjóðlegur fjárfestingarbanki sem starfar á afmörkuðum sviðum fjármála og veitir þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, útlána og verðbréfavíðskipta. Bankinn tekur jafnframt virkan þátt á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum með fjárfestingum fyrir eigin reikning.

Saga Capital

LAGER/ÚTKEYRSLA

Heildverslun á miðju höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða traustan og duglegan starfsmann, sem fyrst í fullt starf. Vinnutími kl: 08.30 - 17.00 mánud. - föstudaga. Um er að ræða snyrtilega smávöru. Reyklaus vinnustaður.

Við leitum að einstaklingi sem er:

- nákvæmur
- heiðarslegur
- stundvís
- hraustur

og hefur:

- þjónustulund
- tölvukunnáttu
- enskukunnáttu

Vinsamlegast skilið inn umsókn á netfangið box@frett.is fyrir föstudaginn 14. sept. merkt: „Lager/Útkeyrsla“.



Óska eftir rafvirkjum

Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?

Við leitum að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu. Bill + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu.

Vinsamlega sendið inn umsóknir á godirmenn@godirmenn.is.
Upplýsingar í síma 820 5900.



Sérfræðingur - Lyfjagreiðslunefnd

Lyfjagreiðslunefnd óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi.

Helstu verkefni:

Afgreiðsla erinda til nefndarinnar m.a. verð- og greiðsluþátttökuumsóknir
Verðsamanburður á milli landa
Verðútreikningar og tölfræðiúttektir
Annast og aðstoða við útgáfu lyfjaverðskrár
Samvinna og samskipti samstarfsstofnanir og nefndarmenn
Samskipti við erlenda og innlenda hagsmunaaðila

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði, heiluhagfræði eða sambærilegra greina
- Góð tölvukunnáttu
- Góð enskukunnáttu, dönsku eða sænskukunnáttu kostur
- Nákvæm, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, rík þjónustulund og áhugi á að læra

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar veitir Rúna Hauksdóttir Hvannberg formaður lyfjagreiðslunefndar í síma 5539050. Einnig bendum við á heimasíðu Lyfjagreiðslunefndar: www.lgn.is

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar með tölvupósti til runa@lgn.is eða til Lyfjagreiðslunefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík fyrir 24. september 2007.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Lyfjagreiðslunefnd er skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skv. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Sjá enn fremur lög nr. 83 9. júní 2004.

Lyfjagreiðslunefnd starfar samkvæmt reglugerð 213/2005. Helstu verkefni nefndarinnar er að ákveða að fenginni umsókn hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu, sem eru með markaðsleyfi. Jafnframt ákvarða hvort sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu lyfja, sem eru á markaði hér á landi og ákvarða greiðsluþátttökuverð.



Ertu verkfræðingur eða tæknifræðingur?

Við vinnum

hjá VST - öflugum þekkingarfyrirtæki sem stendur fyrir fjölbreyttum og skapandi verkefnum. Við erum með sjö starfsstöðvar vítt og breitt um landið og teljum í heildina rúmlega 160 manns.

Við leitum að hæfu og áhugasömu samstarfsfólki sem vill byggja upp enn betri vinnustað með okkur.

Við erum VST

Við erum fjölbreyttur hópur og myndum sameiginlega þann verðmæta mannauð sem árangur okkar og reynsla byggir á. Við leggjum áherslu á jákvæða samvinnu og frumkvæði og tökumst á við störf okkar af metnaði og fagmennsku. Við gerum jafnframt kröfu um jafnrétti og jafnræði á vinnustaðnum og að hvert okkar njóti starfs- og þekkingarþróunar við hæfi. Við erum stolt af að vinna hjá trausta fyrirtæki sem hefur starfað við góðan orðstír frá árinu 1932.

Í Reykjavík vantar lagnahönnuð við hönnun á lögnum og loft-ræsikerfum, vélaverkfræðinga eða véltæknifræðinga til að hanna vélbúnað og hafa eftirlit með uppsetningu. Við leitum einnig að verkfræðingi eða tæknifræðingi vegna verkefna sem varða öryggi og áhættumat framkvæmda og mannvirkja.

Á Akureyri vantar burðarvirkjahönnuð við hönnun steypuvirkja, timburvirkja og stálvirkja og einnig vantar okkur hönnuð á gatna-kerfum og vatns- og fráveitukerfum.

Á Selfossi leitum við að hönnuði veitulagna til að hanna og hafa eftirlit með vatns- og hitaveitum.

Á Ísafirði, Egilsstöðum, í Reykjanesbæ og í Borgarnesi vantar byggingarverkfræðinga eða byggingartækni-fræðinga til starfa við hönnun og eftirlit.

Umsóknarferli

Ítarlegri upplýsingar um störf er að finna á www.vst.is.

Einungis er hægt að sækja um störf á heimasíðunni á umsóknar-eyðublaði sem þar er að finna. Trúnaði er heitið við meðferð umsókna og verður öllum umsækjendum svarað.

Nánari upplýsingar:

Elin Greta Stefánsdóttir starfsmannastjóri,
sími 569 5000, elin.greta.stefansdottir@vst.is



VST Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

Atvinna.is
Ráðningaráþjónusta

Störf í boði

Okkur vantar fólk í eftirtalin störf.

Heildsala (80% starf):

Heildsölu fyrirtæki sem selur þekktar heimilsvörur leitar að góðri sölumanneskju í heildsölu sína. Aldurinn 30 +

Afgreiðslustarf:

Okkur vantar fólk í afgreiðslustörf. Við leitum að fólk bæði í 100% störf og hlutastörf koma einnig til greina.

Öryggisverði í farandgæslu:

Öryggisfyrirtæki leitar að öryggisvörðum í farandgæslu. Unnið er á 12 tíma vöxtum.

Tæknimaður:

Leitum að tæknimanni fyrir tæknifyrirtæki kostur ef hann er rafeindavirki eða rafvirki en það er ekki skilyrði.

Handlaginn:

Vantar handlaginn starfsmann. Verður að geta tekið að sér hin ýmsu verk. Gott ef viðkomandi er með iðnmetnun.

Skóverslun (Hlutastarf):

Skóverslun leitar að starfsmanni í hlutastarf

Afgreiðslustarf á Selfossi:

Okkur vantar fólk í afgreiðslustörf á Selfossi. Við leitum að fólk bæði í 100% störf og hlutastörf koma einnig til greina.

Réttingarverkstæði:

(Bílasprautun)
Þekkt sprautunar og réttningarverkstæði leitar að í bílasprautun helst með þekkingu á Capaskerfi en ekki skilyrði.

Vinsamlegast sækid um á heimasíðu okkar atvinna.is

þar sem leitinn hefst

| Sími 552-9300 | netfang atvinna@atvinna.is

hbh

Byggir til framtíðar

HBH framkvæmdir ehf. óska eftir:

Trésmiðum

Starfssvið

- Almenn trésmiðastörf, jafnt úti sem inni
- Mótauppsláttur
- Vinna á trésmiðaverkstæði
- Fjölbreytt verkefni á höfuðborgarsvæðinu og erlendis
- Spennandi starf fyrir rétta aðila

Hæfniskröfur

- Menntun í trésmiði er æskileg
- Vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná langt í starfi

HBH framkvæmdir ehf. er öflugt 80 manna fyrirtæki í örur vexti. Við sjáum jafnt um hverskonar framkvæmdir á sviði hönnunar, skipulagsvinnu, endurbyggingar og nýbyggingar.

Fyrirtækið sinnir framkvæmdum jafnt hér á landi og erlendis og leitar nú að vönum trésmiðum til að sinna fjölbreyttum verkefnum m.a. á fullkomnu trésmiðaverkstæði okkar.

Umsóknir óskast fyrir 14. sept. nk.

Upplýsingar eru veittar í gegnum nefangið: karlomar@hbh.is eða á skrifstofu HBH í síma: 553 3322.

HBH framkvæmdir ehf.
Sími: 553 3322
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík

Einnig má fylla út umsókn á www.hbh.is



SECURITY AND DETECTION GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this position is September 23, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>



Óskar eftir bifvélavirkja

Aðalstarfssvið: Bilanagreining og viðgerðir á VW og Mitsubishi bifreiðum

Uppl. gefur Björn Berg í sínum 847 0771 & 535 5825 bjorn@framtak.is



Bifreiðastjórar með hópþingréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

Komdu og keyrðu með okkur

TOYOTA Í KÓPAVOGI

Óskar að ráða í eftirtalin störf:

Starfsmaður í söluskoðun notaðra bíla

Starfssvið:

- Almenn söluskoðun

Hæfniskröfur:

- Próf í bifvélavirkjun
- Góð þekking á bílum skilyrði
- Reyndsla af söluskoðun æskileg

Vinnutími: 09:00 - 18:00

Toyota í Kópavogi leitar eftir einstaklingum sem eru metnaðargjarnir, samviskusamir og jákvæðir, með ríka þjónustulund og liprir í mannlegum samskiptum. Í boði eru spennandi framtíðarstörf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki.

www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogur
Sími: 570-5070

Starfsmann í þrif og standsetningu á nýjum bílum

Starfssvið:

- Þrif og standsetning nýrra bíla

Hæfniskröfur:

- Reyndsla af þrifum á bílum æskileg
- Vandvirkni og nákvæmni
- Góð þekking á bílum kostur

Vinnutími: 08:00 - 18:00

Áhugasamir sendi umsókn á atvinna@toyota.is ásamt ferilskrá, merkt viðkomandi starfi. Umsóknarfrestur er til 17. september. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu fanny@toyota.is

Toyota Kópavogi er umboðsaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og nán samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.



TODAY TOMORROW TOYOTA

JEPPADEKK - HJÓLBARÐAR

Alorka selur hjólbarda fyrir jeppa, vörubíla og vinnuvélar. Okkur vantar traustan starfskraft í fjölbreytt sölu- og afgreiðslustarf fram til áramóta. Möguleiki er á framtíðarstarfi fyrir réttan aðila.

Helstu verkefni:

Sala og afgreiðsla á hjólbörðum og öðrum vörum fyrirtækisins. Mikróskurður og neglingar á dekkjum. Útkeyrsla og lagerumsýsla

Hæfniskröfur:

Áhugi á farartækjum og hjólbörðum er kostur Almenn tölvukunnátta (e-mail, Word, Excel) Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, áreiðanlegur og hafa góða samskiptahæfileika.

Í boði er áhugavert starf, góð vinnuaðstaða og sanngjörn laun. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Til greina kemur að sækja um hlutastarf.

Sendu umsókn með ferilskrá í tölvupósti til alorka@alorka.is fyrir 15. september.



www.alorka.is

LJÓSAVERSLUN**STARFSMAÐUR ÓSKAST****AFGREIÐSLUSTARF**

Óskum eftir að ráða traustann starfsmann til almennra verslunarstarfa. Framtíðarstarf fyrir góðann starfsmann.

Umsóknir, með upplýsingum um aldur og fyrri störf berist til auglýsingadeildar Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt Ljósaverslun 1011 fyrir 14. september.



Ármúla 24

ZEI OF



Ömmubakstur leitar að rökum starfsmanni við við útkeyrslu og uppröðun í verslanir.

Áhugasamir sendið inn umsókn í netfangið ommubakstur@ommubakstur.is

Ráðningarbjónusta**Ert þú í atvinnuleit?****Fjöldi starfa í boði.**

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

Kannaðu málið á

www.hhr.is



HH Ráðgjöf • Fiskisloð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



**GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR**

Netsérfræðingur óskast

Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur í tæknideild Gagnaveitu Reykjavíkur. Tæknideild sér um tæknilega uppbyggingu, rekstur og viðhald á gagnaflutningskerfi GR.

Starfssvið:

- Skilgreining á kröfum til alls netbúnaðar.
- Skipulagning á útbreiðslu IP/MPLS netkerfis.
- Val og innkaup á netbúnaði.
- Uppfylla kröfur GR um uppítíma og viðgerðir á IP/MPLS netkerfinu.
- Mælingar á gæðum og afkastagetu netbúnaðar.
- Tækni- og rekstrarleg samskipti við þjónustuveitur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu.
- Reynsla af hönnun, uppbyggingu og rekstri flókinna netkerfa er æskileg.
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð.

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að uppbyggingu, þjónustu og rekstri á gagnaflutningskerfi byggt á ljósleiðara-tækni. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og Internet, byggt á IP/MPLS tækni.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is

**MERKJASTJÓRI**

Til að taka þátt í starfsemi leiðandi heildsölufyrirtækis á sviði snyrtivara og til að styrkja enn frekar öflugna liðsheild og mannauð, leitar Forval að áhugasömum einstaklingi til starfa sem vörumerkjastjóri.

Forval ehf.

er rótgróin heildverslun sem stofnuð var árið 1976. Fyrirtækið skiptist í tvö megin svið, þ.e. fjármála- og rekstrarsvið og sölu- og markaðssvið.

Forval er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og hefur reksturinn vaxið ört hin síðustu ár. Vöruúrvalið er mjög fjölbreytt og er Forval í viðskiptum við yfir 20 erlenda birgja. Fyrirtækið hefur umboð fyrir mörg af þekktustu snyrtivörumerkjum í heiminum.

Frá upphafi hefur markmið Forvals verið að bjóða viðskiptavinum sínum upp á hátt þjónustustig í viðskiptum.

Hjá Forvali starfar samhentur hópur fólks með víðtæka reynslu. Starfsmenn eru nú um 22 talsins.

www.forval.is

Reyfarakaup á haustrútsölum. 2007 Ford F150, Toyota Tacoma eða Dodge RAM frá 1990þús! Stærri pallbilar og sendibílar benzín/diesel á tombóliverðum. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Til sölu Mercedes Benz Ateco 1228, árg. 2005, ekin 56 þús km. 2ja tonna lyfta, heil opnanleg hlið. Uppl. í síma 894 4033.



Til sölu Mercedes Benz Ateco 1228, árg. 2005, ekin 56 þús km. 2ja tonna lyfta, heil opnanleg hlið. Uppl. í síma 894 4033.

Hópfæribílar



Mercedes Benz Sprinter 416. árg 2005. 19 sæti, ekin 45 þús, Diesel, beinskíptur. Verð 5,5 mio, s. 8975488



Til sölu Volvo fm 12 420 árg. '04 ek. 17.800. Verð 8. millj + vsk, uppl. í s. 869 6625.



M.Benz 4143 8x8 árg.'00 ek. 150 þús. Verð 4.3 millj.+ vsk. Uppl. í s. 660 0041.




M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041



M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041



M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041




M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041



M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041



M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041



M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041



M.Benz 2648 6x4 dráttarbil m.dælu árg.'00 ek. 472 þús. Verð 2.8millj.+vsk Uppl. í s. 660 0041

Hjólhýsi



Adria '89. Ný innflutt. Fortjald + aukatjald. Verð 450 þ. Einnig fortjald fyrir hjólhýsi 5,5 m. Uppl. í s. 699 4329.

Fellihýsi

Palomino Colt árg. '06. Fortj., sólar-, grjótr., auka gas og fest. 1100 þús staðgr. S. 860 6401 og 564 1534.

Bátar



Færeyvingur til sölu. Mjög góður bátur ásamt vagni. Skráður, sjálfvirk tilkynningarskylda. Garmin leiðsögutæki, dýptarmælir, talstöð, kamína og fl. Allar nánari uppl. gefur Ólafur í síma 896 4090.

Óska eftir 6 manna, notuðum, Zodiac gúmmibát. Uppl. í s. 553 1500. Sægreifinn.

Til sölu harðbotna gúmmibátur, Narwhal árg. '00 frá Vélasöluinni. Lengd 4m. Án alls búnaðar. Verð 280 þús. Uppl. í s. 897 2568.

Hjólbarðar



17" álfelgur Original Audi. Verð 45 þ. S. 820 3478.

Varahlutir



Vélar ehf. Vatnagarðar 16

Alternatarar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlj. S. 568 6625. www.velarehf.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Grundfos vatnsdæla Type JP5 2AA, tilvalin fyrir sumarbústaðaeigendur. Dælan er sem ný, kr 29 þús. Uppl. 565 2579 og 899 4891.

Bækur, leðurskrifstofustólar, eldavél, hillur, skilrúm, fataskápur o. m. fl. Uppl. í s. 694 5987.

Ljósritunarvél, fax og prentari í s. tæki. Uppstoppaðir fuglar, útskorin lampi og málverk. Uppl. í s. 821 0645.

ATVINNA

Starfsmaður óskast í blikksmiðju. Helst vanur. Upplýsingar gefur Guðjón í síma 898 4745. ALUR BLIKKSMIÐJA

Hljóðfæri

Til sölu Sonor trommuset, innan árs gamalt. 2 bassatrommur, 5 symbalar, 3 tomtom + páka. Sem nýtt. Kostar u.þ.b. 300 þ. nýtt - fæst á 220 þ. Fyrstur kemur - fyrstur fær! S: 662 1150.

Line 6 variax 700 gítar til sölu og Spider 212 magnari til sölu. Uppl. í s. 697 6647 Magnús.

Tölvur

Vel með farin PS 2 ásamt 7 leikjum kr. 22.500. Uppl. sími 864 5160.

Til bygginga

Vantar mótatímur 1x6 og 2x4. Vantar einnig beygjúvél og klippur fyrir steypujárn. Steini 862-7077

Verslun

Sundbolir & Bikini COS Glæsibæ S. 588 5575

ÞJÓNUSTA

Garðyrkja

Umhverfisprýði ehf. 25 ára reynsla. Hellulagnir, Vegghleðslur, Sólþallar, Túnþökulagnir, Jarðvegsvinna. 520 1220



Smágröfupjónusta.is hefur allt sem til þarf, þegar vinna á í lóðum og við hvers kyns jarðvegsvinnu. Gröftur, akstur. Útvegum allt efni eins og t.d sand, mold, Holtgrjót. Fjarlægjum allt það efni sem losna þarf við. Sími 898 2883, Magnús.

Spádómar

www.orlagalinan.is Örlaga línan Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Ópið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Alspá 445 5000 Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbærir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. Vísa Euro Masters. Ópið 12-24. www.spamidlun.com

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Vísa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Húsaviðhald

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN Sími 892-1565

892 1565 - Húseignarþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstipv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Viðhaldsverk

Tökum að okkur viðhald allra fasteigna, utanhúss sem innan. Viðhaldsverk s. 869 3934.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípu- lögnum og flisalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Viðhald, breytingar úti og inni. Sólþallar. gerum tilboð. Smíðalausnir s. 899 3011.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Iðnaður

Tökum að okkur allan fráslátt og gerum tilboð í verkefni. Marga ára reynsla. Uppl. í s. 690 7176.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldri húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum. Fjót og góð þjónusta Sími 893 1733 Jón Jónsson Löggiltur rafverktaki www.raflagnir.is

Aðeins löggiltir rafverktakar mega taka að sér vinnu við raflagnir. sart www.sart.is

Önnur þjónusta

FYRSTA SPÓLAN ÓKEYPISI! Færum myndbandsspólur, filmur, vinylpötur, ljósmyndir og kassettur á DVD eða geisladíska. DVD fjólföldun. GAGNVIRKNI

Til þjónustu reidubúinn Eldri iðnaðarmaður óskar eftir ýmsum snúningsstörfum, td. sendiferðir, múra, mála eða flisaleggja. Fyrir eldri borgara og öryrkja ofl. Hef bíl til umráða. Leggjið inn fyrirspurnir á fréttablaðið merkt traust og heiðarleiki. eða í S. 554 2653 & 866 3175.

Heimasíður - Þjónusta Set inn á heimasíður gott verð. Uppl. í s. 858 7764. „Geymið auglýsinguna“.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Viltu léttast hratt og örugglega? www.diet.is - www.diet.is Margrét s. 699 1060.

5 mínútur í þynni þig. Fri líkamsgreinirng. Dagný Davíðsd. S.D.A. Herbalife 897 7612

Oolong brennslu- & heilsuteið. 157% meiri brennsla en af grænu tei. Mjög vökvæðis. 50 daga skammtur á 3900. siljao@internet.is 845 5715.

Fæðubótarefni Viltu léttast? Eða þynngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd Vandaðir ferðanuddbakkir og fylgihlutir til sölu 45.000 st.gr. 891 6447, Ólafur

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SCHOOL ICELANDIC Intensive Icelandic-Íslenska fyrir nýbúa Level 1/4 weeks starts 24/9, 22/10, 14/1, 5 x p/week 18-19:30. Level II/7 weeks x 3 p/week 19:45-21:15, 15/10,14/1. Ármúli 5. s. 588 1169 - ff@icetrans.is



Naglaskóli Nýtt námskeið að hefjast. Naglaskóli Ólafur. Uppl. í s. 578 1212. Vantar góðan naglifræðing. Naglalindin s. 578 1212.

Kennsla



Harmonikukennsla Einkatímur. Haustönn hefst í september fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun í s. 690 7424 eftir hádegi.

Píanokennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

Flug



Flugklúbbur Flugskóla Íslands Góður kostur fyrir tímarsöfnun og einkaflug. Upplýsingar í síma 825 1505.

HEIMILÍÐ

Dýrahald



Krúsi hefur ekki komið heim á Öðinsgötu í Reykjavík síðan 25/7. Leit í hverfinu hans hefur ekki borið árangur ekki heldur auglýsing hjá Kattholti eða dýralæknum. Hann er svartur með nokkur hvít háir á maga og bringu, með glansandi feld. Hann er geltur, örmerktur og eynamerktur 31 og var með rauð-hvíta ól með rauðu merkisþjald með heimilisfangi og símanúmeri. Ef þú hefur upplýsingar um aðdrif hans vinsamlegast hringdu í 8244864. Kristín

Til sölu svartur hreinræktaður 12 vikna labradorhvolpur, rakkí. Ættbók HRFÍ, yndislegur, ljúfur og húshreinn. Foreldrar sýndir og veiðiprófaðir. Uppl. í síma 896 0028

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting Orlofshús á Akureyri Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 80.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

HÚSNÆÐI Húsnæði í boði Leigusalar auglýsa frítt. Leigjendur leita frítt. Leiga.is býður

ÞORLÁKSHÖFN til leigu 100 ferm. 3ja herb. sérhæð í tvíbýli. Laus strax. Uppl. í síma 6161569

Til leigu 2 herb. íbúð 50 fm í Hafnarfirði. Laus strax. Uppl. í síma 893 9777

Stúdíó íbúð og herbergi til leigu í Stórholti Upp. í s. 8993749 og 8958698

Til leigu 3 herb. 90 fm íbúð á svæði 111. 2 mán. tryggingavíxill, laus strax. Leiga 115 þ. á mán. Áhugasamir sendi umsóknir á fréttablaðið merkt Húsnæði 13. Fyrir 15 sept.

Íbúð til leigu í hjarta miðborgarinnar, Bankastræti. 150 fm, stórar svalir. Uppl. á bjork25@gmail.com

Til leigu rúmlega 100 fm iðnaðarhúsnæði við Eldshöfða. Með 50 fm sal með mikilli lofthæð og háum innkeyrsluhurðum og rúmlega 50 fm skrifstofu-rymi á efri hæð. Leiga 95 þ.kr. á mán. Uppl. í s. 863 4515 & 893 3137.

Til leigu eða sölu, atvinnuhúsnæði við Hlemm. 210 fm. Aðkoma fyrir hjólastóla. Allt kemur til greina í húsnæðinu. Áhugasamir sendi inn nafn og símanúmer á bjarni_smidur@hotmail.com

Parhús í Hveragerði 3ja herb 70 fm parhús m. afgirtum garði til leigu í veter. Innbyggður ísskápur, uppþvottavél og þvottavél fylgja. Dýrahald engin fyrirstaða. Uppl. í s. 567 0944 og 663 6342

Húsnæði óskast Reglusamt par með hund leitar að 2 herbergja íbúð Reglusamt par með hund leitar að 2 herbergja íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Skilvísun greiðslum heitið, Greiðslugeta 70-100 þús. íbúðinn verður að vera snyrtileg og helst með sér-inngangi. Meðmæli ef óskað er. Áhugasamir endilega hafið samband í síma 868 1509 Guðlaugur.

47 ára iðnaðarm. vantar 2ja herb. íbúð með sanngj. leigu í huga. Er reglus. og ábyrgur. S. 895 0450.

Húsnæði óskast til leigu í Reykjavík eða Kópavogi. Uppl. Guðmundur 694 5987.

Er að leita að 3 herb. íbúð eða stærra, á höfuðborgarsvæðinu. Gr. geta um 100 þ. Er með 300 þ. fyrirfram. S. 696 9694 Sólveg.

Einstæð móðir óskar eftir 3ja herbergja íbúð í Hafnarfirði sem allra fyrst. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Skilvísni og reglusemi heitið. Uppl. í s. 698 9122.

24 ára reglusamur maður óskar eftir einstkl. eða 2. herb. íbúð. Greiðslugeta 70 til 80 þús. Uppl. í síma 5861339 & 8669363.

Bílskúr Bílskúr til leigu í Móhelli Hfj. 27 fm með hita og rafmagni. Uppl. í s. 895 6594.

vísir.is Fyrstur með fréttirnar

ATVINNA

Atvinna í boði



Fristundaheimili Starfsfólk óskast á fristundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

„Viltu slást í hópinn með JÓA FEL ??“ Höfum í boði afgreiðslustörf í bakariinu okkar á Kleppsvægi. Einnig í boði helgarvaktir sem henta vel fyrir skólafólk. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvægi. Bakarið Hjá Jóa Fel, Kleppsvægi 152



Korníð Bakari Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í Hjallabrekku frá kl. 7-13. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

Korníð Bakari Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á Tjarnarvöllum frá kl. 12-18.30. Uppl. í s. 864 1593, Ella.



Korníð Bakari Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í Borgartúni frá kl. 12-18.30. Uppl. í s. 864 1593, Ella.



Korníð Bakari Óskar eftir hressu og skemmtilegu fólki í helgarvinnu á eftirfarandi stöðum: Spönginni, Lækjargötu, Tjarnarvöllum, Hjallabrekku og N1 Bildshöfða. Uppl. í s. 864 1593, Ella.



American style Hafnarfirði Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Eru með störf í kvöld- og helgarvinnu og einnig í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábær folk. Komdu í fjórðinn og sæktu um á americanstyle.is

Matreiðslunemar óskast Veitingastaður Sigga Hall á Hótel Óðinsvöðum óskar eftir að ráða matreiðslunema. Upplýsingar gefur Eypör í síma 511 6677 & 898 8386 eða eythor@odinsveum.is

Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrir-tækni? Við viljum bæta við duglegum og jákvæðum pizzabakara og aðstoðarmanni í eldhús. Góður vinnustaður. Róttgróin rekstur. Fullt starf unnið á vöktum. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir Sophus s.893-2323

Gler og lásar - neyðarþjónustan. Starfsfólk óskast strax, þarf að vera laghent, með bílpróf og hreint sakavottorð. Skíla þarf sakavottorði í viðtali. Unnið er að hluta milli kl. 9-18 og að hluta á vöktum milli kl. 8-20 eða 20-8. Starfsþættimur eru, verslun, verkstæði, útköll, glerjun. Umsóknum skal skilað á las@las.is



Mosfellsbakari Mosfellsbakari á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.



Mosfellsbakari Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.



Aðstoðarverslunarstjóri Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund í stöðu aðstoðarverslunarstjóra. Starfið felur í sér að vera hægri hönd verslunarstjóra, hjálpa til við uppgjör, talningu og ráðningar auk almennra afgreiðslustarfa og þrifs. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár.



Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla í vetur? Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is eða á viðkomandi stað. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.

Viðgerðarmaður óskast til að gera við tæki og bíla. Upplýsingar í síma 660 0040 Úrd og Grjót ehf

Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrir-tækni? Viljum bæta við þjónustufólki. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir Sophus s. 893 2323.



Ert þú næturmanneskja? Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrir-tækni? Viljum bæta við þjónustufólki. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is Uppl. um starfið veitir Sophus s. 893 2323.



Wella - Sebastian - VIDAL SASSON Hármódel óskast fyrir hársýningu sem haldin verður 23 September Nánari upplýsingar í sínum 696 6911, 869 4915 og 696 6929



Ítalía - Veitingahús Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal á kvöldin og um helgar. Einnig leitum við að starfsmanni í fullt starf í sal, (11.00-23.00) frá og með 1. október. Um er að ræða fram-tíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Óskum líka eftir að ráða starfsmann í uppvask og aðstoðarmann í eldhús á kvöldin og um helgar. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11

Leikskólakennari Komdu að vinna á frábærum nýjum vinnustað. Ertu, glaður, metnaðarfullur, umhyggjusamur og góður í samskiptum. Okkur vantar kennara til að sjá um barn með sérþarfir. Leikskólinn Rauðhóll Vináttu-Virðing-Velliðan S. 517 2566 & 693 9812 eða raudholl@leikskolar.is Norðlingaholt.

Húshjálpar óskast til þess að þrifa heimili 1-2x í viku. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 664 9051 e.kl. 13. Einnig hægt að senda fyrirspurnir á einar@mamma.is

Pípulagnir Faglagirnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamann vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

Starfsmann með bílpróf vantar Söðthreinsun og þríf óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstipvott og söðthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. soddthreinsun@soðthreinsun.is - www.soddthreinsun.is

-Hlaðbær Colas hf.- Vantar mann á malbikssög og flokkstjóra í uppúrtekt við malbiksviðgerðir Mikil vinna í boði. Hafíð samb. við Verkstjóra. - S. 660 1921.

Símadömur óskast Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar. Vinsaml. leitið frekari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

Holtabakari Grafarholti Auglýsir eftir hressu og stundvísu starfsfólki til afgreiðslustarfa virka daga og um helgar. Uppl. í s. 557 2414 milli 09-14, Valborg, & 863 5950 Ingibergur.

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir því að ráða duglegan og skemmtilegan starfskraft í ræstingar. Vinnustaður er í Ofanleiti og um er að ræða dagvinnu. Upplýsingar veitir Herdis í síma 820 6219. Hlökkum til að heyra frá þér!

Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin Röska menn vantar í vinnu. Uppl. í s. 553 1055 & 897 1849 eða á staðnum. Gúmminnustofan SP Dekk, Skipholti 35.

Björnabakari-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnátta er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar veitir Ingibjörg í síma 661 2826 eftir kl 12:00 eða eli@tmi.is

Bifreiðastjórar með rútuþróf óskast til akstur með fatlaða einsaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 860 0761.

Í miðbænum, aðstaða til leigu fyrir snyrtifræðing, fótadaðgerðafæðing eða nuddara. Einnig óskast hársnartar í stólaeigu. Sendið nafn og símanúmer á bjarni_smidur@hotmail.com

Kvöld- og helgarvinnu. Hressir og þjónustulundaðir starfsmenn óskast í líftinn íbúðakjarna í vesturbænum nálægt háskólaborpinu þar sem búa 6 fatlaðir einstaklingar. Hentar vel með námi. Nánari upplýsingar gefa Droplaug 4112700 og Rannveig 5613041

Óskum eftir rösku starfsfólki með ríka þjónustulund til eftirfarandi starfa: 1. Umsjón með brauðadeild, afgreiðslu 2. Deildarstjóra fyrir grænmetis & ávaxta-deild, afgreiðslu. 3. Afgreiðslustörf og áfyllingar. Heilds dags og hlutastörf. Getum einnig bætt við fólki kvöld og helgar. Frekan upplýsingar gefur versl. stjóri í s:551-0224 og í versluninni milli kl. 9-18. Melabúðin Hagamel 39, melabudin@thinverslun.is

Atvinna óskast VANTAR ÞIG STARFSFÓLK? Útvegum starfsfólk þrjá Póllandi í allar sléttir atvinnuleysis. Erum einungis með faglegt fólk á skóla eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000,- m/vsk UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888 FAGRÁÐNING Sími 534 8888 - Fax 534 8887 Stangarhytur 7 - 110 Reykjavík

Vantar þig Smíði, múrara eða járnbindingamenn? Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafíð störf nú þegar. Proventus starfsmanna-þjónusta s. 661 7000.

23 ára barnshafandi óskar eftir tíma-bundnu starfi margt kemur til greina. Er með stúdentspróf. María s. 864 2284.

Ungur maður óskar eftir vinnu á lyftara er með meirapróf. S. 857 8083.

TILKYNNINGAR

Einkamáll

Fjárhagslega sjálfstæður karlmaður á miðjum aldri óskar eftir að komast í kynni við konu á svipuðu reki. Svör sendist fréttablaðinu merkt „GKJ“ fyrir 14. september.

allt heilsa Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Flottar jazz- og ballettvörur í miklu úrvali - Fimleikabollir - Tátiljur - Skautakjolar - Dansskór - o.m.fl. ÁSTUND Húsléttibraut 68 - Sími 568 4240

Einkamáll Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafíð samband í síma 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ - smáauglýsingar sem allir sjá

Ert þú á lausu?

Við erum tilbúin í samband með metnaðarfullu fólki

Við leitum að:

Fólki í áfyllingu

Áfylling á hillur í stórverslun okkar

Afgreiðslufólki

Almenn afgreiðsla við kassa og á gólfi

Veitingafólki

Umsjón veitingasölu

Deildarstjórum

Stjórn ýmissa deilda stórverslunar

Verslunarstjórum

Stjórn stórverslunar

Full störf og hlutastörf

Virka daga og um helgar



Við tökum sambandið alvarlega

Við þjálfum þig upp til að vaxa í starfi og hækka í launum

Sjá nánar á www.leikbaer.is



„Ég setti mér markmið og gerði mínum yfirmönnum ljóst hvar áhugasvið mitt lægi. Ég hef sótt námskeið og hef gert það sem mér var uppálagt að gera og er sáttur við gang mála í dag. Ég er ekki enn kominn á leiðarenda og ég og fyrirtækið erum sannfærð um að ég eigi mikið inni ennþá.“

Sigþór Árnason
2004 Starfsmaður, Faxafeni
2005 Verslunarstjóri, Hafnarfirði
2006 Sölustjóri, TB heildverslunar
2007 Markaðsstjóri



„Markmið starfsmannafélagsins er að efla starfsanda fyrirtækisins og finna leiðir til að starfsmenn geti hist reglulega og haft meira gaman saman. Það hefur heppnast mjög vel hingað til og lítur allt út fyrir að félagið komi bara til með að eflast á komandi tímum.“

Ólöf Garðarsdóttir
Formaður Starfsmannafélags
Verslunarstjóri, Kringlunni



„Ég lít á fyrirtækið sem fjölskyldu. Við ætlumst til mikils af starfsfólki okkar og það ætlast til mikils af okkur. Til þess að allir aðilar í fjölskyldunni geti dafnað þarf að ríkja traust og gagnkvæmur áhugi um velferð allra meðlima. Því viljum við að þú setjir þér markmið svo við getum vakað yfir þeim með þér.“

Elías Þór Þorvarðarson
Framkvæmdastjóri

Vilt þú vera memm?

Sendið inn umsóknir á netfangið prent@leikbaer.is eða á póstfangið Leikbær/Hobby Room, Faxafen 11, 108 RVK fyrir miðvikudaginn 12. september



Dótabúðin Leikbær



Hobby Room

Stórverslun (Haust 2007)



SMJÖRKLIPPARINN Klipið er miðlungsfast í tækið og þá dettur smjörstykkið niður á brauðsneiðina.

EGGJAGATARI Breiðari endi eggisins fer ofan í dældina og egginu er síðan þrýst snöggt niður á nál sem falin er ofan í apparatinu. Loftið sem er á milli skurnar og himnu sleppur því út þegar eggjið sýður og þar með minnka líkur á því að eggjið springi við suðu.



PIPARKVÖRN Piparkvörnin gengur fyrir rafhlöðum. Um leið og ýtt er á takkann, sem framkvæmir piparmulninginn, kviknar ljós undir tækinu sjálfu og varpar litlu en öflugtu kastljósi á matinn.



ÍSSKEIÐ Ísskeið með innbyggðum hitara. Snilldaruppfinning fyrir þá sem geta ekki beðið.



SÍTRÓNUPRESSA Sítrónupressa sem sumir hafa líkt við vopn sem gæti tekið augun úr manneskju en aðrir kalla listaverk.



KJÚKLINGA-SPÍRALL Kjúklingspírall lítur út eins og saklaus gormur en er notaður til að binda saman kalkún eða kjúklung. Eftir að fyllingunni hefur verið komið fyrir er gorminum snúíð í húð fuglsins og þar með helst hann saman.



Sérviskusálar í eldhúsinu

Í heimi allsnægta, þar sem allt er til, má finna hin undarlegustu eldhústól. Sumum finnst þessir gripir hin mestu þarfaping og geta ekki lifað án ísskeiðahitarans eða stafræna kjöthitamælisins. *Lára Björg Björnsdóttir* tók rúnt um bæinn og skoðaði tæki og tól sem koma að hinu undarlegasta gagni.



MANCÓSKERI Kjarninn í mangóinu næst í burtu með einu handtaki með þessari græju.



SALATPERRIR Nú þarf ekki að nota eldhúsrúllu til að þerra salatið. Salatinn er einfaldlega hent í ílátid og því snúíð þar til það þorna.



OLÍU ÚÐA-BRÚSI Olíu úðabrúsin dreifir Extra Virgin-ólífuolíunni sérstaklega vel yfir salatið.



STÁLSÁPA Stálsápan er notuð til að losna við hvítlauks- og lauklykt. Stálsápan er notuð eins og venjuleg sápa en stálið eyðir lyktinni. Ötrúlegt. Ötrúlegt.

Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ *Flottur*
- ✓ *Hagstæður*
- ✓ *Rúmgóður*
- ✓ *Traust bílaumboð*
- ✓ *Öruggur*
- ✓ *Góð þjónusta*



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

ÁST Í samstarfi við Vesturport
 15.9.07 kl.20:00
 18.9.07 kl.14:00
 19.9.07 kl.14:00
 20.9.07 kl.14:00
 SÓNGLEIKUR EFTIR
 ÓRSLA ÖRN GARDARSSON
 OG VÍKING KRISTJÁNSSON
 Miðasala 568 8000
 www.borgarfeikhus.is

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík
 28. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
 29. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
 12. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
 13. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00
 Miðasala daglega í Iðnó í síma 562 9700
 frá kl. 11 - 17 og á mid.is

Pabbinn
 PABBINN Á TÜR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

STUÐ MILLI STRÍÐA: Ást í poka sem ekki má loka

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR VARÐ EITT SINN ÁSTFANGIN AF PLAKATI



Ást er merkilegt fyrirbæri. Sem unglingur var ég sjúklega ástfangin af söngvara í hljómsveit. Ég hafði reyndar aldrei hitt hann, en hugmyndirnar sem ég gerði mér um þennan prýðilega söngvara urðu til þess að ég varð sífellt „ástfangnari“.

Hvers eðlis var þessi ást? Ég efast um að þessi ást hafi verið platónsk, því ég talaði náttúrulega aldrei við hann og varla var hún af holdlegum toga því ég hafði bara séð myndir af honum og eitt myndband. Þetta var ímyndunarást.

Seinna meir varð ég aftur ástfangin af hugmyndum mínum um

aðra manneskju. Þá var ég orðin eldri og viðkomandi ekki lengur plakat heldur raunveruleg persóna. Í upphafi sambandsins skemmti ég mér við að koma honum fyrir í ýmsum dagdraumum, en með tímanum byrjaði hann að hlaupta í kekki í huga mínum. Raunveruleikinn stangaðist á við óskhyggjuna. Ég fékk hausverk meðan ég þráaðist við að halda í hugmyndirnar, en á endanum hristi ég þær út eins og vatn í hlustinni eftir sundferð.

Með tímanum hef ég vonandi þroskast eitthvað, en mér þykir þó alltaf jafn merkilegt að hugsa til þess að plakata-ást skuli eiga svo margt skylt við tilfinningar sem fullorðnir upplifa síðar meir. Ég man hvað mér fannst merkilegt að

lesa um girndarráð þeirra Hallgerðar og Gunnars í Njálu. Það voru hvorki hugástir né skynsemi sem réðu ferðinni þar, heldur æsingur og girnd. Hvað ætli það séu margir í dag sem byggja sambönd sín á girndarráðum? Of margir held ég.

Ég hef lesið sitt lítið af hverju um þetta fyrirbæri sem fólk kallar ást. Með tímanum hefur reynslan sannað að það er satt sem stendur í þessum bókum. Ást er ekki tilfinning heldur afleiðing af því sem maður gerir gott fyrir aðra. Ást er athöfn. Hugræsingur yfir plakati er ekki beinlínis ást, en athafnir sem einkennast af tryggð og hlýju í garð annarra, er ekki óhætt að kalla það ást? Ást í poka sem ekki má loka.

SKUTLAÐU
 ÞESSU BLAÐI INN Í NÝTT LÍF

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Þetta er snilldarkerfi, amigo! Þegar Premier League er að klárast fer norska deildin af stað!

Þeir halda því áfram fram í október, þegar ensku vinir okkar eru komnir vel á veg með nýja leiktíð!

Og inn á milli er Champions League, UEFA-bikarinn og sumarfrí með úrslitum í Evrópukeppninni.

He, he! Glæður maður!

Það er til guð!

Hallelúja!!

Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Fyrirgefðu. Þetta dróst á langinn.

Allt í lagi.

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Ég elska hvernig þú hefur hannað barnaherbergið.

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

SÖGUR AF DÝRA-HEIMILINU

Ólöf

Það eru svo mörg mismunandi dýr á dýraheimilinu.

Svo mörg mismunandi líf, með svo margar mismunandi sögur.

Sem leita allar að sama hamingjusama endi.

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Daginn!

Birna er búin að fæða.

Ha? Hvenær?

Fyrir um það bil klukkutíma. Tvíburastrákar, báðir yfir þrettán mörkum, öllum líður vel.

Frábært! Það gleður mig virkilega!

Eigum við að senda blóm?

Þrjár strákar í sama húsi? Ég held að við ættum að senda mat!

Taktu þátt
 Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan dagblöð

lesum skilum endurvinnnum

FRÉTTABLAÐIÐ

SORPA
 sorpa.is

Hugrökk, fyndin og nauðsynleg

Draugar fortíðarinnar banka upp á hjá Selmu, hæstarrettardómara, í Reykjavík samtímans og við tekur ferðalag þrjátíu ár aftur í tímann. Áfangastaðurinn er Veðramót heimili fyrir vandræðaunglinga.

Í anda hippatímans halda þrjú ungmenni á vit ævintýra og hugsjóna. Kærustuparið Selma og Blöffi ásamt Hálfadáni vini þeirra.

Markmiðið er að bylta gömlum gildum og reka heimilið í anda jafnræðis og bræðralags. Börnin á Veðramótum eru fórnarlömb kynferðisofbeldis og vanrækslu en þær upplýsingar liggja ekki á lausu og enginn veit neitt.

Með góðum vilja og umhyggju

ná þremmenningarnir góðum tengslum við krakkana og lífið virðist brosa við. Þangað til Dísu birtist. Einmanna og ráðvillt, fórnarlömb vanrækslu og kynferðis ofbeldis. Það eina sem hún kann er sársauki og þegar hún verður skotin í Blöffa breytast örlög allra til frambúðar.

Leikarar Veðramóta fara á kostum og það gæstar af Hilmi Snæ Guðnasyni sem Blöffa sem á trúverðugt samspil við góðan leik Tinnu Hrafnadóttur og Atla Rafns Sigurðarsonar. Helgi Björnsson á líka sterkan í leik í litlu hlutverki sem faðir Selmu. Ungu leikararnir takast á við hlutverk sín af miklum þroska og Guðný Halldórsdóttir

ir hefur bersýnilega unnið lengi með þeim og það tekst að draga fram örlög Veðramótabarnanna.

Þar ber helst að nefna Heru Hilmarsdóttur í hlutverki Dísu sem er ótrúlega áhrifarík og sönn. og Jörund Ragnarsson sem fer stórkostlega með hlutverk hins misþroska Samma.

Heildarútlit myndarinnar lyftir sögunni og er greinilega unnið að miklum metnaði.

Tónlistin er í góðum höndum Ragnhildar Gísladóttur og angurvært lag dóttur hennar Bryndísar Jakobsdóttur, Söknuður, situr í lengi eftir að myndinni lýkur.

Sagan er harkaleg og hrá en samt sögð með hlýju og húmor,



enda heldur hún áhorfendum í gíslingu frá upphafi til enda. Hún er þjóðfélagsádeila af bestu gerð og vekur til umhugsunar. Ekki bara um örlög barna fyrir þrjátíu árum síðan, heldur líka um örlög barna í dag.

KVIKMYNDIR

Veðramót

Leikstjóri og handritshöfundur: Guðný Halldórsdóttir
Aðalhlutverk: Tinna Hrafnadóttir, Hilmi Snæ Guðnason, Atli Rafn Sigurðarson, Hera Hilmarsdóttir, Ugly Egilsdóttir, Baltasar Breki Baltasarson, Gunnur Schlüter, Arnmundur Ernst Backman og Jörundur Ragnarsson

★★★★

Kvikmyndin Veðramót er hugrökk ádeila sögð með hlýju og húmor sem hreyfir við áhorfendum frá fyrstu stundu.

Veðramót hreyfir við áhorfendum og ólíkt mörgum öðrum bíómyndum, gerir hún ekki bara tilraun til að segja eitthvað. Henni tekst það.

Rut Hermannsdóttir

Skáld við tjarnir borgarinnar

Bókmenntahátíðin í Reykjavík hefst í dag með hátíðlegri setningarathöfn í Glerskálunum við Norræna húsið. Að loknum ávörpum stjórnmalamanna og forstjóra hússins munu raddir skáldanna heyrast. Nóbelsverðlaunahafinn J. M. Coetzee mun tala og Thor Vilhjálmsson, einn þeirra forgöngumanna sem komu hátíðinni á legg fyrir mörgum árum, heldur þeim sið að ávarpa samkomuna.

Næstu daga mun hátíðin setja svip sinn á umræður í fjölmiðlum: hún hefur eins og áður aðsetur við tvo enda tjarnanna í Kvosinni, í Iðnó verða upplestrar á kvöldin og hefjast strax í kvöld kl. 20. en suður í Norræna húsi er jafnan hádegisþjall kl. 12 og kl. 14 eru umræður á palli. Nokkur vandi hefur stafað undanfarnar hátíðir sökum aðsóknar. Mikill fjöldi sækir hátíðina heim á hinar fjölmörgu uppákomur sem henni tengjast enda aðgangur frjáls fyrir tilstuðlan þeirra styrktaraðila sem að henni koma: menntamálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar, Norræna menningarsjóðnum og auk einkaaðila.

Hátíðin er sem fyrr skipulögð af nefnd sjálfboðaliða. Í nefndinni eru: Einar Kárasón, Halldór Guðmundsson, Pétur Már Ólafsson, Sjón, Sigurður G. Valgeirsson, Susanne Torpe, Thor Vilhjálmsson og Örnólfur Thorsson. Sem fyrr er hátíðin haldin í samvinnu við Norræna húsið undir forystu Max Dager forstjóra. Kristín Ingvarsdóttir er verkefnisstjóri hátíðarinnar.

Margir af þekktustu rithöfundum heims hafa sótt bókmenntahátíðina heim á þeim rúmlega tuttugu árum sem liðin eru síðan hún var fyrst haldin árið 1985. Þar má m.a. telja Günter Grass, Isabel Allende, Jorge Saramago, Haruki Murakami, A.S. Byatt, Kurt Vonnegut, Fay Weldon, Paul Auster og ótalmarga fleiri. Ekki er mannvæði síðra þetta árið: Í kvöld stíga á svið í Iðnó þau Claude Pozzani, Hanne Örvik, Ayaan Hirsi Ali og J. M. Coetzee en Steinunn Sigurðardóttir les einnig upp af sinni alkunni hind.

Samfara hátíðinni koma fram þýðingar á verkum þeirra höfunda sem hingað koma: sumir eru reyndar vel kunnir hér á landi eins Roddy Doyle, Coetzee, Tracy Chevalier, Marina Lewycka og Jung Chang.

Útgefendur hafa hraðað vinnslu þýðdra verka og því gósentíð í vændum hjá lesendum: Mæling heimsins eftir Daniel Kehlman, Hermaður gerir við grammófón eftir Sasa Stanisic, Skáktyrkinn,



VEKUR DEILUR Ayaan Hirsi Ali frá Sómalíu sem hefur vakið miklar deilur með skoðunum sínum á hlut kvenna í hinum íslamska heimi. Hún les upp í Iðnó í kvöld.



JUNG CHANG BÓKMENNTIR Jung Chang sem samdi Villta svani sem brugðu áður óþekktu ljósi á sögu Kína.

eftir Robert Löhr, Hundshaus eftir Morten Ramslund, Hótel Borg eftir Nicola Lecca, Neistaflug eftir Tracy Chevalier og Tveir húsvagnar eftir Marina Lewycka eru allar komnar út. Einnig doðrantur þeirra Jung Chang og Jon Halliday um Mao og er þá ekki allt upp talið.

Dagskrá hátíðarinnar mun birtast hér á síðunum en jafnframt er heimasíða hátíðarinnar gagnleg til að fylgjast með framgangi hennar. Góða veislu gjöra skal og eiga áhugamenn um skáldskap ekki að láta þetta tækifæri hjá sér fara: auk þeirra gesta sem hingað koma meðan á hátíðinni stendur, en þeir eru 20, kemur mikill fjöldi íslenskra höfunda og skálda fram á samkomum hátíðarinnar.

Þá er hingað boðið tíu þýðendum sem vinna við að snúa íslenskum skáldskap á sínar tungur og er mikill sómi að þeir skuli sækja okkur heim svo mikilvægan skerf sem þeir leggja fram til að gera land og þjóð sýnileg í augum heimsins.

pbb@frettabladid.is



MINNINGARSJÓÐUR MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu líferni og bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni - ekki síst á alþjóðlegum vettvangi.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á www.minningmargretar.is

Umsóknir þurfa að berast í pósti fyrir 1. október 2007.

Er það síðasti skiladagur á þessu ári. Umsóknir skulu merktar:

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur, pósthólf 1840, 124 Reykjavík

Mudder & míkroskurður

Dúndurtilboð á jeppadekkjum til 15. september!

25% afsláttur af völdum stærðum af „Mudder“ og míkroskurði

TILBOÐ



Dekkjastærðir á sértilboði:

31"	31x10.50R15, M/T	10.900
33"	33x12.50R15, M/T	11.900
33"	285/75R16, M/T	12.900
33"	305/70R16, M/T	14.900

Við getum líka neglt dekkinn fyrir veturinn!

Eigum einnig úrval af öðrum stærðum af heilsársdekkjum fyrir flestar gerðir jeppa og jeplinga á hagstæðu verði.

Tilboð á míkroskurði gildir aðeins með dekkjum á tilboði.



ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Britney Spears snýr aftur

Ef allt fer að óskum mun margumrædd endurkoma Britneyar Spears eiga sér stað á MTV Video Music Awards-hátíðinni í kvöld. Opunaratriðið er í höndum söngkonunnar og galdra-karlsins Criss Angel.



ENDURKOMA BRITNEYAR
Britney stígur aftur fram á sjónarsviðið í kvöld, þegar hún syngur „Gimme More“ á MTV Video Music Awards-hátíðinni í Las Vegas.

Frá því að Britney Spears tók sér hlé frá stanslausum tónleikaferðum og upptökum til að unga út börnum og stofna fjölskyldu hefur mikið vatn runnið til sjávar. Síðustu ár hefur fréttaflutningur af söngkonunni snúist um nærbuxna-leysi, fjölskylduvandamál og djamm, frekar en afrek hennar í tónlistarheiminum. Frammistæða hennar í opunaratriðinu á VMA-

hátíðinni mun skipta sköpum um áframhaldandi feril hennar, og

heimurinn bíður spenntur eftir því að sjá hvort Britney sé ennþá á toppnum. Söngkonan mun flytja lagið Gimme More, af nýrri sóló-plötu hennar sem mun koma út 13. nóvember næstkomandi. Hún naut aðstoðar Nate „Danja“ Hills við upptökur á laginu. „Danja“, sem er sérstakur skjólstæðingur Timbaland, vann til dæmis með Justin Timberlake við upptökur á lögum SexyBack og My Love, og með Nelly Furtado við upptökur á Promiscuous. Árangurinn af samstarfi hans og Britneyar þykir mjög góður, og blogggarar segja nýja lagið ólíkt öðru því sem söngkonan hefur áður sent frá sér.

Til að gera opunaratriðið sem íbúðarmest hefur Britney notið aðstoðar galdra-karlsins Criss Angel, sem hefur á síðustu mánuðum verið orðaður við Hollywood-stjórnurnar Cameron Diaz, Lindsay Lohan og Britney sjálfa. Heimildir herma að Angel muni notfæra sér speglatækni til að láta söngkonuna hverfa á sviðinu, og skjóta upp kollinum á nýjum stað. Aðrir dansarar í atriðinu munu takast á loft með aðstoð kaðla til að bæta enn á dulúðina.

Framleiðandi hátíðarinnar í kvöld er hæstánægður með að hafa fengið Britney til liðs við sig. „Ég vildi hefja hátíðina á einhverju stóru og dramatísku, og hún er rétta manneskjan í það. Hún mun töfra alla, og gefa tóninn fyrir alla hina. Það er enginn betri,“ segir framleiðandinn Jesse Ignjatovic.



2000 NORDICPHOTOS/GETTY

BRITNEY Á MTV VIDEO MUSIC AWARDS

Britney er ekki alls ókunnug því að troða upp á MTV-hátíðinni. Atriði hennar hafa ítrekað vakið mikil viðbrögð. Árið 2000 kom hún áhorfendum á óvart með því að svipta sig klæðum í miðju atriði, og stóð uppi í húðlitum og efnislitum galla. Ári síðar söng hún Slave 4 You með vígalegan snák á öxlunum. 2002 lét Britney sönginn eiga sig, en afhenti Michael Jackson afmælistertu. Hún kallaði Jackson „listamann árbús-undsins“ með þeim afleiðingum að Jackson taldi sig vera að hljóta verðlaun með því nafni og úr hlaut nokkur misskilningur. Árið 2003 tók heimurinn svo andköf yfir innilegum kossi Britneyar og Madonnu. Ef atriðið í kvöld er eitthvað í ætt við þessi ætti áætluð endurkoma að ganga vel.



2001 NORDICPHOTOS/GETTY



2002 NORDICPHOTOS/GETTY



2003 NORDICPHOTOS/GETTY

SAMBIO www.SAMBio.is t 575 8900 midi.is

Frá leikstjóra „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“
KNOCKED UP EIN ÖVANTASTA GRÍNMYND ÁRSINS

ERTU AÐ FARA AÐ GIFTA ÞIG?
ÞÁ VILTU ALLS EKKI LENDA Í HONUM!!!

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

disturbia

WILLIAMS MOORE KRASSNI
LICENSE TO WED
Drepmyndir og smámyndir með hinni einu 3. fjölskyldu Williams og ungstirna Andy Moore.

VIP

ÁLFABAKKA	AKUREYRI
KNOCKED UP kl. 5-8-10:50 14	RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 2-4 L
KNOCKED UP kl. 5-8-10:50 VIP	VEDRAMÓT kl. 6-8-10 14
DISTURBIA kl. 5:40-8-10:30 14	ASTRÓPIÁ kl. 2-4-6-8 L
LICENSE TO WED kl. 2-4-6-8-10:10 7	LICENSE TO WED kl. 10 7
ASTRÓPIÁ kl. 2-4-6-8-10:10 L	KEFLAVÍK
RATATOUILLE M/ENSKU TAL kl. 8 L	KNOCKED UP kl. 5:30-8-10:30 14
RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 12:30-2-3-5:30 L	ASTRÓPIÁ kl. 1:30-3:30-8-10 L
THE TRANSFORMERS kl. 3-10:10 10	RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 1:30-3:40-5:50 L
HARRY POTTER 5 kl. 12:30 10	SELFOSSI s. 482 3007
KRINGLUNNI	BOURNE ULTIMATUM kl. 8-10:20 14
ASTRÓPIÁ kl. 2-4-6:30-8:30-10:30 L	ASTRÓPIÁ kl. 1:30-6-8-10 L
LICENSE TO WED kl. 6-8-10:10 7	RUSH HOUR 3 kl. 3:30 12
BOURNE ULTIMATUM kl. 5:40-8-10:20 14	RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 1:30-3:40 L
RATATOUILLE M/ISL TAL kl. 1:30-4 DIGITAL L	TRANSFORMERS kl. 5:30 10
RATATOUILLE ENSKU TAL kl. 3:30 L	
SHREK 3 M/ISL TAL kl. 1:30 L	

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

Frá leikstjóra „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“
KNOCKED UP EIN ÖVANTASTA GRÍNMYND ÁRSINS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

KNOCKED UP	kl. 3, 6 og 9	14
DISTURBIA	kl. 5.45, 8 og 10.20	14
BRETTIN UPP íslenskt tal	kl. 2 og 4	L
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.45, 8 og 10.20	14
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 1.30 og 3.35	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!

EIN ÖVANTASTA GRÍNMYND ÁRSINS

Áhrifarík og mögnuð ný íslensk stórmynd sem fjallar á óvæginn hátt um sífjaspell, ofbeldi og mannhvörf!

★★★★
-VJV, Topp5.is

★★★★
-S.V, MBL

★★★★
-S.G, Rás 2

Missið ekki af þessari!

VEDRAMÓT

Sagan sem mátti ekki segja.

Ef þér þykja margsífr krúttlegar og sætar... þá þekkir þú ekki Cody!

BRETTIN UPP!

ASTRÓPIÁ

BOURNE ULTIMATUM

M. VÍÐ 53.000 manns

AWAY FROM HER græna ljósið

DAGSKRÁ Á MIDÍ.S

SMÁRÁSBÍÓ	REGNBÖGINN	450 kr. í bíó!
VEDRAMÓT kl. 8-10:20 14	SÝNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS	
KNOCKED UP kl. 2-5-8-11 14	KL. 5.30 Away From Her	
KNOCKED UP LÚXUS kl. 2-5-8-11	KL. 8 Sicko	
BRETTIN UPP ISL TAL kl. 2-4-6	KL. 10.30 Sicko / Shortbus	
BOURNE ULTIMATUM kl. 8-10:30 14	VEDRAMÓT kl. 3-5:40-8-10:20 14	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL kl. 4-6	EVENING kl. 5:30-8	
THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL kl. 2-4-6	BRETTIN UPP ISL TAL kl. 3-6	
RUSH HOUR 3 kl. 8-10:10 12	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL kl. 3-8-10	
SKOPPA & SKRITLA kl. 2-3 500 kr 45 min.	THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL kl. 3	
HÁSKOLABÍÓ Sími 530 1919	450 kr. í bíó!	
VEDRAMÓT kl. 3:20-5:40-8-10:20 14	KNOCKED UP kl. 5.45-8-10:20 14	
BRETTIN UPP ISL TAL kl. 4-6	BRETTIN UPP ISL TAL kl. 4-6	
SURFS UP ENSKT TAL kl. 8-10	DISTURBIA kl. 8	
ASTRÓPIÁ kl. 4-6-8-10:10	BOURNE ULTIMATUM kl. 10:10	
BOURNE ULTIMATUM kl. 3-5:30-8-10:30 14	SKOPPA & SKRITLA kl. 2-3 500 kr 45 min.	

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

www.SAMBio.is

NYJASTA MEISTARAVERK PIXAR OG DISNEY

LICENSE TO WED KL. 2 Í ÁLFABAKKA

RATATOUILLE KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA 1:30 Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK. OG KL. 2 Á AKUREYRI

HARRY POTTER 5 KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA

450 ISLENSKT TAL

450 ISLENSKT TAL

450 ISLENSKT TAL

Aðeins 450 kr.

Sími: 553 2075 **BÍÓ** - bara lúxus

Ódýrt í bíó

BRETTIN UPP! ATH. SYND KL. 2

RATATOUILLE ATH. SYND KL. 1.30

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SKÝRARI
MYND
en þú átt að venjast



KDL40W2000

SONY 40" LCD SJÓNVARP W2000

Myndstýring: BRAVIA Engine með Live Color Creation

Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080

WCG-CCFL baklýsing

PIP - myndfrystimöguleiki

BBE ViVa HD3D hljóðtækni

SRS TruSurround XT hljómtækni

Borðstandur með snúningi fylgir

239.950,-

100.000 kr verðlækkun!

DSLRA100W
SONY ALPHA D-SLR með 2 linsum

Stafræn Reflex myndavél frá Sony

10 megapíxlar

Alpha-mount notar Sony

og A-mount Minolta linsur

APS-C CCD (myndflaga)

Hristivörn á myndflögur

gerir allar linsur hristivarðar

Rykvörn á myndflögu hamlar ryki í myndum

ISO 100-1600

Lokuhraði 1/4000 - 30sek

2,5" LCD skjár

18-70mm linsa og 75-300mm linsa fylgja

* HVLF56AM Flass að andvirði 49.950.



149.950,-

49.950 kr kaupuki*

SC

Sony Center®

KRINGLUNNI
588 7669

> Valur í Meistaradeildina

Valsmenn tryggðu sér sæti í Meistaradeild Evrópu í handbolta með 33-24 sigri á litháenska liðinu Viking Malt í seinni leiknum í Vodofone-höllinni í gær. Valsmenn unnu fyrri leikinn 28-19 og því samlagt með 18 markum. Valsmenn eru þar með komnir inn í riðlakeppnina en með þeim í riðli eru stórlíðin VfL Gummersbach frá Þýskalandi, Vespren frá Ungverjalandi og Celje Lasko frá Slóveníu. Fyrsti leikur Valsliðsins verður gegn Guðjóni Val, Róberti, Sverre og Alfreði í Gummersbach, í Vodofone-höllinni, laugardaginn 29. september næstkomandi.

sport
sport@frettabladid.is



ÓLAFUR VÍÐIR ÓLAFSSON: SKORAÐI 16 MÖRK Í TVEIMUR SIGRUM STJÖRNUNNAR Á BIKARMEISTURUM LETTLANDS

Búinn að fá mikið traust frá þjálfaranum

Karlalið Stjörnunnar er komið í aðra umferð Evrópukeppni bikarhafa í handbolta eftir tvo sigra á letneska liðinu TENAX Debele í Lettlandi. Stjarnan vann fyrri leikinn 36-26 á föstudagskvöldið og þann seinni 30-27 í gær. Ólafur Víðir Ólafsson lék mjög vel með Garðabæjarliðinu, skoraði samtals 16 mörk og var markahæstur í báðum leikjum.

„Við erum mjög sáttir með að vera komnir áfram. Þeir ætluðu sér mikið og það gekk svona til að byrja með hjá þeim en svo kom formið í ljós og við syndum að við erum betri en þeir á öllum sviðum handboltans,“ segir Ólafur Víðir.

„Þeir sýndu smá mótspyrnu í seinni leiknum og við spiluðum þá ekki alveg nógu vel. Eftir tíu markum í fyrri leiknum þá var þetta formsatriði í dag en við hefðum engu að

síður viljað fá meira út úr leiknum heldur en við gerðum,“ segir Ólafur og með sigri í þessari umferð bíður Stjörnu-liðsins ferðalag til Úkraínu en næsta umferð fer fram um næstu mánaðamót. „Við erum ekki að fara að hugsa um næstu umferð því við einbeitum okkur núna að fyrstu leikjum okkar í deildinni. Við vitum samt eitthvað pínulítið um þetta úkraínska lið í gegnum Roland og Volodymyr en Volodymyr er einmitt frá Úkraínu sem ætti að gera okkur auðveldara fyrir að ná í upplýsingar,“

segir Ólafur Víðir.

Stjörnumenn hafa byrjað tímabilið af krafti, unnu bæði Opna Reykjavíkurmótið og meistarakeppnina um síðustu helgi. „Þetta hefur verið mjög fint og litur mjög vel út hjá okkur. Við erum búnir að nota vel Ragnarsmótið og Reykjavíkurmótið til þess að fá alla menn virka inn í liðið. Það eru allir komnir með hlutverk í liðinu,“ segir Ólafur og hann sjálfur kemur sterkur inn á ný. „Ég hef spilað vel og er búinn að fá mikið traust frá þjálfaranum sem og hinum leikmönnum í liðinu. Skrokkurinn hangir ennþá sem er gott mál,“ segir Ólafur í léttum tón en hann hefur glímt við meidsli undanfarin misseri.



Í SÉRFLOKKI Helena Sverrisdóttir var með 18 stig og 15 fráköst gegn Noregi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Evrópukeppni kvenna: Sautján stiga tap í Noregi

KÖRFUBOLTI Íslenska kvendagsliðið tæpaði með 17 stiga mun, 38-55, fyrir Noregi í Noregi í B-deild Evrópukeppninnar í gær og á því ekki lengur möguleika á að ná öðru sætinu í riðlinum.

Helena Sverrisdóttir, sem lék sinn síðasta landsleik í keppninni þar sem að hún snýr nú aftur til náms við TCU-háskólann í Texas, var langatkvæðamest með 18 stig og 15 fráköst. Á meðan Helena nýtti 55 prósent skota sinna og skoraði 13 stigum meira en næststígahesti leikmaður liðsins þá nýttu aðrir leikmenn liðsins aðeins 9 af 50 skotum sínum.

Íslenska liðið mætir Írlandi í Dublin í lokaleiknum um næstu helgi sem jafnframt verður úrslitaleik um hvort liðið rekur ekki lestina í riðlinum.

Stjörnustúlkur fóru áfram

Stjarnan vann hvítússneska liðið Minsk í gær og er búin að tryggja sér sigur í sínum riðli og sæti í næstu umferð forkeppni Meistaradeildarinnar.

HANDBOLTI Kvennalið Stjörnunnar er komið áfram í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu eftir 28-24 sigri á BNTU-Belaz Minsk frá Hvíta-Rússlandi í gær. Stjörnustúlkur unnu ítalska liðið og gestgjafana í Edilcinque Sassari 33-24 í fyrsta leik og því skipta úrslitin í síðasta leiknum ekki máli. Sá leikur er gegn kypversku meisturunum í SPES Kefalovrisos í dag.

„Það er frábært að vera komin áfram í aðra umferð,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar í gær. Stjörnu-liðið gerði út um leikinn í kringum hálfleikinn þegar liðið breytti stöðunni úr 8-10 í 15-12 fyrir hálfleik og skoraði síðan fyrstu sjö mörkin í seinni hálfleik og komst 22-12 yfir.

Aðalsteinn var ánægður með sínar stelpur sem kláruðu verkefnið þrátt fyrir að glíma við óhagstæðar aðstæður. „Leikurinn gegn ítölsku meisturunum var í hæsta klassa og algjörlega frábær. Leikurinn í dag [gær] var töluvert frá þeim klassa en á móti kemur að hér eru mjög erfiðar aðstæður. Rútuferðirnar eru erfiðar, það er erfitt að skipuleggja sig og hitinn er gífurlegur,“ segir Aðalsteinn.

„Það er algjör molla í salnum,“ segir Aðalsteinn.

„Það er algjör molla í salnum,“ segir Aðalsteinn.



UNNU RIÐILINN Aðalsteinn Eyjólfsson þjálfari Stjörnustúlkna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

sitja,“ lýsir Aðalsteinn en riðillinn fer fram í Sassari sem er bær á eyjunni Sardiníu. „Stelpurnar eru að spila á háu tempói í miklum hita sem er ánægjulegt,“ segir Aðalsteinn.

Alina Petrache var markahæst í Stjörnu-liðinu í gær með 6 mörk, Birgit Engl og Sólveig Lára Kjærnested skoruðu fimm mörk hvor og þær Rakel Dögg Bragadóttir og Ásdís Sigurðardóttir gerðu báðar fjögur mörk. Florentina Grecu varði 16 skot í markinu.

Stjörnu-liðið mætir ungversku, frönsku og slóvensku meisturunum í næstu umferð en tvö efstu liðin í þeim riðli komast inn í

sjálfa Meistaradeildina.

„Við förum til Ungverjalands helgina 28. til 30. september og tökum þar þátt í riðli sem ungversku meistarnir í Györ halda. Í Györ-liðinu er meðal annars Anita Görbic sem var kosin besti leikmaður í heimi fyrir tveimur árum síðan. Þetta eru hákklassa lið sem við erum að fara að spila við og það er frábært verkefni að fá að spila við svona sterk lið. Við erum alltaf að miða okkur við lið erlendis og þarna fáum við tækifæri til sjá það svart á hvítu hvort við séum að nálgast þessi lið,“ segir Aðalsteinn að lokum.

ooj@frettabladid.is



GÓÐ STAÐA McLaren-liðið er í góðri stöðu í upphafi Monza-kappakstsins í dag.
NORDICPHOTOS/GETTY

Formúla eitt á Monza:

McLaren-menn byrja fremstir

FORMÚLA EITT Spænski heimsmeistarinn Fernando Alonso verður á ráspól í dag þegar Monza-kappaksturinn fer fram á Ítalíu en hann varð fyrstur í tímátökunni í gær.

Félagi Alonso í liði McLaren, og efsti maðurinn í baráttunni um heimsmeistaratítul okumanna, Lewis Hamilton, ræsir annar en þriðji í tímátökunum í gær var Felipe Massa á Ferrari en þessir þrjú rada sér einmitt í þrjú efstu sæti stigalista.

Hamilton er með fimm stiga forskot á Alonso og 15 stigum meira en Massa sem vann síðasta kappakstur sem fram fór í Tyrklandi.

- 66j

Afrekssjóður ÍBR og SPRON auglýsir eftir umsóknum

Eftirfarandi er styrkhæft:

- Þátttaka þjálfara í námskeiðum erlendis.
- Verkefni íþróttafólks á aldrinum 15 – 22 ára sem tengjast afreksíþróttum svo sem æfingabúðir, námskeið og ferðir á mót erlendis.

Félög eru sérstaklega hvött til að sækja um styrki til nýsköpunar á sviði afreksíþróttar.

Umsókn þarf að fylgja eftirfarandi:

- lýsing á verkefni
- afrekaskrá
- fjárhagsáætlun
- markmiðasetning

Umsóknum skal skila til ÍBR, Engjavegi 6, 104 Reykjavík eða á ibr@ibr.is. Umsóknarfrestur vegna úthlutunar í október rennur út 28. september n.k. Reglugerð sjóðsins er að finna á heimasíðu ÍBR www.ibr.is.

spron



ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR



FRÁBÆRT MARK Michael Owen skorar hér mark sitt í gær.
NORDICPHOTOS/GETTY

England vann sinn fyrsta leik á nýja Wembley í gær:

Mikilvægur sigur

FÓTBOLTI Enska landsliðið vann sinn fyrsta sigur á nýja Wembley þegar liðið skelti Ísrael 3-0 í undankeppni EM í gær. Shaun Wright-Phillips skoraði fyrsta markið á 20. mínútu og þeir Michael Owen og Micah Richards skoruðu síðan sitt hvort markið í seinni hálfleik, bæði eftir sendingar frá Gareth Barry sem kom inn í liðið á síðustu stundu vegna meidsla Owens Hargreaves.

Sigur enska landsliðsins var mjög öruggur, liðið fékk fleiri færi til að bæta við mörkum og Ísraelar náðu ekki að skapa Paul Robinson mörg verkefni í enska markinu. Eftir brösuð gengi er þessi leikur vonandi merki um það sem koma skal því enska liðið má ekki misstíga sig mikið ætli það sér að vera með á Evrópumótinu næsta sumar.

Mark Michaels Owen var sér-

lega glæsilegt en hann tók við boltanum þar sem hann snéri bakinu í markið við vífateigslínuna, lagði hann fyrir sig og skaut honum síðan viðstöðulaust í fjærhornið. Þetta var hans 38. mark fyrir enska landsliðið en jafnframt 23. markið sem hann skorar í keppni fyrir England sem er met.

Enska liðið mætir Rússum á miðvikudaginn sem unnu 3-0 sigur í Makedóníu í gær. Sigurvegari þess leiks stígur stórt skref áfram í að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni.

„Nú snýst þetta allt um miðvikudaginn. Við getum fagnað þessum sigri í 24 tíma en síðan þurfum við að fara að hugsa um Rússaleikinn. Þetta var góð frammistaða en við þurfum að fylgja henni eftir,“ sagði Steve McClaren, þjálfari enska landsliðsins.

- 66j

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

EINSTÖK UPPLIFUN



Láttu ekki snjóleysi
skemma skíðafríð...
Í Colorado snjóar
að meðaltali 8-10
metra yfir tímabilið.

SKÍÐAFERÐIR TIL COLORADO

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE • KEYSTONE

Fjölbreyttir gistimöguleikar í boði - Eitthvað fyrir alla - Bókaðu strax



www.icelandair.is

Samstarfsaðili GB ferða





1-0 Emil Hallfreðsson (40.)
1-1 Andres Iniesta (86.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7-13 (4-6)
Varin skot	Árni Gautur 5 - Casillas 3
Horn	3-10
Aukaspjrmur fengnar	8-18
Rangstöður	3-6

OKKAR RÍÐILL

Undankeppni EM F-riðill

Lettland-Norður-Írland	1-0
1-0 sjálfsmark (56.)	
Svíþjóð-Danmörk	0-0
Ísland-Spánn	1-1

STAÐAN

Svíþjóð	8	6	1	1	17-4	19
Norður-Írland	8	5	1	2	13-9	16
Spánn	8	5	1	2	14-7	16
Danmörk	7	3	2	2	9-5	11
Lettland	7	2	0	5	5-7	6
Ísland	8	1	2	5	6-16	5
Liechtenstein	8	1	1	6	5-21	4

Eyjólfur Sverrisson:

Áttum að vinna leikinn

FÓTBOLTI „Ég er ekki sáttur við stigið miðað við hvernig leikurinn þróaðist,” sagði Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari eftir leik.

„Við áttum skilið að vinna þennan leik. Við áttum að komast í 2-0 og klára leikinn áður en þeir skoruðu. En ég er samt mjög ánægður með leik liðsins, sérstaklega í fyrri hálfleik þegar við vorðumst vel og beittum góðum skyndisóknum.”

Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópnum. „Ég vil hafa alla leikmenn í hópnunum 100% klára. Eiður var ekki klár og undir lækninum komið hvort hann verði klár í næsta leik. Það lítur þó ágætlega út í dag.”

Hann jätti því að um uppreisn æru hafi verið að ræða fyrir sig og liðið. „Þetta var frábært fyrir alla þjóðina. Stemningin var góð og leikurinn virkilega skemmtilegur. Þetta er það sem við viljum. Strákarnir sýndu að þeir vilja standa sig og gefa fólkinu eitthvað fyrir aurinn,” sagði Eyjólfur en eftir taphrinu vetrarins hefur Ísland nú náð hagstæðum úrslitum út úr tveimur síðustu leikjum.

Spánverjar stálu stigi í Laugardal

Íslenska landsliðið sýndi á sér allt aðra og betri hlið en í síðustu leikjum gegn Spánverjum í gær. Strákarnir voru betri nær allan leikinn en buðu hættunni heim og Spánverjar skorðu óverðskuldað jöfnunarmark.

FÓTBOLTI Það var allt önnur ásjóna á því íslenska landsliði sem mætti til leiks gegn Spáni í gær en var að leika gegn Liechtenstein og Svíþjóð. Íslensku strákarnir sýndu þann baráttuanda sem einkennt hefur íslenska landsliðið í gegnum tíðina og strákarnir uppkáru eitt stig eftir 1-1 jafnteflisleik þar sem Ísland var reyndar manni fleiri í rúmar 70 mínútur. Stigin hefðu þó hæglega getað orðið fleiri.

Íslenska liðið spilaði stórkostlega í fyrri hálfleik í gær. Ólíkt síðustu leikjum mættu leikmenn gríðarlega vel stemmdir til leiksins, voru grimmir í öllum einvígjum, ákefðin, áræðnin og einbeitingin skein úr hverju andliti. Þess utan var gríðarlega góð hreyfing og vinnsla á liðinu.

Það sem meira er þá höfðu leikmenn augljóslega trú á því sem þeir voru að gera en upp á það hefur einnig vantað í síðustu leikjum. Það er gömul saga að ef menn hafa ekki trúna þá ná þeir ekki árangri.

Það dró verulega til tíðinda á 19. mínútu þegar Xabi Alonso traðkaði á Arnari Viðarssyni þegar boltinn var víðsfjarri. Blessunarlega sá aðstoðardómariinn atvikið og hann sagði frábærum dómara leiksins, Wolfgang Stark, frá því sem hann sá og Stark vísaði Alonso umsvifalaust af leikvelli.

Á 40. mínútu náði Kristján Örn boltanum af stakri snilld af David Villa og Ísland brunaði fram í skyndisókn. Hún endaði með því að Emil Hallfreðsson stangaði frábæra sendingu Jóhannesar Karls í netið. 1-0 og var það fyllilega verðskulduð staða enda aðeins eitt lið á vellinum í hálfleiknum.

Síðari hálfleikur fór rólega af



RAUTT SPJALD Xabi Alonso var rekin út af með rautt spjald eftir aðeins 20 mínútna leik.



KOMNIR YFIR Íslensku landsliðsmennirnir sjást hér fagna glæsismarki Emils Hallfreðssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYJÓLFUR

stað. Íslenska liðið lá aðeins aftar en í fyrri hálfleik sem var eðlilegt miðað við stöðuna. Spænska liðið var kraftlaust og hugmyndalaust. Allt of margir menn biðu eftir boltanum í stað þess að hreyfa sig.

Eftir því sem leið á hálfleikinn færðist íslenska liðið enn aftar á völinn og lítið yfir því að kvarta á meðan Spánverjum gekk nákvæmlega ekki neitt að skapa sér færi. Strákarnir buðu aftur á móti hætt-

unni heim með því að bakka svona svakalega og leikmenn hefðu mátt vera áræðnari seinni hluta hálfleiksins. Sérstaklega þar sem Ísland var manni fleiri.

Íslandsbaninn og varamaðurinn Andrés Iniesta laumaði sér í gegnum vörn Íslands fjórum mínútum fyrir leikslok og skoraði úr nánast eina alvöru færi Spánverja í leiknum.

Sorgleg niðurstaða eftir það sem á undan var gengið enda hefði

liðið hæglega getað unnið leikinn miðað við færin sem það fékk.

Þegar upp er staðið taka menn samt það jákvæða úr leiknum. Þar var af mörgu að taka en baráttuandinn og fórnfýsin voru loksins komin aftur í liðið. Þjóðin gerir þá kröfu að liðið leiki af slíkri ákefð og stolti enda sýnir reynslan okkur að liðið nær hagstæðum úrslitum þegar þessir þættir eru í lagi. Vonandi verður framhald á þessu á miðvikudag.

henry@frettabladid.is



GÓÐUR Gunnar Heiðar Þorvaldsson átti mjög góðan leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



1-0 Boltinn í markinu eftir frábæran skalla Emils Hallfreðssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYJÓLFUR

EINKUNNIR ÍSLANDS

BYRJUNARLIÐIÐ

Árni Gautur Arason, markvörður	8
Gríðarlega öruggur frá upphafi til enda. Ekkert hik og varði nánast allt sem á markið kom. Gat lítið gert við markinu.	
Kristján Örn Sigurðsson, hægri bakvörður	8
Steig vart feilsor í vörninni og pakkaði David Silva saman nánast allan leikinn. Skilaði boltanum frá sér á stuttan og skynsaman hátt.	
Ívar Ingimarsson, miðvörður	8
Stýrði vörninni mjög vel og var öryggið uppmálað í öllum sínum aðgerðum. Ánægjulegt hversu vel hann nær saman með hinum unga Ragnar. Spurning hvort Eyjólfur sé loksins búinn að finna miðvarðarparið sitt.	
Ragnar Sigurðsson, miðvörður	8
Mögnuð frammistaða hjá Ragnar í aðeins sínum öðrum landsleik. Stekkur fullskapaður í landsliðið og spilar af gríðarlegri yfirvegun og öryggi.	
Hermann Hreiðarsson, vintri bakvörður og fyrirlíði	8
Finnur sig mun betur í bakvarðarstöðunni með landsliðinu og sýndi það enn á ný í gær. Hafði góðar gætur á Joaquín og ógnaði líka fram á við í fyrri hálfleik.	
Grétar Rafn Steinsson, hægri vængmaður	8
Hljóp úr sér lífur og lungu í leiknum. Gaf aldrei tommu eftir, skilaði bolta vel frá sér og var ógnandi.	
Kári Arnason, varnartengiliði	7
Var í vanþakklátu starfi aftast á miðjunni. Vissi sín takmörk og skilaði því sem ætlast var til af honum.	
Arnar Þór Viðarsson, tengiliður	6
Barðist, hljóp mikið, allur af vilja gerður en náði samt litlum takti við leikinn og var lítið í boltanum.	
Jóhannes Karl Guðjónsson, tengiliður	9
Prímusmótorinn í miðjuspili Íslands. Vann mörg einvígi, skilaði bolta vel frá sér og barðist eins og ljón.	
Gaf svo frábæra sendingu á Emil í markinu.	
Emil Hallfreðsson, vintri vængmaður	9
Virkar í hörkuformi, átti fjölmarga stórhættulega spretti og var Spánverjum erfiður. Skoraði frábært mark.	
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	9
Þvíllur baráttuhundur. Ótrúleg vinnsla í Gunnari allan leikinn, kom sér í færi og var óheppinn að skora ekki. Átti það svo sannarlega skilið.	

VARAMENN

69. mín. Ólafur Ingi Skúlason (fyrir Arnar Þór Viðarsson)	6
Var ágætur framan af en hvarf eftir því sem íslenska liðið féll aftar.	
79. mín. Baldur Aðalsteinsson (fyrir Jóhannes Karl)	-
88. mín. Ármann Smári Björnsson (fyrir Gunnar Heiðar)	-

Grétar Rafn Steinsson sáttur en samt svekktur í leikslok gegn Spánverjum í gær:

Þurfum troðfullan völl áhorfenda gegn Norður-Írum

FÓTBOLTI „Þetta gat alltaf gerst fyrst við vorum farnir að bakka svo aftarlega. Það var erfitt að hlaupa á eftir boltanum í nútíu mínútur, sérstaklega þegar völlurinn var svona þungur.”

Hann segir að leikurinn hafi verið nákvæmlega eins og lagt var upp með.

„Við börðumst eins og ljón, gáfum allt sem við áttum og vorum með áhorfendur á bak við okkur allan tímann. Ef þetta hefði verið svona á öllum leikjum þá veit ég ekki hvar íslenska landsliðið stæði í dag. Þetta er það sem þurfum enda förum við ekki áfram á hæfileikum heldur hjartanu. Ef áhorfendur halda áfram að fylla völinn og styðja við bakið á okkur allan tímann þá gefa leikmenn allt sem þeir eiga og meira til. Það var það sem gerðist í dag.”

Grétar sagði enn fremur að það væri erfitt að ná stigi gegn Spáni, þrátt fyrir að leika á heimavelli og vera manni fleiri stærstan hluta leiksins.

„Við þurfum að hafa vel fyrir



hlutunum. Nú er leikur við Norður-Íra á miðvikudaginn og það þurfa allir að mæta. Við þurfum öll að standa saman í þessu því það verður það nákvæmlega sama upp á teningnum. Við þurfum að berjast eins og líf okkar væri undir.”

Að lokum sagði Grétar aðspurður að það hafi verið afar ljúft að sjá boltann hafna í neti Spánverjanna. „Þetta var glæsileg og yfirveguð sókn. Við hefðum meira að segja getað sett eitt eða tvö mörk í viðbót. Við stóðum okkur mjög vel.”

Ísland mætir Norður-Írum á Laugardalsvöllum á miðvikudagskvöldið og það má búast við að þessi frábæra frammistaða yti undir mætinguna á þann leik.

- esá

HÁLOFTABARÁTTA

Grétar Rafn Steinsson sést hér í skallaþarattu við Spánverjann Pernía á Laugardalsvöllum í gær

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ÚRSLITIN Í GÆR

Undankeppni EM 2008

A-RÍÐILL

Serbía-Finnland 0-0
 Portúgal- Pólland 2-2
 0-1 Mariusz Lewandowski (44.), 1-1 Maniche (50.), 2-1 Cristiano Ronaldo (73.), 2-2 Jacek Krzynowek (87.)

Stig þjóða: Pólland 20, Finnland 18, Portúgal 16, Serbía 15, Belgía 10, Armenía 8, Kasakstan 6, Aserbajdsjan 5.

B-RÍÐILL

Skotland-Litháen 3-1
 1-0 Kris Boyd (31.), 1-1 Tomas Danilevicius, víti (61.), 2-1 Stephen McManus (77.), 3-1 James McFadden (83.)
 Georgía-Ukraína 1-1
 0-1 Oleg Shelayev (9.), 1-1 David Siradze (87.)
 Ítalía-Frakkland 0-0

Stig þjóða: Frakkland 19, Skotland 18, Ítalía 17, Úkraína 13, Litháen 7, Georgía 7, Færeyjar 0.

C-RÍÐILL

Ungverjaland-Bosnía 1-0
 1-0 Zoltán Gera, víti (39.)
 Malta-Tyrkland 2-2
 1-0 Brian Said (40.), 1-1 Halil Altintop (45.), 2-1 André Schembri (76.), 2-2 Cetin Servet (78.)
 Moldóvía-Noregur 0-1
 0-1 Steffen Iversen (47.)

Stig þjóða: Grikkland 18, Noregur 16, Tyrkland 14, Bosnía 13, Ungverjaland 9, Malta 5, Moldóvía 2.

D-RÍÐILL

San Maríno-Tékkland 0-3
 0-1 Tomás Rosický (33.), 0-2 Marek Jankulovski (75.), 0-3 Jan Koller (90.)
 Slóvakía-Írland 2-2
 0-1 Stephen Ireland (7.), 1-1 Maros Klimpl (37.), 1-2 Kevin Doyle (57.), 2-2 Marek Cech (90.)
 Wales-Þýskaland 0-2
 0-1 Miroslav Klose (6.), 0-2 Miroslav Klose (60.)

Stig þjóða: Þýskaland 22, Tékkland 17, Írland 14, Slóvakía 10, Wales 7, Kýpur 7, San Marínó 0.

E-RÍÐILL

Rússland-Makedónía 3-0
 1-0 Vassili Berezutskiy (8.), 2-0 Andrei Arshavin (83.), 3-0 Alexander Kerzhakov (86.)
 England-Ísrael 3-0
 1-0 Shaun Wright-Phillips (20.), 2-0 Michael Owen (49.), 3-0 Micah Richards (66.)
 Króatía-Eistland 2-0
 1-0 Eduardo da Silva (39.), 2-0 Eduardo (45.)

Stig þjóða: Króatía 20, Rússland 18, England 17, Ísrael 17, Makedónía 7, Eistland 3, Andorra 0.

G-RÍÐILL

Lúxemborg-Slóvenía 0-3
 0-1 Klemen Lavric (7.), 0-2 Milivoje Novakovic (37.), 0-3 Klemen Lavric (47.)
 Hvíta-Rússland-Rúmenía 1-3
 0-1 Adrian Mutu (16.), 1-1 Maxim Romashchenko (20.), 1-2 Nicolae Dica (42.), 1-3 Mutu (76.)
 Holland-Búlgaría 2-0
 1-0 Wesley Sneijder (23.), 2-0 Ruud van Nistelrooy (58.)

Stig þjóða: Rúmenía 20, Holland 17, Búlgaría 15, Albanía 9, Hvíta-Rússland 7, Slóvenía 7, Lúxemborg 0.



MARKHEPPINN Eduardo da Silva, leikmaður Arsenal, skoraði bæði mörk Króata í gær og hefur skorað 11 mörk í 16 landsleikjum. NORDICPHOTOS/AFP



GEFA EKKERT EFTIR Kris Boyd og félagar í Skotlandi eru í toppbaráttu við Frakka og Ítala eftir 3-1 sigur á Litháen í gær. NORDICPHOTOS/GETTY



HETJAN Cristiano Ronaldo fagnar hér marki sínu fyrir Portúgal gegn Póllandi í gær. Ronaldo kom Portúgal í 2-1 en Pólland jafnaði í lokin. NORDICPHOTOS/AFP



Í GÓÐUM MÁLUM Norðmenn fagna hér sigurmarki Steffen Iversen í Moldavíu í gær en með sigrinum komust Norðmenn upp fyrir Tyrki í 2. sæti. NORDICPHOTOS/AFP

HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools



Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School“

Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School“. Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

Veitir rétt til framhaldsnáms

Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator“ sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

Hvernig klárar maður lag frá A til Ö

Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljóðmablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri. Kennt er á midiforritið Reason, hljóðforritið Melodine, farið í almennar upptökur, mikkrofóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun.

4 mánaða nám, 160 klst.

319.900,- kr.

(veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur)
 Fleiri greiðslumöguleikar í boði.



Námskeiðin hefjast í september.

Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnslu.skoli.is



TONVINNSLUSKOLI
 ÞORVALDAR BJARNA
 Sponsored Digidesign School

> Michael Keaton

Michael breytti nafni sínu snemma en hann heitir í raun og veru Michael Douglas. „Ég varð að breyta nafninu mínu þar sem tveir aðrir leikarar heita þessu nafni. Annar þeirra er að gera það frekar gott skilst mér en hinn leikur í ódýrum klámmyndum, svo sem Basic Instinct,“ sagði Michael um nafnbreytinguna. Hann leikur í Herbie: Fully Loaded á Stöð 2 Bió kl. 20.00.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR RÍFST EKKI UM FJARSTÝRINGUNA

Harðstjórn við sjónvarpið

Það er ekki rifist um fjarstýringuna á mínu heimili. Þar gildir ein regla sem hljómar eitthvað á þennan veg: Ég ræð! Þessi harðstjórn hefur lýðst vegna eindæma góðmennsku míns manns sem lætur yfir sig ganga þætti á borð við, So you think you can dance, Grey's Anatomy og aðrar viðlíka sápur án þess að kvarta... mikið.

Ég þjáist af örlitlu samviskubiti vegna þessa harðræðis sem karlinn þarf að líða og hugsa stundum með hrolli til þeirra kvenna sem búa með fótboltafíklum. Reyndar væru líklega komin tvö sjónvarpstæki á heimilið ef svo bæri við. Hingað til höfum við þó getað sætt okkur við þetta eina tæki og til að



mæla mér bót reyni ég stundum að leyfa honum að ráða. Þá er sjónvarpsfnið af öðrum toga, félagar í Brainyac gera ýmsar súrur tilraunir og bíræfnir bílabjófar reyna að stinga lögregluna af þáttum um eltingaleiki byggðum upp af lögreglumyndböndum. Mér þykir ekki mikið til þessa þátta koma og yfirleitt má karlinn ekki bregða sér á salernið ef hann ætlar að fá að halda þættinum sínum því þá er ég löngu búin að skipta yfir á eitthvað meira spennandi eins og How clean is your house.

EKKI MISSA AF



20.05 Impressjónistarnir SJÓNVARPIÐ



22.15 The 4400 STÖÐ 2



20.00 Herbie: Fully Loaded STÖÐ 2 BÍÓ



22.00 So You Think You Can Dance SIRKUS



21.50 Sleeper Cell SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar 08.01 Róbert Bangsi 08.11 Bubbi byggir 08.22 Pósturinn Páll 08.37 Friðþjófur forvitni 09.00 Disneystundin 09.01 Liló og Stitch 09.23 Síglidar teiknimyndir 09.30 Suðandi stuð 09.53 Arthur 10.18 Ævintýri HC Andersen 10.45 Matti morgunn
11.00 Út og suður e.
11.30 Formúla 1 Beint.
14.00 Ljäng - Tvær sögur, ein borg e.
14.50 Danmerkurleiðangurinn (3:5) e.
15.20 Hlé
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Stundin okkar (16:32)
18.27 Skoppa og Skritla (2:8)
18.38 Heima
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Út og suður (15:16) Þorleifur Hjaltason, fyrrverandi hreppstjóri, í Hólum í Hornafirði er viðmælandi í þessari viku.

20.05 Impressjónistarnir (2:3) Bresk þriggja þátta röð sem lýsir á athyglisverðan hátt listasögunni og hvernig impressjónistar koma þar við sögu. Þar má helsta telja Monet, Cezanne, Renoir og Edgar Degas.
21.05 Syndir séra Amarus Mexíkósk verðlaunamynd frá 2001. Nýskipaður prestur í smábæ kemst í hann krappan þegar pólitik og ástríður flækja líf hans. Meðal leikenda eru Gael García Bernal. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.00 Sönn íslensk sakamá - Stóra kókaín málið e.
23.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Shattered Glass
08:00 Men With Brooms
10:00 2001: A Space Travesty
12:00 Herbie: Fully Loaded
14:00 Shattered Glass
16:00 Men With Brooms
18:00 2001: A Space Travesty
20:00 Herbie: Fully Loaded Fjölskyldmynd um kappakstur bíl sem hefur sjálfstæðan vilja. Aðalhlutverk: Matt Dillon, Michael Keaton.
22:00 Speed
00:00 Mystic River
02:15 The Terminator
04:00 Speed



07:00 Pocoyo 07:10 Doddi litli og Eymastór 07:20 Gordon Garðálfur 07:30 William's Wish Wellingtons 07:35 Funky Valley 07:40 Addi Paddi 07:45 Hlaupin 07:55 Barney 08:20 Stubbamir 08:45 Charlie and Lola 1b 09:00 Könnuðurinn Dóra 09:20 Fifi and the Flowertots 1 09:30 Camp Lazlo 1 09:50 Ófurlundurinn Krypto 10:15 Tracey McBean 2 10:25 Sabrina - Unglingsnoormin 10:50 Hestaklúbburinn 11:15 Háheimar 11:40 W.I.T.C.H.
12:00 Hádegisfréttir
12:45 Nágrannar
14:30 So You Think You Can Dance (23:23)
15:25 Pirate Master LOKAPÁTTUR (14:14)
16:50 Til Death
17:15 Heima hjá Jamie Oliver
17:45 Oprah
18:30 Fréttir
19:00 Íþróttir og veður
19:15 60 mínútur

20:00 Örlagadagurinn (15:31) Jónína Bjartmarz fyrrverandi Umhverfisráðherra horfir spennant fram á veginn nú þegar hún hefur sagt skilið við ráðherrastólinn. Hún er á leið til Kína og Síry fylgist með henni þakka niður fyrir nýja ævintýrið.
20:35 Monk (8:16) Monk skreppur á roktónleika og lendir þar í miðri morðrannsókn. 2006.
21:20 The Tudors Systir konungsins er á leiðinni í ferðalag til að hitta unnusta sinn en þangað getur hún ekki farið fylgdarlaus. Á meðan vinnur konungurinn að mikilvægum friðarsáttmála. Stranglega bönnuð börnum.
22:15 The 4400 (9:13) Hættulegar rannsóknir leiða til spennu í 4400 miðstöðinni en uppfinningarmaðurinn er tilbúinn að fóma öllu til þess að vernda skjölín. 2006.
23:00 Agatha Christie - Sittaford Mystery Hörkuspennandi glæpadrama sem segir frá hópi þorpsbúa í Dartmoor sem ákveður að stytta sér stundir með því að fara í andaglas. Þau voru þó ekki viðbúin upplýsingunum sem glasið færir þeim. Aðalhlutverk: Geraldine McEwan. 2006.
00:35 Shanghai Knights
02:25 Six Days, Seven Nights
04:05 Monk (8:16)
04:50 Örlagadagurinn (15:31)
05:35 Fréttir
06:15 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi



09:50 PGA Tour 2007
11:25 Þýski handboltinn (Flensburg - Kiel)
12:55 Þýski handboltinn (Gummersbach - Flensburg) Hér mætast nokkrir af bestu hankattleiksmönnum Íslands í þýsku úrvalsdeildinni. Hjá Gummersbach eru sem fyrr þeir Alfreð Gíslason, Guðjón Valur Sigurðsson, Sverre Jakobsen og Róbert Gunnarsson.
14:25 Vínáttulandsleikir (Svíbjöð - Danmörk)
16:05 Vínáttulandsleikir (England - Ísrael)
17:45 Gillette World Sport 2007
18:10 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþríf síðustu helgar eru sýnd.
18:35 Það helsta í PGA mótaröðinni
19:00 PGA Tour 2007 (Bandaríska mótaröðin) Bein útsending frá lokahringnum á Cog Hill vellinum í Illinois.
22:00 NFL (Bandaríski fótboltinn) Bein útsending frá leik San Diego Chargers og Chicago Bears í bandaríska fótboltanum.



13.50 Masters Football (Northern Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley.
16.10 Premier League World
16.40 PL Classic Matches (Liverpool - Newcastle, 96/97)
17.10 PL Classic Matches (Nottingham Forest - Man. Utd., 98/99)
17.40 Season Highlights (Season Highlights 2001/2002)
18.40 Premier League 2007/2008 Útsending frá leik Liverpool og Derby County
20.20 Premier League 2007/2008 Útsending frá leik Arsenal og Portsmouth
22.00 Masters Football (Northern Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

11:15 Vörutorg
12:15 MotoGP - Hápunktar
13:15 Dr. Phil (e)
14:00 Sport Kids Moms & Dads (e)
15:00 The Biggest Loser (e)
16:00 Blow Out III (e)
17:00 Thick & Thin (e)
17:30 Andy Barker, P.I. (e)
18:00 Everybody Loves Raymond (e)
18:30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarnin áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum sýrt og sætt en hjónakomin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.
19:15 Charmed (e)
20:10 Sport Kids Moms & Dads (2:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fimm fjölskyldum sem telja að íþróttir séu ekki bara leikur. Foreldrar sem leggja allt í sölnun til þess að krakkarnir nái á toppinn í sinni íþróttagrein. Fylgst er með krökkunum ganga í gegnum líkamlega og andlega erfiðar æfingar og keppni, vinna sæta sigra og kynnað sársaukanum sem fylgir því að tapa.
21:00 Law & Order: SVU (11:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Tölf ára drengur er stungin með hníf á skólalóðinni. Grunnur fellur á eldri dreng sem átti í slagsmálum við hann viku fyrir.
21:50 Sleeper Cell (7:8) Hörkuspennandi þáttaröð um bandarískan alríkislögreglumann sem kemst í innsta hring hryðjuverkasamtaka. Dömsdagur er runninn upp.
22:40 The Black Donnellys (e)
23:30 C.S.I.: New York (e)
00:20 Raines (e)
01:10 Vörutorg

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Magasinþáttur - mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt um fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Mánudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið, 9. september, kl.19 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp 140 verk af ýmsum toga, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14, föstudag kl 10-18, laugardag kl. 11-17 og sunnudag kl. 12-17. Hægt er að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is



Kristján Davíðsson



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.20

The Tudors

Rhys Meyers er hér í hlutverki Henrys VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstílinn. Í þætti kvöldsins fer systir konungins í ferðalag til að hitta unnusta sinn en þangað getur hún ekki farið fylgdarlaust. Á meðan vinnur konungurinn að mikilvægum friðarsáttmála.



► SYNDIR SÉRA AMAROS

Sjónvarpið kl. 21.05

Mexíkósk verðlaunamynd frá 2001 með sjarmörnum Gael García Bernal í aðalhlutverki. Nýskipaður prestur í smábæ kemst í hann krappann þegar pólitik og ástríður flækja líf hans. Leikstjóri er Carlos Carrera og meðal annarra leikenda eru Ana Claudia Talancón, Sancho Gracia og Angélica Aragón.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Morgunandakt	18.25 Auglýsingar
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.26 Í tilefni dagsins
09.03 Framtíð lýðræðis	18.52 Dánarfregni og auglýsingar
10.15 Landnemasögur	19.00 Söngvar af sviði: Hornakórallinn
11.00 Guðsþjónusta í Siglufjarðarkirkju	19.50 Óskastundin
12.00 Hádegisútvarp	20.30 Húsgögnin hans Nóa
12.20 Hádegisfréttir	21.15 Í grænni lautu
12.45 Veðurfregni	21.55 Orð kvöldsins
13.00 Bókmenntir og landafræði	22.15 Leitinn að eldsneytinu
14.00 Ljóðabókin syngur	23.00 Andrarímur
15.00 Kampavín og kaloríur	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.10 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöða	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

10:30 Hollyoaks (6:260)

10:50 Hollyoaks (7:260)

11:10 Hollyoaks (8:260)

11:30 Hollyoaks (9:260)

11:50 Hollyoaks (10:260)

17:15 Most Shocking Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er meðal annars fylgst með lögreglunni á þeirra mestu hættustundum og það er einn gott að halda sér fast. 2006.

18:00 The George Lopez Show (6:22) (e)

18:30 Fréttir

19:00 Bestu Strákarnir (20:50) (e)

19:25 Arrested Development 3 Óborg-anlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum Bandaríkjanna. 2005.

19:50 The Will Spennandi raunveruleikaþáttur þar sem ættingjar milljónamæringsmanns Bills Long keppa um erfðarréttinn á stóru býli. Í hverri viku keppa ættingjarnir og í lok þáttarins er einn sendur heim. 2005.

20:30 E-Ring (5:22) Spennuþáttur úr smíðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.

21:15 Filthy Rich Cattle Drive (8:8) (e)

22:00 So You Think You Can Dance (22:23) Nú er úrslitastundin á næstu grös-um en þetta er síðasti séns fyrir keppend-urna til að heilla áhorfendurna. 2007.

► **22:55 So You Think You Can Dance** (23:23) Nú er komið að úrslitastundinni. Hver verður næsta dansstjarna Bandaríkjanna? 2007.

23:55 Stelpurnar (3:10)

00:20 Smallville (8:22) (e)

01:05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Cutting It **13.00** Boss Women **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who Confidential **15.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Days that Shook the World **18.00** Great Railway Journeys of the World **19.00** Paparazzi **20.00** Phobias **21.00** The Ship **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Days that Shook the World **0.00** Great Railway Journeys of the World **1.00** The Ship **2.00** Paparazzi **3.00** A Place in France **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** TikkaBilla **5.00** Little Robots **5.10** Binka **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

12.00 Gudstjeneste í DR Kirken **12.45** Med slør og høje hæle **13.15** Sejlsport: Danish Open i Matchrace **13.45** HåndboldSøndag: Slagelse - KIF **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Mr. Bean **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Socialdemokraterne **17.30** Uventet besøg **18.00** DR1 Dokumentaren - Kvinden med aberne **19.00** 21 Søndag **19.40** SøndagsSporten **20.05** Manderlay **22.20** Hoök

NRK1

11.35 På leir med Jesus **13.00** Jan Kjaerstad - rom- anen er kongel **14.00** Jessye Norman **15.30** Åpen himmel **16.00** Lykketenner og bestevenner **16.25** Wummi **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Kvitt eller dobbelt **19.05** Kongens ridder **21.15** Kveldsnytt **21.30** Snarveien gjennom isen **22.20** NM-rally: Rally Larvik **22.50** Øka med Jon Stewart **23.15** Larry Sanders-show

SVT 1

11.55 Kungsträdgården **12.55** I love språk **13.55** Världen **14.55** Kvinnor i Östafrika **15.25** Dr. John **15.55** Anslagstavlan **16.00** Fem myror är fler än fyra elefanter **16.30** Draken **17.00** Djurgalen **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn - castingen **18.30** Sportspegeln **19.15** Agenda **20.10** Den perfekta skilsmässan **20.40** Vetenskap - Lev längre **21.10** Rapport **21.20** Kobra intervju **21.50** Sex med Victor **22.20** Stephen Fry - mitt liv som manodepressiv **4.00** Gomorron Sverige

FL GROUP KYNIR GARÐAR THÖR CORTES Á STÖRTÓNLEIKUM

"The voice of Power!" NEWSWEEK
 "Sensational" BBC RADIO 2
 "The spirit of Power!" EVENING TIMES
 "Hot property" CLASSIC FM MAGAZINE
 "Young Power!" DAILY POST
 "Breakfasting" CLASSIC TMTV
 "I told you for now good!"
 KATHERINE STAZZI

GARÐAR THÖR CORTES Í LONDON
 THE BARBICAN CENTRE
 MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 26. SEPTEMBER
 SÉRSTAKUR GESTUR: DIDDÚ
 STJÓRNANDI: GARÐAR CORTES
 ICELAND EXPRESS BYÐUR ISLENDINGUM
 EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ SJÁ GARÐAR THÖR Á STÖRTÓNLEIKUM Í LONDON
 BÓKAÐU MIÐA STRAX Á EXPRESSFERDIR.IS
 METSÓLUPLATAN CORTES ER FÁANLEG Í ÖLLUM PLOTUVERSLUNUM

believer
 TONVIS?
 Iceland Express

LÆRDÓMUR VIKUNNAR



„Ég skil fólk sem tekur það nærri sér að það sé verið að nota þetta til að selja vöru. Þetta er ein merkasta stundin í kristinni trú, hátíðleg og dramatísk. Mér fannst auglýsingin samt rosalega flott og vel unnin. Ég er alveg trúuð, en finnst persónulega mikilvægt að hafa húmor fyrir hlutunum.“

Greta Mjöll Samuëlsdóttir, knattspyrnukona, um símauglýsinguna.

HIN HLIÐIN ÞÓRIR SÆMUNDSSON LEIKARI

Leikarinn grætur yfir Little Britain

Hvað er að fréttu? Allt ljómandi gott. Ég er fluttur heim eftir ellefu ár í útlöndum og byrjaður að vinna í Þjóðleikhúsinu. Er að leita mér að íbúð og er búinn að kaupa mér bíl, svo það er allt að gerast.

Augnlitur: Það er bara blár.

Starf: Leikari.

Fjölskylduhagir: Ég er einhleypur, singúll.

Hvaðan ertu? Ég er úr Hafnarfirði og Grímsey. Og kannski einn fjórði Norðmaður eftir ellefu ár úti.

Ertu hjátrúarfullur? Það fer bara eftir skapi. Ég passa mig samt á að segja ekki Macbeth innandyra í leikhúsi.

Uppáhaldssjónvarpsátturinn: Ég held ég segi Seinfeld, Six Feet Under og Sopranos.

Uppáhaldsmatur: Grillaður humar og kjötsúpan hennar Gússu minnar.

Fallegasti staðurinn: Það eru svo margir á þessu blessaða landi. Við skulum segja Grímsey.

iPod eða geislaspilari: iPod svona á leiðinni í vinnuna, en

geislaspilari um helgar.

Hvað er skemmtilegast? Djamm, góðar menningarupplifanir, að lenda á séns, fótbolli, og að hafa rétt fyrir sér.

Hvað er leiðinlegast? Ábyrgðin sem fylgir því að vera fullorðinn.

Helsti veikleiki: Ég myndi segja sjálfumgleði, kannski, og svo er ég mikill egóisti á köflum.

Helsti kostur: Aðrir verða að fá að dæma um það.

Helsta afrek: Þegar ég komst inn í norska leiklistarskólann. Að vera átján ára útlendingur og komast inn í átta manna hóp úr 650 manna úrtaki var helvíti svalt.


Mestu vonbrigðin: Landsbankadeildin.

Hver er draumurinn? Að vera heilsteyptur karakter.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Matt Lucas í Little Britain. Ég græt þegar ég horfi á hann.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Umferðin. Og fólk sem hefur peninga að áhugamáli.

Hvað er mikilvægast? Að vera samviskusamur, góður og metnaðarfullur.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil spennan hefur myndast fyrir spurningakeppni sveitarfélaganna sem háð verður á RÚV. Og verður ekki síst spennandi að sjá hvort Reykjanesbær og Akranes mætist á miðri leið eftir leikinn fræga. En nú hefur verið dregið í fyrsta bardagann og þykir næsta víst að þar mætist stálin stinn. Kópavogur og Hveragerði ríða nefnilega á vaðið en þar munu gamanleikarinn Örn Arnason og Íslandsmeistaramesturinn Fjölni Þorgeirsson berjast til síðasta manns fyrir sitt bæjarfélag, Örn fyrir Kópavog en Fjölnir fyrir Hveragerði.

Tilkynnt hefur verið hvaða nafn hinn leyndardómsfulli en ákaflega glæsilegi laugardagsþáttur RÚV mun bera. Húmorinn virðist vera hafður að leiðarljósi í Efstaleitinu því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann verið skírður **Laugardagslögin** með augljóstri tilvisan í Laugardalslauginu. Ekki hefur enn verið greint frá því hverjir verði stjórnendur þáttarinn en eins og Fréttablaðið hefur greint frá koma þeir að öllum líkindum úr röðum Kastljóssins.

Og lagahöfundarnir sem keppast um að komast í Eurovision-keppni sjónvarpsstöðvanna eru komnir á kreik. **Dr. Gunn** er þegar kominn í upptökuver með Vigní Snae Vigfússyni og herma heimildir Fréttablaðsins að það verði **Heiða Eiríksdóttir**, útvarpskonan góðkunnna og fyrrum liðsfélagi doktorsins í Unun, sem syngi eitt laganna. Má því reikna með sjálfstæðu framhaldi af Eurovision-slagaranum Ég og heilinn minn. - fgg



STEINAR JÓNSSON Athafnamaðurinn Steinar Jónsson á vespunni sinni sem er honum bráðnaðsynleg þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

STEINAR JÓNSSON: UNDIRBÝR SÖNGLEIK OG KEMUR UNGU FÓLKI Á FRAMFÆRI

Fimmtán ára athafnamaður á vespu

Söngleikur, byggður á bandarísku söngvamyndinni High School Musical, sem kom út á síðasta ári, er í undirbúningi hér á landi. Á bak við verkefnið stendur athafnamaðurinn Steinar Jónsson og nýtur hann aðstoðar félaga sinna Hrafnskels Flóka Einarssonar og Jóhanns Elís Kristjánssonar.

Steinar segir að einungis krakkar undir tvítugu komi að verkefninu. „Það verða allir undir tvítugu, sama hvaða hlutverk þeir hafa, hvort þeir séu tæknimenn, leikarar, tónlistarmenn eða hvað sem er. Þetta er gert til að koma ungu fólki

á framfæri,“ segir Steinar, sem er sjálfur aðeins fimmtán ára og er nemandi í Korpuskóla í Grafarvogi.

Steinar fékk hugmyndina að verkefninu þegar ekkert gekk hjá honum að koma fyrrum hljómsveit sinni Cappybara á framfæri. „Þrátt fyrir að pabbi gítarleikarans sé Einar Örn í Sykurmólunum var það samt ekki fræðilegur möguleiki og að komast í Kastljósið var virkilega „tricky“. Þá hugsaði ég hvernig ungir tónlistarmenn gætu fundið leið til að koma sér á framfæri. Meginhugmyndin er að það

sé samvinna í þessu þannig að hægt sé að sýna hvað ungir athafnamenn geta gert,“ segir hann.

Steinar ætlar að leikstýra söngleiknum sjálfur og vonast til að frumsýna hann næsta vor. Hann hefur undanfarin ár unnið við hin ýmsu tónlistarmyndbönd og stuttmyndir og treystir sér því fyllilega í leikstjórnastólinum.

Auk þess að undirbúa þennan nýja söngleik er Steinar nýbyrjaður sem umboðsmaður fyrir hina ýmsu rappara og þeysist um á forlata vespu til að sinna því starfi,

enda enn langt í að hann fái bílpróf. Skjólstæðingar hans eru yfir tíu talsins og þrátt fyrir að sumir í bransanum eigi erfitt með að taka hann alvarlega vegna ungs aldurs á það vafalítið eftir að breytast fljótt.

Eins og gefur að skilja er Steinar upptekinn maður en hann kvartar ekki. „Skjuplagið hjá mér er þannig að í skólanum vinnur maður og þegar hann er búinn fer maður í hitt.

Maður þarf að vera frekar duglegur til að ná þessu öllu,“ jatar hann.

frey@frettabladid.is

www.euruni.edu

Tuesday 11th September at 17:00

Do your **BBA / MBA** Information Session

Hótel Radisson SAS Saga V/Hagatorg 1s-107 Reykjavík

In Barcelona

- ✓ Small classes - All courses taught in English
- ✓ Top professors
- ✓ Excellent mix of theory and practice
- ✓ 4 starting dates per year
- ✓ International environment
- ✓ Transfer opportunities between our campuses in

Barcelona | Montreux | Geneva | Munich | Lisbon | Athens | Malta | Kazakhstan | Singapore | Damascus | London | St. Petersburg

eu european university CENTER FOR MANAGEMENT STUDIES

SANDOKER 70, 08021 BARCELONA - TEL: +34 93 201 81 71 - INFO.BCN@EURUNI.EDU

Guðlaug kveður leiklistina

„Það hefur svo sem aldrei verið neitt launungarmál hjá mér að ég ætlaði mér aldrei að verða leikkona,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir sem sótti nýverið um starf upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins. Guðlaug var þar í hópi reyndra fjölmiðlamanna og stjórnmálafræðinga en enn hefur ekki verið tilkynnt um hver hljóti starfið.

Guðlaug hefur verið áberandi í leiklistinni og á hún sinn þátt í vinsældum gamanþáttarinn Stjarnar þar sem hún hefur farið á kostum í kostulegum gervum. Hún hefur hins vegar lagt skondnar persónur til hlíðar því nú er allt kapp lagt á að ljúka við mastersnám í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands eftir viðkomu í Bifröst. „Þetta hefur bara einfaldlega alltaf blundað í mér og það má kannski segja sem svo að ég sé að fara láta drauma mína rætast,“ útskýrir Guðlaug og er þess fullviss um að reynsla hennar sem leikkona eigi eftir að nýtast henni á þeim vettvangi. „Auðvitað nýtist öll reynsla manni, sama hver er hún, en leiklistin hefur slípað mig til hvað samskipti varðar.“

Leikkonan er þó pollróleg yfir starfinu í utanríkisráðuneytinu og segist anda með nefinu en viðurkennir að þetta væri auðvitað mjög spennandi og krefjandi vettvangur. „Ég er viss um að þetta vikki



STEFNIR AF SVIÐINU Guðlaug Elísabet er sest á skólabeck og ætlar að klára mastersnám í Alþjóðasamskiptum.

út sjóndeildarhringinn og maður verður að vera umburðarlyndur og glaður enda er utanríkisráðuneytið fyrst og fremst þjónustumiðstöð á alþjóðlegum vettvangi,“ segir Guðlaug. Og ef allt gengur að óskum er því allt lítil fyrir að leikkonan hafi stigið sín síðustu skref á sviðinu. „En við skulum nú forðast allar slíkar yfirlýsingar,“ segir hún.

Kraftmikill haustdagsskrá



World Class
opnar í
Mosfellsbæ

8 vikna námskeið
hefst 5. september

KONUR ÁTAK KARLAR ÁTAK PEAK PILATES

- 1. og 2. stig
- takmarkaður fjöldi

MÖMMUTÍMI

- Nýbakaðar mæður með börnin með

ROPE YOGA

- takmarkaður fjöldi

JÓGA á meðgöngu

- takmarkaður fjöldi

HERÞJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

12 vikna námskeið
hefst 10. september

LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ

- Fyrir konur
- **12 vikna námskeið** í World Class Laugum, Spöng, Mosfellsbæ og Húsi Orkuveitunnar. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ eftir Dr. Pamelu Peeke höfð til hliðsjónar.
- **Innifalið:** Hvatningarfyrirlestrar, næringarráðgjöf, kennsla á tæki, mælingar, aðhald, næringarfyrirlestur og heilsumappa. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ á sértilboði fyrir þátttakendur á námskeiðinu.

Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug (frá 01.10.07), tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.

SPORTSKÓLI WORLD CLASS

Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára. Farið verður með börnunum í fjölbreytta og skemmtilega leiki þar sem hreyfigeta þeirra er örvuð. Þetta er frábært tækifæri fyrir börn til að fá holla hreyfingu, þroskast og dafna.

DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS

Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Break, Freestyle og barnadansar.
Athugið að World Class er aðili að Frístundakorti ÍTR.

SHOKK **NÝTT**

Heilsurækt fyrir börn og unglunga, 8 til 15 ára.
Spennandi og skemmtileg hreystinámskeið.
Athugið að World Class er aðili að Frístundakorti ÍTR.

Skráning í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 3. september sjá www.worldclass.is

World Class
ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - í húsi Orkuveitunnar s.562 6200
Vármá í Mosfellsbæ s. 566 7888

www.worldclass.is



BAKPANKAR

Jóns Arnars Marinóssonar

Billjónsdagbók 9.9.2007

OMXI15 var 8.278,50, þegar ég sá í Mogganum að topparnir hjá Þeirrabanka voru með 797 milljónir hvor í árstekjur í fyrra, og Nasdaq var 2.605,95 þegar ég hafði sagt „sjö hundruð...“ og rúnnstykki með kavíar sat fast í kverkunum á mér. Ég var helblár þegar Elzbieta heyrði loks í mér hryglurnar og æddi inn með skelfingarsvip.

„NIE panikuj! Nie panikuj!“ skrækti þessi óborganlega pólska hjálparhella, sem kostar varla nokkurn skapaðan hlut, og sló þvílíkt bylmingshögg á milli herðablaðanna á mér að brauðtappinn ásamt kavíar þeyttist þvert yfir morgunverðarborðið og flattist út á Løðvíks fjórtánda skenkinum sem ég keypti fyrir 820.000 evrur í París í fyrra vor. – „...núfútu og sjö milljónir,“ stundi ég á innsoginu um leið og ég náði andanum á nýjan leik. Þetta var ótrúlegt. Ég græddi 750 milljónir á hlutabréfum í Sjálfsmínbanka um daginn – en 800 milljónir í venjuleg árslaun! Hvernig fara menn að þessu!?

HAFÐI samband við forsetaskrifstofuna eftir hádegi og spurði hvort viðkomandi væri tilbúinn við þó fánd plessjör and ex ætment að koma með skærin og klippa á borða þegar Sjálfsmínbanki opnar nýja starfsstöð á Raufarhöfn næsta miðvikudag. Kona í símanum spurði hvort yrðu þarna einhver stórmenni sem hugsuðu um umhverfismál, hungursneyð í þriðja heiminum og hefðu grætt milljarð punda á einum degi. Ég sagði að fyrir utan staurblankan sveitarstjóra og gamlan frystihússtjóra, sem væri á atvinnuleysisbótum, yrði ég að sjálfsgöðu á staðnum. Ég hefði grætt 750 milljónir á tveimur dögum og væri farinn að hugsa heilmikið um umhverfið. Ég hefði barasta ekki komist í það ennþá vegna anna í útrásinni að hugsa um hungursneyðina.

ÉG heyrði óljóst að konan talaði við einhvern hjá sér. Síðan kom hún aftur í símann og sagði „því miður“; forsetinn yrði upptekinn þennan dag í Mónakó þar sem hann ætti að opna hressingarheimili fyrir evrópska stofnfjárfesta. En hann myndi örugglega senda íbúum á Raufarhöfn heillaóskaskeyti. Og að sjálfsgöðu væri forsetanum mikill heiður að koma með skærin þegar Sjálfsmínbanki opnar starfsstöð í Genf á næsta ári – ef ég væri búinn þá að fá þotuna. Amen – eða... Símen – eins og Jón Gnarr mundi segja.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 9. sept., 252. dagur ársins 2007.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 6.32	13.25	20.17
Akureyri 6.13	13.10	20.05

Heimild: Almanak Háskólans

www.icelandexpress.com/barcelona

Barcelona Himnasending fyrir ferðaglaða Íslendinga



Nýir og hlýir straumar Iceland Express

Við sendum ferðaglöðum Íslendingum hlýja strauma fyrir veturinn og bjóðum fjölda flugsæta á frábæru verði til Barcelona sem er nýr áfangastaður Iceland Express.

Dásamlegt veður, Las Ramblas, Sagrada Familia, Picasso, MACBA-nýlistasafnið, Nou Camp, paellur og tapas í Barcelona – og Iceland Express kemur þér á staðinn!

Tryggðu þér flugmiða á hagstæðu verði til Barcelona, því fyrr sem þú bókar, því betra verð!

Aðventuferð til Barcelona
30. nóvember–3. desember
Verð á mann í tvíbýli
59.900 kr.
Express Ferðir

VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.
Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskipt af verði fyrir skatta og gjöld.

www.icelandexpress.is

Iceland Express